# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

290. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 9. DESEMBER 2017




# Skilja oft í viku

**Unnur Ösp Stefánsdóttir** og **Björn Thors** afhjúpa sig í verkinu Brot úr hjónabandi þar sem mörkin milli einkalífs og listar eru óljós. Á árinu eignuðust þau tvíbura og Unnur hélt að leikferli hennar væri lokið. → 24

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



## Stuðningurinn skiptir máli

Jökull í Kaleo, Arnar í Mammút og mæður þeirra. → 32



## Vinnustaðir fangelsa

Fjölbreytt störf í boði og fangarnir vilja hærri laun. → 28



## Stelpur sem læra iðn

Næg atvinnutækifæri. í boði eftir nám. → 36

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015avww










## Veður




Norðvestan 8-15 m/s austan til á landinu í dag, en hægari vindur um landið vestanvert. Skýjað og úrkomulítið um landið norðaustanvert, en léttir til í öðrum landshlutum. SJÁ SÍÐU 54

## Segja hlutverkin ósamrýmanleg

**VELFERÐARMÁL** Barnaverndarnefnd Kópavogs telur að Barnaverndarstofa hafi sinnt eftirlitshlutverki sínu vel. Engu að síður sé það andstætt góðri stjórnsýslu að Barnaverndarstofa gegni tvíþættu hlutverki; annars vegar leiðbeinandi hlutverki fyrir barnaverndarstarf í landinu og rekstri úrræða og hins vegar eftirliti með starfi barnaverndarnefnda. Þetta var bókað á fundi nefndarinnar í gær. Nefndin tekur þannig undir sjónarmið fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd sem hafa ályktað að aðskilja beri þessi tvö meginhlutverk. – **jhh**



Styrkurinn afhentur í gær.

## Gáfu milljón til kvennaathvarfs

**TRÚFÉLÖG** Kvennaathvarfið fékk í gær eina milljón króna í styrk frá trúfélaginu Zuism. „Styrkurinn er hluti af þeirri upphæð meðlima Zuism sem völdu að láta sóknargjöld sín renna til góðra málefna,“ segir í tilkynningu frá almannatengli félagsins.

„Þessi styrkur mun fara í að bæta lífsgæði þeirra kvenna sem hingað leita og auka sérfræðiþjónustu sem er mjög mikilvægt,“ er haft eftir Sigþrúði Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins.

Áður hefur Zuism styrkt Barnaspítala Hringsins um 1,1 milljón og UNICEF um 300 þúsund krónur. – **gar**

## Fögur er hlíðin



Litadýrðin á hitaveitutönkum Orkuveitunnar í Öskjuhlíð lætur engan ósnortinn sem hana augum lítur. Hún og jólaljósin sem sjá má hvarvetna um borgina ylja fólki í svartasta skammdeginu. Í dag er 9. desember og einungis tólf dagar þar til daginn tekur að lengja á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Látinn eftir árás á Austurvelli

**LÖGREGLUMÁL** Annar mannanna sem voru stungnir með hnífi á Austurvelli um síðustu helgi er látinn.

Karlmaður á þrítugsaldri situr í gæsluvarðhaldi grunaður um að bera ábyrgð á verknaðinum. Lögregla segir að rannsókn málsins miði vel. Hinn maðurinn, sem var stunginn með hnífi á sama stað og var sömuleiðis fluttur slasaður á bráðamóttökuna, hefur verið útskrifaður af Landspítalanum.

Fréttablaðið hefur greint frá því að vitni gátu gefið lýsingu sem leiddi til handtöku hins grunaða í Garðabæ nokkrum stundum eftir að árásin var gerð.

Stuðst hefur verið við myndbandsupptökur við rannsókn málsins en lögreglan hefur beinan aðgang að myndavélum á Austurvelli. Þá hefur einnig verið stuðst við upptökur úr myndavélum veitingastaða á svæðinu. – **jhh**

# Kanínubóndinn víkur fyrir nýju gróðurhúsi

**Reykjavíkurborg hefur veitt vilyrði fyrir 12 þúsund fermetra lóð undir gróðurhús. Lóðin nær út fyrir Skálará, þar sem Jón Þorgeir Ragnarsson hefur fóðrað kanínur um árabil. Hann telur að kanínurnar séu orðnar um eitt hundrað.**

**SKIPULAG** „Ég ætla bara að láta hrekja mig í burtu,“ segir Jón Þorgeir Ragnarsson, íbúi á Skálará við Vatnsveituveg í Elliðaárdal. Reykjavíkurborg veitti fyrir helgi vilyrði til fyrirtækisins Spor í sandinn fyrir lóð undir stórt gróðurhús í Elliðaárdalnum. Um er að ræða 12.500 fermetra lóð en á henni stendur til að byggja 12 til 13 metra há mannvirki.

Lóðin sem um ræðir, eins og hún birtist í gögnum umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar, nær yfir Skálará. Ef áformin verða að veruleika virðist ljóst að Jón Þorgeir þarf að víkja, en hann hefur um árabil fóðrað kanínur, endur og gæsir við húsið.

Jón hafði skömmu áður en Fréttablaðið ræddi við hann haft veður af þessari ákvörðun. „Þeir ætla að byggja gróðurhús þar sem gróðurinn er,“ segir hann hneykslaður. Hann segir að framkvæmdirnar muni hrekja í burtu allt fuglalíf á svæðinu og muni eyða mýrinni, sem sé undirstaða fuglalífs á svæðinu.

Jón segir að Reykjavíkurborg eigi lóðina sem húsið stendur á, eins og húsið sjálft. Hann leigir húsið af borginni. Í samtali við Fréttablaðið segir Jón Þorgeir að honum hafi ekki verið tilkynnt um ákvörðunina, þó að hann hafi búið þarna í 30 ár. „Ég sagði við bróður minn, þegar hann sagði mér þetta í morgun, að ég nennti ekki að pæla í þessu. En svo er ég ekki búinn að hugsa um neitt annað síðan,“ segir hann.

Jón Þorgeir segir að margir leggi leið sína á svæðið til að fylgjast með dýrunum eða gefa þeim að éta. Langflestir séu yndislegt fólk sem komi þarna með börnin sín. Hann hafi þó oft orðið vitni að hrottaskap í garð dýranna.

Hann segist gefa dýrunum um það bil eitt tonn af mat á viku en telur fram að skepnurnar séu ekki háðar honum á neinn hátt. Þeim vegni vel þegar hann fer í frí. Þær eigi sig sjálfar og hann hafi ekki flutt þangað eina einustu kanínu. „Dýrin bjarga sér sjálf. Þau eiga sig sjálf,“ segir hann. Aðspurður segist hann telja að kanínurnar séu um eitt hundrað talsins. **baldurg@frettabladid.is**



Margir leggja leið sína að Skálará í Elliðaárdal til að berja kanínur og fugla augum. Til stendur að nýta lóðina undir annað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

> Ég sagði við bróður minn, þegar hann sagði mér þetta í morgun, að ég nennti ekki að pæla í þessu. En svo er ég ekki búinn að hugsa um neitt annað síðan.
>
> Jón Þorgeir Ragnarsson, íbúi á Skálará í Elliðaárdal



Kringlan 30 ára

## NJÓTTU AÐVENTUNNAR

# JÓLAGAMAN



**Við bjóðum þér inn í hlýjuna** þar sem þú getur undirbúið jólin og notið jólalegrar skemmtidagskrár sem er full af fjöri og glaðningum.

Boðið verður upp á myndatöku með jólasveini báða dagana og hressir sveinar verða á ferðinni, ilmandi kaffi frá Kaffitári og piparkökur með.

## SPENNANDI DAGSKRÁ UM HELGINA

### LAUGARDAGUR

| | |
|---|---|
| Kl. 14.00 | Skoppa og Skrítla skemmta ásamt gestum úr jólasýningu þeirra |
| Kl. 14–16 | Myndataka með jólasveini á Bíógangi |
| Kl. 16.00 | Jónas Þórir og Matthías leika ljúfa tóna |

### SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| Kl. 14.00 | Jólabingó Kringlunnar og Hagkaups |
| Kl. 14–16 | Myndataka með jólasveini á Bíógangi |

Bingóstjóri er hinn eini og sanni Íþróttaálfur. Þátttaka er ókeypis á meðan spjöld endast og vinningar eru ekki af verri endanum; Hagkaup gefur glæsilega jólamatarkörfu, LEGO-pakka, STIGA-sleða og jólasælgæti. Þar að auki verður hægt að vinna vegleg gjafakort frá Kringlunni.

HAGKAUP

Pipar\TBWA \ SÍA

LAUGARDAGUR
**10 – 18**

SUNNUDAGUR
**13 – 18**



kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

**VIKAN** 03.12.2017 TIL 09.12.2017

**20** prósenta samdráttur hefur orðið í sykurneyslu frá áramótum.

**1,5** milljarðar er upphæðin sem IKEA seldi veitingar fyrir á síðasta rekstrarári.

**26,1** prósent launþega á Íslandi vann vaktavinnu í fyrra. Er það níunda hæsta hlutfallið í Evrópu og 7,6 prósentustigum yfir meðaltali Evrópusambandsríkjanna.



**79** prósent barnabóka sem koma út fyrir jólin eru prentuð erlendis.

**180** tonn af jarðarberjum voru flutt til landsins í júní, samanborið við 53 tonn í fyrra. Íslenskir bændur framleiða um það bil 50 tonn af jarðarberjum á ári. Þeir þurftu að fleygja nokkrum tonnum í sumar.

**45** alþjóðleg verðlaun hefur kvikmyndin Hjartasteinn hlotið, auk níu Edduverðlauna í febrúar á þessu ári.

## Þrjú í fréttum
## Dómarar, mótmæli og heimsmeistari

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir**
*nýr formaður Dómarafélags Íslands*



kvaðst sammála því að ómögulegt væri að dómskerfið svaraði ekki málefnalegri gagnrýni. Hún sagði að kannski hefðu dómarar verið of ragir við að taka virkan þátt í hinni almennu umræðu. Í Danmörku væri til dæmis dómari sem bloggaði um dómarastarfið.

**Björn Þorri Viktorsson**
*lögmaður*



sagði það ekki hafa verið mistök að beita lýðræðislegum og stjórnarskrárvörðum réttindum til að mótmæla og tjá hug sinn vegna mótmæla fyrir utan heimili Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur vorið 2010. Steinunn var þá þingmaður Samfylkingarinnar og var mótmælt vegna styrkja sem hún þáði 2006 og 2007. Björn Þorri var einn þeirra sem þátt tóku í mótmælunum.

**Róbert Ísak Jónsson**
*sundmaður*



varð heimsmeistari í 200 m fjórsundi í flokki S 14 á heimsmeistaramóti fatlaðra í sundi í Mexíkóborg. Þetta eru önnur verðlaun Róberts á HM. Hann vann silfur í 100 m bringusundi. Thelma Björg Björnsdóttir og Sonja Sigurðardóttir hafa unnið bronsverðlaun.

# Átján milljörðum króna varið í snjóflóðavarnir síðustu 20 árin

**Tekið hefur meira en 20 ár að byggja upp snjóflóðavarnargarða við byggðarlög. Upphaflega stóð til að verkinu lyki 2010. Átján milljörðum hefur verið varið í snjóflóðavarnir frá 1996. Snjóflóðavarnargarðurinn á Flateyri sannaði gildi sitt í nóvember þegar stórt snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili og lenti á ytri garðinum.**



Varnargarður var reistur á Ísafirði árið 2015. Slíkir varnargarðar hafa heldur betur sannað gildi sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er langtíma verkefni og hefur tekið meira en 20 ár,“ segir Tómas Jóhannesson, fagstjóri á sviði jöklafræði hjá Veðurstofu Íslands.“

Árið 1996 var hafist handa við að reisa varnarvirki við byggðarlög til að verja þau fyrir ofanflóðum. Síðan þá hefur 18 milljörðum verið varið í verkefnið.

Tómas segir að verkefnið hafi verið framlengt til ársins 2020, en líklegt sé að það muni taka enn lengri tíma. Það þykir þó líklegt að hægt sé að ljúka því innan fárra ára. „Markmið þessa verkefnis er að verja öll sérsvæði í þéttbýli, að það verði hvergi bæjarhverfi, á þeim stöðum þar sem hættan var talin mest, í hættu fyrir ofanflóði.“

Snjóflóðavarnargarðurinn á Flateyri sannaði gildi sitt í lok nóvember þegar stórt snjóflóð féll úr Innra-Bæjargili og lenti á væng ytri garðsins.

„Ofanflóð eru lang mannskæðasta náttúruváin sem við glímum við hér á landi og það verkefni að verja byggðarlög fyrir því hefur sett í forgang á sínum tíma og menn vilja eindregið að það verði klárað.“

Tómas segir að ferlið frá því að hættan sé metin þangað til að varnargarður sé reistur sé langt. Þetta getið jafnvel tekið mörg ár.

„Þetta eru umfangsmiklar framkvæmdir, það verður mikið rask og það þarf að fara mjög varlega og hugsa um að þarna er verið að móta útivistarsvæði fyrir fólk til langs tíma.“

Verið er að prófa nýja útfærslu af ofanflóðavörn á Patreksfirði sem ekki hefur verið reist áður til að verja byggð á Íslandi að sögn Tómasar. „Um er að ræða svokallaðar snjósöfnunargrindur. Þær draga úr snjósöfnun fyrir neðan fjallsbrúnina en grindurnar eru reistar uppi á fjallinu. Þær safna snjónum þannig að hann staðnæmist þar og berst ekki í skafrenningi fram af brúninni.“

Grindurnar koma ekki í stað varnargarða, þær eru hluti af stærri varnaraðgerðum á Patreksfirði. Grindurnar eru hugsaðar til að draga úr tíðni snjóflóða á þessu svæði, en aðalvörnin mun verða varnargarður.

Óliver Hilmarsson, sérfræðingur á snjóflóðavakt Veðurstofu Íslands, sá ummerkin af snjóflóðinu sem féll á varnargarðinn við Flateyri í lok nóvember.

„Það féllu tvö snjóflóð á þessum tíma, eitt á varnargarðinn og annað innan við bæinn á veg þar. Það má ekki vanmeta eyðileggingarkraftinn í svona löguðu, það fylgdu þessu svokölluð flóðagrjót. Það er algengt að flóðin rífi með sér heilu björgin og þarna voru stærstu flóðasteinarnir um það bil 1,5 metrar, grettistak sem maður loftar ekkert.“

Óliver segir að varnargarðurinn á Flateyri hafi sannað gildi sitt. „Það hafa fallið yfir tíu flóð frá því að hann var byggður og einhver fleiri hafa fallið meðfram honum. Það hefði þurft að rýma á Flateyri ef hann væri ekki til staðar en það þurfti ekki að hugsa um það þar sem þorpið er varið.“ **aroningi@frettabladid.is**


**JÓLADAGAR ÍS-BAND - RÝMUM TIL!**




**BJÓÐUM ÚRVAL AF FIAT, JEEP, DODGE OG FIAT ATVINNUBÍLUM Á TILBOÐSVERÐI. KOMDU OG REYNSLUAKTU.**
**OPIÐ Í DAG LAUGARDAG FRÁ 12-16.**

Tilboðin gilda til 31. desember

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
**21:00**
**SKÚTUVOGI**
Alla daga
til jóla

*Jólaveisla*

# TAX FREE

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## Inniseríur, gervijólatré, jólaskraut á jólatréð og allar borvélar



**Jóla-hlaðborð** í Skútuvogi

**Jóla-landið** í Skútuvogi hefur glatt börn og fullorðna í áratugi

**Jóla-sveinar** skemmta, laugardag kl. 15-16 í Skútuvogi og á Akureyri kl. 15-16.

**Jólahlaðborð Húsasmiðjunnar í Skútuvogi**

KAFFI GARÐUR

Verð aðeins **2.480** kr.
Börn yngri en 10 ára **990** kr.
17-20 virka daga, 13-19 um helgar



**Íslensk stafafura**
150-200 cm

Gildir til 10. desember
**6.990**kr.
~~8.990~~kr.
Takmarkað magn

Beint frá bónda.
Sérræktuð jólatré fyrir Blómaval.

*Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman*

husa.is

Árni Stefán Leifsson



*Þvagfæraskurðlæknir*
Sinnir stofurekstri í Læknahúsinu, Domus Medica, 6. hæð.

*Tímapantarnir í s: 563 1060 eða á www.þvagfæraskurðlæknir.is*

Jólaskeiðin 2017




Verslun Guðlaugs A. Magnússonar
Skólavörðustíg 10 | S. 562 5222
www.gam.is

LAUFABRAUÐ
eftir norðlenskri uppskrift




BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 -17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

PRENTUN.IS


# Óttast að Aflið gleymist í asa við fjárlagagerðina

**Verkefnastjóri Aflsins á Akureyri óttast að samtökin gleymist við gerð fjárlaga. Samtökunum hefur á síðustu tvennum fjárlögum verið bjargað fyrir horn í lok fjárlagagerðar. Nýr velferðarráðherra segir mikilvægt að hlúa að þessum málum.**

**AKUREYRI** Líklegt er að í ár nýti metfjöldi einstaklinga sér þjónustu Aflsins á Akureyri, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi. Skjólstæðingum hefur stöðugt fjölgað frá árinu 2011. Verkefnastjóri Aflsins er hræddur um að félagið gleymist í hasarnum við fjárlagagerð nýrrar ríkisstjórnar.

„Við erum örlítið á varðbergi núna. Síðustu tvö árin höfum við fengið framlög frá ríkinu. Hins vegar hefur því verið háttað þannig að okkur hefur verið ýtt yfir línuna í blálokin á fjárlagagerðinni. Nú er komin ný ríkisstjórn sem vinnur hlutina í miklum flýti og því óttumst við það versta en vonum að við gleymumst ekki í hasarnum,“ segir Hjalti Ómar Ágústsson, verkefnastjóri Aflsins. „Við vitum ekki á þessari stundu hvort við fáum framlög á næsta ári og því erum við að leita að fjármagni til að reka okkur. Það er mjög erfitt að vera í svona óvissu þegar áramót eru handan við hornið.“

Starfsemi Aflsins byggir á einkaviðtölum, hópavinnu og forvörnum. Hjalti segir fjölda skjólstæðinga Aflsins sýna vel hversu mikil þörf sé fyrir Aflið. „Hópurinn sem leitar til okkar stækkar sífellt. Við ræddum við fyrrverandi velferðarráðherra áður en stjórnin sprakk og vonandi er hægt að taka upp samtalið við Ásmund Einar eftir áramót,“ segir Hjalti Ómar.

„Ég man eftir þessu máli frá því ég var í fjárlagavinnunni. Ég er enn að setja mig inn í málaflokkana en ég get með vissu sagt að ég hugsa hlýlega til starfsemi Aflsins á Akureyri. Við þurfum síðan að skoða betur á næstu dögum hvernig unnið verður úr stöðunni,“ segir Ásmundur Einar Daðason, nýr ráðherra velferðarmála. **sveinn@frettabladid.is**



Hjalti Ómar Ágústsson, verkefnastjóri Aflsins.

**Fjöldi viðtala Aflsins síðustu ár**

| | |
|---|---|
| 2011 | 685 |
| 2012 | 748 |
| 2013 | 803 |
| 2014 | 980 |
| 2015 | 1.309 |
| 2016 | 1.217 |
| 2017 | áætlaður yfir 1.330 |

**Við þurfum að skoða betur á næstu dögum hvernig unnið verður úr stöðunni**

Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra




RÉTT UNDIR SÓLINNI FERÐASAGA



HLÝJA, INNSÆI, AUÐMÝKT

„Hlýleg forvitni, fordómaleysi og góðlátlegur húmor einkenna Rétt undir sólinni.“
*Árni Snævarr*

„Allar góðar bækur eru ferðabækur. Þær fylgja okkur áfram eftir að lestri er lokið. Rétt undir sólinni er þannig bók. Skrifuð af innsæi, hlýju og auðmýkt.“
*Margrét Marteinsdóttir*

„Þótt ekki sé verkið langt og forðist öll gífuryrði, þá getur það vel stutt ímyndunaraflið, víkkað rörsýnir og frætt lesandann. ... Hvað framtakið varðar verður eingöngu sagt: „hut ab” – hattinn ofan.“
*Ólafur Guðsteinn Kristjánsson, Starafugl*

HLÝ OG FULL AF FRÓÐLEIK

FOLDA




# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rfl.is



*Mikið úrval af **inni- og útiseríum** á frábæru verði!*

# JÓLAGJAFIR

## Í RÚMFATALAGERNUM

LED SERÍUR VERÐ FRÁ:

**389**



*Öll barna-handklæði* **25%** *afsláttur*

FULLT VERÐ: 1.995

**1.495**

**BARNAHANDKLÆÐI Í MIKLU ÚRVAL!**
Stærð: 70 x 140 sm.
Vnr. 2311300, 2313600, 2313700, 231300




**KAUPTU FLEIRI OG SPARAÐU**
STÆRÐIR: 40 x 60 sm. 70 x 140 sm.

VERÐ FRÁ:

**99**

**KARLSTAD HANDKLÆÐI**
Einstaklega vönduð og góð handklæði úr 100% bómullarfrotté.
Nokkrir litir. Þvottastykki 28 x 28 sm. **99**
Lítið handklæði 40 x 60 sm. 1 stk. **299** 6 stk. **1.100**
Gestahandklæði 50 x 100 sm. **595**
Baðhandklæði 70 x 140 sm. **995** 3 stk. **2.500**
Stórt handklæði 100 x 150 sm. **1.695**
Vnr. 2117200




**40%** *afsláttur*

**PÚÐAR OG ÁBREIÐA**
**1.** MORGANIT púði með áprentun 40 x 60 sm. **1.295** nú **769**
**2.** MORGANIT púði með áprentun 50 x 50 sm. **1.495** nú **897**
**3.** MORGANIT ábreiða 140 x 200 sm. **2.495** nú **1.497**
Vnr. 6052402, 6052502, 6052602

VERÐ NÚ FRÁ:

**769**



*Öll sængurver* **20-35%** *afsláttur*
Gildir til 10.12



*Allar sængur* **20%** *afsláttur*
Gildir til 10.12




**DÝNA+FÆTUR 90 X 200 SM.** 46.945
\+
**SÆNG OG KODDI** 9.995
\+
**LAK** 2.695
\+
**SÆNGURVERASETT AÐ EIGIN VALI AÐ VERÐMÆTI** 3.995

*Sparið* **19.090** *krónur*

**PLUS B15+ HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI + KRONBORG TEYGJULAK + SÆNGURVER**
Góð dýna með 205 pokagormum pr. m².
Með dýnunni fylgir 4 sm. þykk yfirdýna úr svampi. Slitsterkt og gott áklæði sem má þvo. St. 90 x 200 sm.
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum.
Gott teygjulak úr 100% bómul.
Sængurverasett að eigin vali að verðmæti **3.995**
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.
Vnr. 3341032, 4117000, 1031-3006, 1031-3008, 1416001, 3507801

ALLUR PAKKINN FULLT VERÐ: 63.630

**44.540**



Skipin Neptune og Poseidon eru bæði gamlir íslenskir togarar og í eigu fyrirtækisins Neptune á Akureyri. Framkvæmdastjórinn segir skipin vera í verkefnum við Bretlandseyjar þessa dagana.

# Bankinn vill uppboð á tveimur skipum

**Landsbankinn vill tvö rannsóknarskip Neptune á Akureyri á nauðungarsölu. Kröfur á fyrirtækið eru upp á 95 milljónir króna en framkvæmdastjórinn segir erlenda fjárfesta á leiðinni inn með nýtt hlutafé. Hafa sinnt botnrannsóknum fyrir vindmyllur og olíuleiðslur.**

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn fer fram á að tvö rannsóknarskip Neptune ehf. á Akureyri verði seld á nauðungaruppboði, upp í kröfur sem nema um 95 milljónum króna. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir verkefnaskort hafa einkennt reksturinn síðustu ár en á von á nýju hlutafé og aukinni vinnu.

„Ytri aðstæður hafa verið ansi þungar síðustu þrjú árin eða svo vegna gengisbreytinga og lækkunar olíuverðs. Við erum búin að vera í mikilli endurskipulagningu síðustu tólf til sextán mánuði og lækkað kostnað. Við erum að fá inn nýtt hlutafé en það eru tafir á greiðslu þess en við vonum að það gangi upp á næstu dögum og þá verður þetta gert upp,“ segir Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri Neptune.

Um er að ræða skipin Neptune EA 41 og Poseidon EA 303 sem bæði eru gamlir togarar sem var breytt í rannsóknarskip á árunum 2008 til 2010. Þegar Neptune var breytt var það stærsta verkefni Slippsins á Akureyri frá árinu 1993. Áhafnir þeirra hafa síðustu ár sinnt verkefnum við botnrannsóknir fyrir rússnesk, bresk og önnur erlend fyrirtæki sem reisa vindmyllur eða leggja olíuleiðslur. Skipin eru nú bundin við bryggju á Englandi, annað þeirra í Hull og hitt í Norwich.

„Skipin eru núna bæði í verkefnum við Bretlandseyjar í rannsóknarvinnu fyrir vindmyllugarða. Það eru erlendir aðilar sem eru að fjárfesta hjá okkur og það sýnir að það er bjart yfir rekstrinum. Við sjáum fram á góða verkefnastöðu á árinu 2018,“ segir Jón og vill ekki gefa upp hvaðan fjárfestarnir koma.

> **Skipin eru núna bæði í verkefnum við Bretlandseyjar í rannsóknarvinnu fyrir vindmyllugarða. Það eru erlendir aðilar sem eru að fjárfesta hjá okkur og það sýnir að það er bjart yfir rekstrinum.**
>
> Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri Neptune

Neptune var rekið með 3,3 milljóna evra tapi árið 2015 samkvæmt nýjasta ársreikningi fyrirtækisins. Það er í dag í 85 prósenta eigu kýpverska félagsins Sea Investment Ltd. Að sögn Jóns mun félagið nánast alfarið verða í eigu erlendra fjárfesta þegar hlutafjáraukningunni lýkur. Magnús Þorsteinsson, fjárfestir og fyrrverandi hluthafi í eignarhaldsfélaginu Samson, var á árunum fyrir hrun skráður aðaleigandi fyrirtækisins. **haraldur@frettabladid.is**




Krakkabankinn

Jólagleði fyrir alla fjölskylduna

Það verður fjör í útibúi Íslandsbanka í Norðurturni fram að jólum

9. desember kl. 13:00
Þórarinn Eldjárn les fyrir börnin og jólasveinar bregða á leik

16. desember kl. 13:00
Pönnukakan hennar Grýlu – Brúðuleikrit um hinn sanna jólaanda

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir

440 4000
@islandsbanki
íslandsbanki.is

SMÁRALIND




# JÓLASTEMNING ALLA HELGINA

**LAUGARDAGUR**
TRÚÐURINN WALLY KL. 13
KARLAKÓR REYKJAVÍKUR KL. 15

**SUNNUDAGUR**
ÆVINTÝRIÐ TÝNDU JÓLIN KL. 14
SÖNGHÓPURINN JÓLABJÖLLUR KL. 15

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Nýr búnaður fyrirbyggir meiðsli á sjó

**Íslenskt sprotafyrirtæki hannar búnað sem fyrirbyggir meiðsli á fólki og skemmdir á skipum. Með honum er hægt að spá fyrir um högg vegna öldugangs og halda skráningu um aðgerðir skipstjóra. Búið er að prófa búnaðinn og sótt hefur verið um alþjóðlegt einkaleyfi.**

**NÝSKÖPUN** Sprotafyrirtækið Hefring hefur sótt um einkaleyfi á byltingarkenndri tækni sem getur komið í veg fyrir meiðsli á fólki og skemmdir á búnaði um borð í bátum. Um er að ræða búnað sem nemur högg sem koma á skip vegna öldugangs; býr til spágildi og veitir skipstjóra leiðbeinandi upplýsingar um það sem fram undan er. Segja má að með óbeinum hætti mildi hann höggin og tjónið sem kann að hljótast af því þegar bátur skellur á úfnum sjó.

Viðskiptafræðingurinn Björn Jónsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins en að því standa þrír starfsmenn Rafnars ehf., fyrirtækis sem í rúman áratug hefur unnið að þróun, hönnun og smíði á bátum. Auk Björns eru það Karl Birgir Björnsson og Kári Logason sem að Hefringu standa, en nafnið merkir rísandi alda og á rætur í norrænni goðafræði.

Björn segir að hugmyndin hafi verið að gerjast í þeim undanfarin ár, enda hafi reglulega borist fréttir af slysum, jafnvel hryggbrotum, sem orðið hafa um borð í bátum á sjó. Nú sé vinnan komin á þann stað að búið sé að leggja inn einkaleyfisumsókn og hanna fyrstu frumtýpur.

Búnaðurinn virkar þannig að mælar í skrokki bátsins fylgjast með framgangi siglingarinnar og birta skipstjóranum leiðbeinandi upplýsingar um sjólag og líkur á því að komið sé að hættumörkum hvað varðar meiðsli vegna högga. Búnaðurinn safnar upplýsingunum þannig að hægt er að skoða hvernig sá sem stýrði skipinu brást við í aðstæðunum sem uppi voru. „Markmiðið með þessu er að draga úr tíðni og alvarleika slysa. Þá er þetta til þess fallið að draga úr álagi á vélbúnað báta,“ segir hann en til lengri tíma mætti þannig draga úr viðhaldskostnaði.

Fyrst um sinn er markmiðið að leggja áherslu á að hanna búnaðinn fyrir farþegabáta, enda séu slys í slíkum ferðum tíðari en ætla mætti. Hann segir að evrópskar rannsóknir sýni að innan við helmingur slysa um borð í bátum sé tilkynntur.

Björn segir að búið sé að prófa búnaðinn og að ljóst sé að hann virki. Hann gefi skipstjórnanda skýrar upplýsingar um það hvenær rétt sé að slá af. Tæknin verður kynnt næsta vor en Björn vonast til að hægt verði að koma á samstarfi, við háskóla, um þróun á búnaðinum. Tæknin verður kynnt Samgöngustofu, sjóslysanefnd, tryggingafélögum og rekstraraðilum báta á næstunni.

Björn bindur vonir við að á síðari stigum málsins, þegar alþjóðlegt einkaleyfi liggi fyrir, muni Hefring leita að fjárfestum til að starfa með. Hann segir að fyrirtækið sé lítið dæmi um hvernig nýsköpun getur sprottið af annarri nýsköpun, sem er Rafnar í þessu tilviki. Hann lofar Össur Kristinsson, eiganda Rafnars, og segir hann hafa skapað hvetjandi umhverfi fyrir sprotastarfsemi. Hann kallar jafnframt á að ný ríkisstjórn sinni nýsköpun og geri Ísland að ákjósanlegum stað fyrir starfsemi slíkra fyrirtækja.

Björn segir að viðtökurnar hafi verið góðar. „Öllum líst vel á þetta. Það er verið að taka á stóru vandamáli sem þessi slys eru,“ segir hann og bendir á að slysatíðni meðal starfsfólks í skipum í strandgæslu og öðrum greinum sé margföld á við slysatíðni meðal starfsfólks í landi. „Rafnar gæti dregið úr slysahættu með því að framleiða báta sem búnir eru þessum búnaði,“ segir hann. **baldurg@frettabladid.is**




**Stofnendur Hefringar ehf. Frá vinstri: Kári Logason þróunarstjóri, Björn Jónsson framkvæmdastjóri og Karl Birgir Björnsson, sölu- og markaðsstjóri. Þeir ætla að leita eftir fjárfestum til að starfa með.** MYND/ÞORSTEINN SIGURBJÖRNSSON





**MLP The Movie Underwater**

**2.799** kr/pk



**MLP Collectable Story**

**2.699** kr/pk



**MLP Pony Friends**

**999** kr/pk

# Meira gaman



**MLP The Movie Seashell Lagoon**

**7.699** kr/pk

Gildir meðan birgðir endast.



**MLP Huggable Plush**

**3.799** kr/stk



**MLP Runway Fashion**

**1.699** kr/pk



**MLP Pinky Pie**

**4.299** kr/pk



*Einfalt*
að skila og skipta

HAGKAUP *Meira* svona *alla daga*

# Tilfærslan olía á eld hinna öfgasinnaðri

**Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fordæmdi einhliða sendiráðstilflutning Donalds Trump á neyðarfundi. Íslendingur á Vesturbakkanum segir íbúa ekki munu gefast upp. Stjórnmálafræðingur óttast að ákvörðunin þrengi að hófsamari talsmönnum málstaðar Palestínu.**



Sjúkraliðar hlúa að manni sem særðist á Gaza. Samkvæmt Rauða hálfmánanum særðust yfir 750 í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

**PALESTÍNA** Í það minnsta einn Palestínumaður týndi lífi og hundruð særðust í átökum við ísraelska hermenn í gær. Palestínumenn mótmæltu í gær sendiráðstilfærslu Donalds Trump víðsvegar á Vesturbakkanum, á Gaza-ströndinni og á götum úti í austurhluta Jerúsalem.

Upphaflega hermdi palestínska heilbrigðisráðuneytið að tveir hefðu fallið í átökum en sú tala var síðar lækkuð um helming. Samkvæmt starfsfólki Rauða hálfmánans fengu rúmlega 750 manns aðstoð vegna meiðsla sem þeir hlutu í mótmælunum.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kom saman til neyðarfundar í gær eftir að átta þjóðir ráðsins kölluðu eftir fundi. Þar var ákvörðun forseta Bandaríkjanna, að færa sendiráð ríkisins í Ísrael frá Tel Aviv til Jerúsalem, fordæmd. Ákvörðun Trumps var algerlega einhliða og lét hann viðvaranir leiðtoga annarra ríkja, sem og samstarfsmanna sinna, sem vind um eyru þjóta.

„Tilfærslan mun ekki eiga sér stað á þessu ári og sennilega ekki á því næsta. Forsetinn er hins vegar mjög staðfastur í að færa sendiráðið til Jerúsalem um leið og færi gefst," segir Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Hann var meðal þeirra sem ráðlögðu forsetanum að hafa sendiráðið áfram í Tel Aviv.

Leiðtogi Hamas kallaði eftir því í fyrradag að íbúar Palestínu mótmæltu í borgum og bæjum ríkisins. Kallaði hann eftir nýju „intifada" en orðið er arabískt og þýðir uppreisn eða „að hrista einhvern af sér". Grjótkasti Palestínumanna var svarað með táragasi og gúmmíkúlum.

„Palestínumenn eru auðvitað reiðir og það eru mótmæli út um allan Vesturbakkann en lífið heldur auðvitað áfram hérna í Palestínu," segir Bryndís Silja Pálmadóttir, varaformaður Íslands-Palestínu.

Bryndís er stödd í borginni Nablus á Vesturbakkanum, rétt um 50 kílómetra norður af Jerúsalem. Þar hefur hún dvalið undanfarna tvo mánuði en fyrirhuguð heimkoma er í næstu viku. Þetta er í þriðja sinn sem hún dvelur í landinu en hún var þar einnig árin 2013 og 2014 en þá í hálft ár. Fyrst í þrjá mánuði en síðan í hálft ár.

„Þegar þú býrð undir hernámi þá heldur lífið bara áfram, næstum sama hvað. Og eins og allt hérna þá ætlar fólk ekki að gefast upp, það er þessi staðfesta sem maður finnur fyrir á hverjum degi. Þrátt fyrir vonbrigði á borð við yfirlýsingu Trumps, og auðvitað daglegt áreiti og ofbeldi sem fylgir hernámi og stækkandi landtökubyggðum, þá ætlar fólk ekki að gefast upp," segir Bryndís.

Hún segir þó að andrúmsloftið nú minni hana á stöðuna eins og hún var þegar Bryndís var þar árið 2014. Þá stóðu árásir Ísraelsmanna á Gaza-svæðinu sem hæst og þúsundir týndu lífi.

„Þá var auðvitað örvænting, mótmæli og mikil reiði út um allt. Ísraelski herinn svarar hins vegar öllu með meira ofbeldi, meiri vopnum. Hann nýtir hvert tækifæri til þess að beita hóprefsingum og auka veru sína hérna á Vesturbakkanum. Ég óttast að staðan nú gæti orðið til þess að sprengjum verði varpað á Gaza á nýjan leik," segir Bryndís.

„Það er ekki að sjá á Ísraelum að mikið hafi breyst frá því í fyrradag. Í Tel Aviv í dag var fólk rólegt og ekki aukinn viðbúnað að sjá," segir Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún stödd í Tel Aviv en gerði ráð fyrir að heimsækja Jerúsalem í dag.

„Kollegar mínir í akademíunni hér segja þó að þessi yfirlýsing geri þá órólega, því afleiðingarnar séu algjörlega ófyrirsjáanlegar. Viðbrögð þeirra eru því meira í takt við leiðtoga nágrannaríkjanna en viðbrögð Netanyahu, sem tók yfirlýsingunni fagnandi. Það sýnir auðvitað þennan gífurlega aðstöðumun sem er á þjóðunum tveimur, að Palestínumönnum finnst þeir ekki eiga annarra kosta völ en að mótmæla á götum úti, á meðan Ísraelar geta haldið áfram í hversdagsleikanum," segir Silja.

„Þessi yfirlýsing hefur í raun gert hófsömum talsmönnum málstaðar Palestínu erfiðara um vik og er sennilega ekkert nema olía á eld hinna öfgasinnaðri." johannoli@frettabladid.is




KEYRUM ÞETTA Í GANG!
JÓLARÝMINGARSALA TIL 15. DESEMBER
JÓLAVERÐ 3.500.000 kr.
Verð áður 3.850.000 kr.
Afsláttur 350.000 kr. + gjafakort
RENAULT KADJAR ZEN
1.5 dísil, sjálfskiptur, framhjóladrifinn
JÓLAVERÐ 1.990.000 kr.
Verð áður 2.190.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr. + gjafakort
HYUNDAI i20 CLASSIC
1.2 bensín, beinskiptur
JÓLAVERÐ 4.890.000 kr.
Verð áður 5.290.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr. + gjafakort
SUBARU FORESTER PREMIUM
2.0 bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ 5.490.000 kr.
Verð áður 5.990.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr. + gjafakort
RENAULT KOLEOS ZEN
2.0 dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
Jólaverð á rýmingarsölunni gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.
ENNEMM / SÍA / NM85446
GJAFAKORT
100.000 KR. GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!
Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL fyrir 15. desember fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka. Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, upp í skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# SESTU Í DRAUMAS

NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
BORÐSTOFUSTÓLUM
HÆGINDASTÓLUM
ELDHÚSSTÓLUM
OG BARSTÓLUM
YFIR 500 GERÐIR

## EKKI MISSA AF ÞESSU!











**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardag, **13 – 17** sunnudag

**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardag, **13 – 17** sunnudag

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

# TÓLINN UM JÓLIN

# STÓLADAGAR

# 25%

## afsláttur af ÖLLUM stólum*





* Gildir ekki af sérpöntunum.
Gildir 18. des. eða á meðan birgðir endast.

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Meirihluti Róhingja á flótta eru börn

**1,2 milljónir Róhingja eru í flóttamannabúðum í Bangladess. 720 þúsund þeirra eru börn. Erna Kristín Blöndal fór og kynnti sér aðstæður barnanna. „Börnin eru í hræðilegu ástandi. Miklu verra en við héldum. Þau er kannski búin að labba í fimm daga, án matar og án vatns.“**

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

**HJÁLPARSTARF** „Börnin eru í hræðilegu ástandi. Miklu verra en við héldum. Þau eru kannski búin að labba í fimm daga án matar og án vatns. Þau eru kannski bara búin að vera að drekka vatn úr skítugum pollum.“ Þetta segir Erna Kristín Blöndal, framkvæmdastjóri Nordic Institute for Migration og stjórnarmaður hjá UNICEF á Íslandi. Hún fór til Bangladess til að kynna sér aðstæður Róhingja í flóttamannabúðunum þar. Flóttamannabúðirnar eru starfræktar af yfirvöldum í Bangladess, sem veita svo alþjóðlegum samtökum eins og UNICEF aðgang að þeim. Í Bangladess eru nokkrar flóttamannabúðir fyrir Róhingja en Erna heimsótti þær stærstu, Kutupalong-búðirnar í Cox's Bazar héraði. Hún fór þangað þann 27. nóvember og kom heim 3. desember.

Flóttinn yfir til Bangladess er erfiður og getur tekið allt að fimm dögum. Leiðin liggur í gegnum frumskóga og yfir fen og hæðir. Fyrir stutta fætur getur gangan tekið verulega á. „Mörg barnanna eru fylgdarlaus, að minnsta kosti 29 þúsund svo vitað sé. Og mörg, sem okkur finnst vera mjög ung, bera ábyrgð á og sjá um önnur börn, lítil systkini sín eða önnur. Alls staðar eru börn að hugsa um börn. Daginn sem við komum fréttum við af einum 8 ára sem hafði komið yfir landamærin með þrjú systkini sín, illa farinn og úrvinda,“ segir Erna Kristín.

Í búðunum er í byrjun reynt að sinna algerum grunnþörfum flóttamannanna, en mörg barnanna sem koma þangað eru alvarlega vannærð og þjást af miklum vítamínskorti. „Mjög mörg sem koma eru á alvarlegasta stigi vannæringar og þá eru þau að deyja úr til dæmis öndunarfærasjúkdómum. Ónæmiskerfið er svo veikt að þau ná ekki að berjast við neitt. Um leið og þau eru orðin vannærð þola þau illa alla erfiðleika,“ segir Erna Kristín. Sökum þess að þau hafa ekki haft aðgengi að heilbrigðisþjónustu í Mjanmar eru fæst börnin bólusett og því hefur UNICEF lagt mikla áherslu á að bólusetja öll börn gegn mislingum auk kóleru. Slíkir sjúkdómar eru líklegir til að geisa þegar fólk býr svo þröngt, deilir vatni og hreinlæti er af skornum skammti.

Flóttamenn sem komist hafa yfir landamærin til Bangladess hafa sagt frá grófu ofbeldi af hálfu hers og almennings í Mjanmar gegn sér. Þar eru framin fjöldamorð og hópnauðganir á konum og börnum. Erna segist hafa verið algerlega slegin yfir sögunum sem hún heyrði af nauðgunum, af því þegar fólk væri brennt lifandi og öðru ofbeldi. Slíkar sögur heyrði hún bæði frá fullorðnum og litlum börnum. „Ég tel að það eigi eftir að koma í ljós að ofbeldið sem hefur verið beitt í Mjanmar hefur verið miklu skipulagðara og alvarlegra en greint hefur verið frá í fjölmiðlum. Miðað við það sem við sáum í búðunum og sögurnar sem við heyrðum. Aðeins lítill hluti þeirra sem lifðu af eru karlmenn. Þeir virðast hafa verið teknir af lífi með skipulögðum hætti og það kom skýrt fram í sögum sem börnin sögðu okkur. Karlmönnunum, pöbbunum og stóru bræðrunum, var safnað saman og þeir myrtir,“ segir Erna Kristín.

Þann 2. október sendi UNICEF út alþjóðlegt neyðarákall fyrir nauðsynlegri mannúðaraðstoð fyrir börn sem flúið hafa til Bangladess og þau sem enn eru í Mjanmar. Samtals gerir UNICEF ráð fyrir að þurfa nærri 80 milljónir Bandaríkjadala, eða 838 milljónir íslenskra króna. Aðeins hefur náðst að fjármagna tæplega 35 prósent þess sem óskað er eftir. Hægt er að styðja neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi með því að senda SMS-ið UNICEF í númerið 1900 en það kostar 1.500 krónur.



**Hér má sjá mynd sem stúlka teiknaði á barnvænu svæði UNICEF. „Þetta eru karlarnir í þorpinu, þeim var raðað í hring inn í miðjuna, þar sem var fullt af hermönnum og svo voru þeir allir drepnir á meðan þau hlupu í burtu, krakkarnir. Hún bara teiknaði þessa mynd fyrir framan okkur. Hún er ekki farin að brosa aftur,“ segir Erna Kristín.** MYND/ERNA KRISTÍN BLÖNDAL




**UNICEF starfrækir svokölluð barnvæn svæði í flóttamannabúðunum þar sem börnin hafa aðgang að sálfélagslegri þjónustu. „Þessi svæði eru vernduð og aðeins börn hafa aðgang að þeim. Þar er reynt að koma börnum í skilning um að þau séu komin í skjól og orðin örugg, að það sé ekki hægt að beita þau ofbeldi lengur,“ segir Erna Kristín.**




**„Eins og alls staðar annars staðar fara konur á blæðingar í flóttamannabúðum og blæðir eftir barnsburð. Aðstæður eins og konurnar búa við í þessum búðum gera það ekki auðvelt. UNICEF er að vinna að verkefni sem á að efla ungar stúlkur og vinna í þeim málum sem varða konur og stúlkur sérstaklega.“**

## Mikilvægar tölur

- 1,2 milljónir Róhingja
- 720.000 þeirra eru börn
- 60% eru konur
- 10% eru annaðhvort óléttar eða með barn á brjósti
- 29.000 barna eru fylgdarlaus
- 21% barna þjáist af vannæringu
- Eitt klósett á hvert hundrað









# NÝR FIESTA

## Komdu, reynsluaktu og upplifðu geggjaðan Ford Fiesta!

Nýr Ford Fiesta hefur verið endurhannaður frá grunni með gjörbreyttum framenda, rennilegum framljósum og straumlínulaga línum eftir öllum bílnum. Opnaðu dyrnar á Fiesta og þú heillast af vandaðri innréttingunni. Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

**FORD FIESTA FÆST Í FJÓRUM ÚTGÁFUM**

**Fiesta Trend** frá 2.250.000 kr.

**Fiesta Trend Edition** frá 2.390.000 kr.

**Fiesta Titanium** frá 2.650.000 kr.

**Fiesta ST-Line** frá 2.890.000 kr.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Stundarsigur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, átti ágætan dag í gær þegar tilkynnt var að samningar hefðu náðst milli Bretlands og Evrópusambandsins um tiltekna þætti er varða útgöngu Breta úr sambandinu – hið svokallaða Brexit. Þetta er nokkur nýlunda fyrir May sem hefur átt erfiða daga í starfi. Meira að segja sterlingspundið styrktist gagnvart helstu samanburðargjaldmiðlum, en það hefur iðulega veikst þegar May hefur tjáð sig opinberlega.

Samningar sem náðst hafa lúta að þeim þáttum Brexit sem hingað til hefur verið talið raunhæft að ná saman um. Samningaviðræður um efnahagslegt samband Evrópusambandsins og Bretlands eru enn ekki hafnar fyrir alvöru, og sama má segja um viðræður um öryggismál.

Stærstu ásteytingarsteinarnir sem nú hefur tekist að sneiða hjá voru hvort hörð landamæri þyrfti milli Írlands og Norður-Írlands og hversu háar fjárhæðir Bretland ætti að leggja til Evrópusambandsins meðan á aðlögunarferlinu að útgöngu stendur. Niðurstaðan liggur fyrir, engin landamæri verða á Írlandi og reikningur Breta verður tæplega 40 milljarðar punda. Einhugur virðist ríkja um að breskir borgarar og evrópskir haldi sínum réttindum óbreyttum á meðan á aðlögunarferlinu stendur.

Með öðrum orðum þá virðist samkomulagið snúast um að hlutirnir standi nokkurn veginn óhreyfðir frá því sem nú er. Landamærum á Írlandi verður ekki breytt, og sama gildir um gagnkvæm réttindi Breta og annarra íbúa Evrópusambandsríkjanna. Kannski er þetta fyrirboði um það sem koma skal. Bretar fari út úr Evrópusambandinu að nafninu til, en að öðru leyti verði farin sú leið að hrófla við sem fæstu.

Einhver kynni að spyrja: Hvers vegna í ósköpunum að hefja þessa vegferð ef áhersla breskra samningamanna virðist vera að halda sem flestu óbreyttu? Við þekkjum þá sögu, sambland af popúlisma og leiðtogaerjum í Íhaldsflokknum leiddi Breta í þessa stöðu. May stóð svo eftir með þann eitraða kaleik að leiða útgöngu Breta, og halda á sama tíma andliti heima við.

Þótt samkomulagið frá því í gær sé kannski stærsti sigur May í embætti, þá er þyrnum stráð leið fram undan. Bretar vilja auðvitað halda öllum þeim efnahagslega ávinningi sem fylgir verunni í Evrópusambandinu – þeir vilja ekki að tollmúrar rísi að nýju og að viðskiptahömlur taki aftur gildi. Afstaða Evrópusambandsins er hins vegar ósveigjanleg að þessu leyti – það verður ekki bæði sleppt og haldið. Bretar geta ekki notið ávinningsins án þess að taka ábyrgð á því sem til þarf að kosta.

Michael Barnier, aðalsamningamaður Evrópusambandsins, lét raunar hafa eftir sér að besta mögulega niðurstaðan fyrir Breta væri viðskiptasamningur á borð við þann sem gerður var við Kanada árið 2016. Ljóst er þó að í slíkum samningi fælist mikil afturför fyrir Breta.

Theresa May er því hvergi nærri komin í höfn, og ríkisstjórn hennar hefur ekki tekist að eyða grunsemdum um að betur sé heima setið en af stað farið. Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, er einn þeirra sem gert hafa það að markmiði sínu að stöðva útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Hætt er við að slíkar raddir verði háværari eftir því sem leikar fara að æsast.

> **Þótt samkomulagið frá því í gær sé kannski stærsti sigur May í embætti, þá er þyrnum stráð leið fram undan.**



ER KYNNING eða SÝNING Á NÆSTUNNI?
Banner-up standar í miklu úrvali!
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is
Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email:xprent@xprent.is

## Gunnar




## Mín skoðun
## Guðmundur Steingrímsson



# Er þetta ekki bara fínt?

Nýja ríkisstjórnin gerir mig svolítið ringlaðan í hausnum. Mér liggur við pólitísku aðsvifi. Fyrir viku sat ég í Silfrinu þar sem Björn Valur Gíslason og Ragnheiður Elín Árnadóttir voru saman í liði. Hvernig gerðist það? Af hverju missti ég?

Hin svokallaða Æ-er-þetta-ekki-bara-fínt-stjórnin er tekin við. Það er allur vindur úr fólki. Það er enginn að nenna þessu síðvæðingardóti og hvað það nú heitir allt saman. ESB. Krónan. Kvótinn. Landbúnaðarkerfið. Stjórnarskráin. Spillingin. Það er enginn að fara að rífast um þetta núna. Núna ætlum við aðeins bara að fá að hafa það svoldið kósí hérna í smástund á eyjunni okkar.

### Snilldin ein

Ok, gerum það. En maður er samt ringlaður. Af hverju voru allir svona reiðir hér í næstum áratug? Var ekki verið að henda eggjum og brenna jeppa og hvaðeina? Hver er niðurstaðan af því öllu saman? Þetta blasir svona við mér: Sjálfstæðisflokkurinn stendur svo ótrúlega mikið uppi með pálmann í höndunum að maður getur eiginlega ekki annað en fórnað höndum og sett upp þann mesta WTF?! svip sem maður mögulega kann. Bjarni Ben er svo mikið brosandi á öllum myndum að hann er eiginlega hlæjandi. Hann bjóst ekki við þessu.

Hvílík snilld. Áttatíu prósent stuðningur við nýja ríkisstjórn og allir glaðir. Enginn að rífast. Vinstrið sundrað. ESB-sinnar í sárum. Og flokkurinn kominn með heilbrigðisvottorð frá sjálfri Kötu Jak.

### Hugsað upphátt

Hvað getur farið úrskeiðis? Hvað getur gert það að verkum að þessi ríkisstjórn springur? Vissulega má ímynda sér hefðbundnar atburðarásir eins og að fjárlög standi ekki undir væntingum eða VG splundri sér í innanflokkserjum. Hér eru líka nokkrar kringumstæður sem gætu komið upp og leiddu kannski til atburðarásar sem felldi ríkisstjórnina. Nú er ég bara að ímynda mér eitthvað út í loftið: 1) Bjarni fattar að hann á hundrað milljónir á eyju sem hann var búinn að gleyma. 2) Pabbi hans Bjarna fær óvart afhent ríkisfyrirtæki. 3) Pabbi hans Bjarna reynist óvart flæktur í alþjóðlegt peningaþvætti. 4) Sigríður Andersen leynir smá upplýsingum. 5) Brynjar Níelsson segir eitthvað um konur. 6) Ásmundur Einar mætir í þingið með derhúfu merkta Kaupfélagi Skagfirðinga. 7) Ásmundur Einar fer í flugvél. 8) Jón Gunnarsson segir eitthvað um virkjanir. 9) Ási Friðriks segir eitthvað um útlendinga.

En allt er þetta mjög ólíklegt.

### Ný staða

Ég er viss um að djúpt þenkjandi aðilar í flokkunum eru búnir að átta sig á því að eina leiðin til þess að þetta gangi er að vissir menn haldi aftur af sér í fjögur ár. Þeir verða beinlínis að haga sér eins og englabossar. Ekki segja múkk. Annars er þetta búið. Ég þori að veðja að það eru haldnir reglulegir fundir eins og í AA, einhvers staðar í bakhúsi, þar sem þessir menn er látnir sitja í hring, kreista litla gúmmíbolta og tala út um langanir sínar til þess að sleppa skrímslinu lausu. Bara smá.

Kannski tekst það. Þó svo þessi ríkisstjórn endurspegli ekki beinlínis mínar hugsjónir, þá óska ég henni velfarnaðar. Ef henni tekst að byggja upp innviðina, loksins, þá er það alla vega fínt.

En svo er það hitt sem mér finnst ekki síður áhugavert: Er sýnin um aðeins opnara þjóðfélag, annan, traustari gjaldmiðil, betri stjórnarskrá og alls kyns aðrar framsæknar umbætur dáin? Eða ætlar áhugafólk um þær hugsjónir, hin frjálslyndu öfl, að nýta tækifærið nú þegar íhaldsstjórn ræður ríkjum og endurskipuleggja sig? Væri það ekki sniðugt?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

CITROËN

# CITROËN **BERLINGO**




## FJÖLHÆFUR SENDIBÍLL
## Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI!

**1.887.000 kr.** án VSK.

**200.000 kr.** AFSLÁTTUR
Vetrardekk + sumardekk fylgja!

### 3JA MANNA VERK?



Berlingo er sparneytinn sendibíll með þremur framsætum

### STUNDUM SKIPTIR LENGDIN MÁLI



Í Berlingo er topplúga og fellanleg öryggisgrind sem kemur sér afar vel þegar flytja á lengri hluti

### VANTAR ÞIG AÐ BÆTA Á ÞIG KÍLÓUM?



Berlingo er fjölnota sendibíll með ríflegu hleðslurými og 850 kg burðargetu

### MEIRA PLÁSS FYRIR ALLSKONAR



Berlingo er fjölnota sendibíll með stóru 3,3 rúmmetra, hleðslurými

## KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN BERLINGO Í DAG!

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



» Manchester City hefur unnið 13 deildarleiki í röð og með sigri á morgun jafnar liðið met Arsenal frá 2002 yfir flesta sigurleiki í röð í ensku úrvalsdeildinni.

Lið fjandvinanna José Mourinho og Peps Guardiola mætast á Old Trafford í stærsta leik tímabilsins til þessa. Guardiola hefur haft betur í fleiri innbyrðisleikjum þeirra hingað til. NORDICPHOTOS/GETTY

# Allt tímabilið er undir

**Man.City getur náð 11 stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar með sigri á United í borgarslagnum. Besta sóknin mætir bestu vörninni á Old Trafford.**

**FÓTBOLTI** Þótt það sé bara komið fram í 16. umferð er ekki hægt að vanmeta mikilvægi Manchester-slagsins. Tímabilið er hreinlega undir hjá Manchester United. Lærisveinar Jose Mourinho verða að vinna til að halda lífi í titilvonum sínum. Ef Manchester City vinnur á Old Trafford nær liðið 11 stiga forskoti. Það eru til dæmi um lið sem hafa tapað niður álíka miklu forskoti en ekkert þeirra var eins sterkt og City-liðið er í dag.

Eftir að hafa rúllað yfir hvert liðið á fætur öðru hefur City þurft að hafa aðeins meira fyrir hlutunum í síðustu þremur deildarleikjum sem enduðu allir 2-1, Manchester-liðinu í vil. Öll þrjú sigurmörkin komu á 83. mínútu eða síðar.

## Mikill sóknarþungi

Þótt sigrarnir hafi verið naumari en fyrr á tímabilinu hefur City verið miklu sterkari aðilinn í þessum leikjum. Í síðustu þremur leikjum hefur City t.a.m. átt samtals 64 skot að marki andstæðinganna. Strákarnir hans Peps Guardiola sækja, sækja og sækja meira og á endanum ber pressan árangur.

En ef eitthvert lið getur haldið City-sókninni í skefjum er það United sem hefur á að skipa bestu vörn og besta markverði deildarinnar. United hefur aðeins fengið á sig níu mörk og haldið níu sinnum hreinu í 15 deildarleikjum í vetur. Það veikir United þó mikið að Paul Pogba er í leikbanni og má ekki spila á morgun.

## Ósigrandi á heimavelli

Old Trafford hefur verið óvinnandi vígi undanfarna mánuði. United jafnaði félagsmet þegar liðið vann CSKA Moskvu, 2-1, í Meistaradeild Evrópu á þriðjudaginn. United hefur nú leikið 40 heimaleiki í röð án þess að tapa.

Síðasta tap United á Old Trafford kom einmitt gegn nágrönnunum í City í september í fyrra. Síðan þá hefur United leikið 40 heimaleiki; unnið 29, gert 11 jafntefli, skorað 85 mörk og aðeins fengið á sig 17.

Það hefur ekki skipt City-menn neinu máli hvort þeir spila á heima- eða útivelli á þessu tímabili. Þeir vinna alla leiki. City hefur unnið 13 leiki í deildinni í röð og ef liðið vinnur á Old Trafford á morgun jafnar það met Arsenal frá 2002.

## Án sigurs á þessari öld

Leikur Manchester-liðanna er ekki eini grannaslagurinn á dagskrá á morgun. Klukkan 14.15 verður flautað til leiks í leik Liverpool og Everton á Anfield. Þetta verður fyrsti Bítlaborgarslagurinn sem Gylfi Þór Sigurðsson tekur þátt í.

Tölfræðin er ekki með Everton í liði en liðið hefur ekki unnið á Anfield á þessari öld. Síðasti sigur Everton á Anfield kom í september 1999. Síðan þá hafa liðin mæst í 17 deildarleikjum á Anfield. Liverpool hefur unnið níu þeirra og átta sinnum hefur orðið jafntefli.

**ingvithor@365.is**

ENDURBÆTUR HAFNARFJARÐARVEGAR
FRÁ VÍFILSSTAÐAVEGI AÐ LYNGÁSI

Forkynning - íbúafundur

Skipulagsnefnd Garðabæjar hefur samþykkt að vísa tillögum að breytingum á deiliskipulagi svæða við Hafnarfjarðarveg til forkynningar. Um er að ræða kynningu í tengslum við fyrirhugaðar endurbætur á Hafnarfjarðarvegi á milli Vífilsstaðavegar og Lyngáss ásamt gatnamótum.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, gardabaer.is, frá 11. desember.

Hægt er að senda inn ábendingar um tillögurnar á netfangið gardabaer@gardabaer.is, fyrir 2. janúar 2018.

Boðað er til íbúafundar í Flataskóla, við Vífilsstaðaveg, **fimmtudaginn 14. desember kl. 17.15-19.00**. Þar verða tillögur kynntar og spurningum svarað.

GARÐABÆR
GARDABAER.IS

nettó



ALVÖRU JÓL
ENGINN SYKUR

JÓLALEIKUR
NETTÓ OG PEPSI MAX

KAUPTU KIPPU AF 4X2 L
PEPSI EÐA PEPSI MAX
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ GJAFABRÉF Í NETTÓ FYRIR SÖMU UPPHÆÐ OG ÞÚ VERSLAÐIR Í ÞEIRRI FERÐ

75 HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR FÁ VINNING

DREGIÐ 23. DESEMBER

Þú kaupir kippu af 4x2 l Pepsi eða Pepsi Max, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Pepsikassann í Nettó.

Á Þorláksmessu fá 5 heppnir viðskiptavinir í hverri Nettó verslun gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittuninni þinni.

pepsi MAX

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Þór Þ. - Þór Ak. 99-62**

**Stigahæstir**: DJ Balentine II 30/5 stoðs., Halldór Garðar Hermannsson 13/5 stoðs./7 stolnir, Emil Karel Einarsson 13, Davíð Arnar Ágústsson 11, Óli Ragnar Alexandersson 10/5 frák./6 stoðs. - Einar Ómar Eyjólfsson 14, Hreiðar Bjarki Vilhjálmsson 11.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 14 | Stjarnan | 10 |
| KR | 14 | Grindavík | 10 |
| ÍR | 14 | Þór Þorl. | 8 |
| Tindastóll | 14 | Valur | 8 |
| Keflavík | 12 | Þór Ak. | 4 |
| Njarðvík | 12 | Höttur | 0 |

## Helgin

**Laugardagur:**

09.30 Dubai Ladies Golfstöðin
12.20 West Ham - Chelsea Sport
14.25 Frankfurt - Bayern Sport 2
14.25 Dortmund - Bremen Sport 3
14.55 QPR - Leeds Sport
15.10 Real Madrid - Sevilla Sport 4
17.20 Newcastle - Leicester Sport
18.30 QBE Shootout Golfstöðin

**Sunnudagur:**

11.50 S'oton - Arsenal Sport
14.05 Liverpool - Everton Sport
16.15 Man. Utd. - Man. City Sport
17.45 Grótta - Valur Sport 2
18.00 Panthers - Vikings Sport 3
18.00 QBE Shootout Golfstöðin
18.30 Messan Sport
19.40 Villarreal - Barcelona Sport 4
19.45 Grótta - ÍR Sport 2
21.25 Rams - Eagles Sport 3

**Frumsýningar leikja**

L 17.15 Tottenham - Stoke Sport 3
L 19.00 Burnley - Watford Sport 2
L 19.00 H'field. - Brighton Sport 3
L 19.00 Swansea - WBA Sport 4
L 20.40 C.Palace - B'mouth Sport 2

**Olís-deild karla**

S 15.00 ÍBV - Haukar
S 17.00 Fjölnir - Selfoss
S 19.30 Víkingur - Valur
S 20.00 Grótta - ÍR

**Olís-deild kvenna**

L 13.30 ÍBV - Selfoss
L 13.30 Stjarnan - Haukar
L 15.00 Fjölnir
S 18.00 Grótta - Valur

**Maltbikar karla**

S 16.00 Keflavík - Haukar

**Maltbikar kvenna**

S 13.45 Keflavík - KR
S 19.15 Snæfell - Valur
S 19.15 Njarðvík - Breiðablik
S 19.15 Skallagrímur - ÍR

# 29 leikja sigurgöngu lokið

**HANDBOLTI** Norska kvennalandsliðið var skotið niður á jörðina í gærkvöldi í lokaleik sínum í riðlakeppni HM í handbolta. Eftir fjóra stórsigra í röð tapaði Noregur með þremur mörkum fyrir Svíum, 28-31.

Sænsku stelpurnar tryggðu sér sigurinn í riðlinum með þessum sigri en sænska liðið byrjaði mótið á því að tapa fyrir Póllandi. Liðið hefur síðan unnið fjóra leiki í röð og þær sænsku fögnuðu vel í leikslok.

Stelpurnar hans Þóris Hergeirssonar voru búnar að vinna 29 leiki í röð eða alla leiki sína síðan í undanúrslitum á Ólympíuleikunum í Ríó í ágúst 2016. Það héldu margir að þær ætluðu bara að fara létt í gegnum mótið en annað kom á daginn.

Sænska liðið sýndi styrk sinn í og á sama skapi náðu norsku stelpurnar sér ekki á strik. Tapið þýðir að Noregur mætir Spáni í sextán liða úrslitum en það sem meira er að ef þær vinna þann leik þá þurfa þær líklega að spila við Rússland strax í átta liða úrslitunum. Rússar eru eina liðið sem hefur unnið alla leiki sína á mótinu. Sextán liða úrslitin hefjast á morgun. – óój



Nora Mörk og félagar eru ekki ósigrandi. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill sjá Messi með 23 treyjur

**FÓTBOLTI** Lionel Messi og félagar í argentínska landsliðinu munu mæta því íslenska í fyrsta leik sínum á HM í Rússlandi næsta sumar. Erlendir fjölmiðlar hafa verið að tala við íslensku landsliðsmennina. Þar er Diego Jóhannesson engin undantekning. Hann var í viðtali í argentínska blaðinu Olé.

„Allir leikmenn íslenska liðsins vilja fá treyjuna hans Messi og ég er einn þeirra,“ sagði Diego Jóhannesson við Olé. „Hann mun líklega láta þann fá treyjuna sem spyr fyrst. Við ætlum nú ekki að rífast um hana en ég legg til að hann komi bara með 23 treyjur í leikinn,“ sagði Diego í léttum tón. „Við erum ánægðir með að fá tækifæri til að spila á móti honum því hann er sá besti í heimi,“ sagði Diego. – óój





FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN



**Bræðurnir þrettán munu skola af sér skítinn í Jarðböðunum í Mývatnssveit í dag í frosti og kulda en spáð er hörkufrosti í dag.** MYND/AGNES LEBEAUPIN

# Skíturinn skolaður burt

Mývatnssveit er töfraland jólanna og í Dimmuborgum eru heimkynni jólasveinanna þrettán. Þeir fara einu sinni á ári í bað og mæta því hreinir og fagrir til byggða en prakkararnir í Dimmuborgum skola sig einmitt í dag.

**Benedikt Bóas Hinriksson**
benediktboas@frettabladid.is



Hið árlega jólabað jólasveinanna í Dimmuborgum, í Jarðböðunum í Mývatnssveit, verður á morgun og ætla þeir bræður að vera komnir ofan í ylvolgt lónið klukkan 16. Bræðurnir 13 eru nú misánægðir með þessa hefð og því um að gera fyrir Norðlendinga að mæta og taka þátt í fjörinu. Síðustu ár hafa verið lífleg ofan í lóninu með ærslagangi og fjöri.

Spáð er miklu frosti í Mývatnssveit í dag og mun sveitin því skarta sínu fegursta fyrir gesti og gangandi en mörgum þykir sveitin einmitt fallegust í vetrar- og frostskrúða.

Sveinarnir þrettán fara í bað einu sinni á ári og hefðin hefur verið hjá þeim að fara í kringum annan í aðventu, svona til þess að þeir mæti hreinir og fínir til byggða.

Áður en jólasveinarnir í Dimmuborgum halda í baðið munu þeir búa sig undir bæjarferðina með því að taka á móti gestum sveitarinnar á Hallarflötinni í heimaborgunum sínum frá 11.00. Þar munu þeir spjalla, syngja, segja sögur, fara í leiki og annað skemmtilegt. Jafnvel sýna heimili sitt og stundum eiga þeir eitthvað matarkyns til að bjóða upp á.

**Dimmuborgir í Mývatnssveit**

Dimmuborgir eru hraunborgir sem draga nafn sitt af þeim einstöku hraunmyndunum sem einkenna svæðið. Þar eru einnig heimkynni jólasveinanna. Jólasveinarnir hafa tekið upp þann sið að taka á móti börnum á öllum aldri á aðventunni í Dimmuborgum. Gera þeir það þannig að á ákveðnum tíma eru þeir við hellismunnann sinn og heilsa upp á börnin við stólinn sinn inni á Hallarflöt.

Talið er að Dimmuborgir hafi myndast í miklu eldgosi í Þrengslaborgum og Lúdentarborgum fyrir u.þ.b 2300 árum. U.þ.b. 200 árum fyrr varð Hverfjall til í kröftugu en skammvinnu þeytigosi. Aðeins er vitað um einn annan stað með sambærilegum hraunmyndunum en sá er á miklu dýpi í Atlantshafi.

Margir hafa lagt leið sína um Dimmuborgir í gegnum tíðina, þar sem klettar og drangar taka á sig óendanlegar kynjamyndir í bland við trjágróður og fölbreytta flóru. Segja má að Dimmuborgir breytist með árstíðunum og þar er ekki síður dulúðugt á haustin og veturna en á vorin og sumrin. Í Dimmuborgum er upplagt að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og heimsækja veröld trölla og annarra vera í huliðsheimum.

## Hvað á að gera um helgina?

### ÁHRIFAVALDAR SELJA FÖTIN SÍN

Ég er að fara á fatamarkað sem ég er að halda ásamt vinkonum mínum, Gabrielu Líf og Karen Guðmunds. Við höfum fengið alla helstu áhrifavalda með okkur í lið og ætlum að selja föt og mun allur ágóðinn fara til styrktar Fjölskylduhjálp. Við fengum fullt af góðum fyrirtækjum til þess að vera með okkur í þessu, við verðum með veitingar og skemmtiatriði og ætlum að hafa ótrúlega gaman!



**Thelma Dögg Guðmundsen áhrifavaldur.**



**Egill Ástráðsson, framleiðandi hjá Les Frères Stefson.**

### DJAMM Í VÆNDUM

Við erum búin að vera á fullu að prómótera nýja útgáfu listamannsins Flóna og verðum áfram um helgina. Þar sem hún er orðin vinsælasta músík landsins þá grunar mig að rosalegt djamm sé í vændum.

### LESTU

Nýjasta ljóðabók Bergþóru Snæbjörnsdóttur, Flórída, hefur hlotið mikið lof og því er það algjör skylda hvers manningarsinnaðs Íslendings að taka sér smá tíma til að lesa bókina um helgina til að eiga kost á að taka þátt í samræðum við siðmenntað fólk á næstunni.






**Elísabet Birta Sveinsdóttir listakona.**

### KÚR MEÐ HUNDUNUM

Í dag er ég að fara að sitja yfir jólabasar Ekkisens á Bergstaðastræti. Ég er með veggverk og skúlptúra þar til sölu. Ég ætla líka að vinna í vídeóverki sem ég stefni á að sýna á samsýningunni ‚borða hér, taka með'. Annars mun ég njóta helgarinnar í kúri með hundunum mínum.



**Bobby Breiðholt hönnuður.**

### GJAFIR OG GLÁP

Ég ætla að byrja jólagjafainnkaupin. Eflaust í Gallerii Porti þar sem margir vinir mínir eru að selja list. Á laugardaginn ætla ég að fara á ljósmyndasýningu Berglaugar Garðarsdóttur í Ramskram og á sunnudaginn ætla ég að hitta fjölskyldu og vini í mat. Inn á milli ætla ég að reyna að ná smá glápi á þáttaröð 2 af Crown með minni heittelskuðu.



N.K. FÖSTUDAGUR, 15. DESEMBER 2017 MARKAR VATNASKIL!
ÞÁ MUNU HINIR STAÐFÖSTU HJARÐMENN HINS KOSMÍSKA KRAFTS
STUÐMENN
KYNNA
ASTRALTERTUKUBB
SEM BER SÆMDARHEITIÐ
ÁSGEIR ÓSKARSON
TAKMARKAÐ UPPLAG!
ASTRALTERTUKUBBURINN INNIBER 11 SPLUNKUNÝ LÖG SEM EKKI VERÐA FÁANLEG Á NETINU – EINUNGIS Á VÖLDUM STÖÐUM SEM KYNNTIR VERÐA Á HEIMASÍÐUNNI STUDMENN.IS UMRÆDDAN DAG.
FYLGIST GRANNT MEÐ. FYRSTUR KEMUR – FYRSTUR FÆR!

# Niðurstaðan má ekki verða ritskoðun

**Unnur Ösp Stefánsdóttir** og **Björn Thors** afhjúpa sig á sviði í verkinu Brot úr hjónabandi. Þar leika þau hjón og mörkin á milli einkalífs og listar eru óljós. Á árinu eignuðust þau tvíbura. Unnur hélt að leikferlinum væri lokið.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Leikarahjónin Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors eignuðust tvíbura á árinu. Því þurfti að gera hlé á sýningum á verkinu Brot úr hjónabandi sem hófust á síðasta ári og slógu í gegn. Nú hafa þau snúið aftur á leiksviðið í þessu verki þar sem samlíf hjóna er undir smásjánni.

Unnur og Björn eru nú foreldrar fjögurra barna. Elstur er Dagur tíu ára, þá Bryndís sem er orðin fimm ára og síðasta vor eignuðust þau tvíbura, þá Stefán og Björn. Þeir eru orðnir níu mánaða gamlir. Hjónin taka þá með sér á veitingastað við gömlu höfnina í Reykjavík og ætlunin er að nýta sér hádegislúrinn sem þeir eru vanir að taka sér til skrafs við blaðamann.

„Við fáum mjög mikla hjálp frá foreldrum okkar,“ segir Unnur. „Þegar ég vissi að ég ætti von á tvíburum þá hugsaði ég með mér: Jæja, ég fer ekkert aftur á svið. Nú er þetta búið. En nú er ég bara byrjuð að vinna og það gengur allt saman upp og gefur okkur meira að segja aukinn kraft og innblástur á heimilinu. En það er svolítið klikkað að koma beint úr fæðingarorlofi og skilja við manninn sinn oft í viku,“ segir Unnur frá og vísar í sýninguna og nefnir jafnframt að íslenskir listamenn veki furðu með sinni barnafjöld úti í heimi. „Við þykjum biluð hérna á Íslandi. Úti eiga leikarar og listamenn ekki svona mörg börn, fólk fær bara sjokk þegar það hittir íslenska listamenn. En hér heima virðist þetta ganga. Það er kannski af því að við búum í litlu samfélagi. Hjálpin er víða og nær.“

### Töluðu við foreldra tvíbura

Þau segjast hafa tekið fæðingarorlofið alvarlega. Notið þess að vera með börnunum.

„Þetta hefur verið dásamlegur tími. Við förum í langt og gott fæðingarorlof. Foreldrar okkar hjálpa til, þau taka börnin til skiptis þegar við erum að sýna. Annars gengi þetta ekki upp,“ segir Björn. En forgangsröðunin er breytt. Hún breyttist strax með okkar fyrsta barni. Við erum auðvitað með fjögur börn sem öll eru undir tíu ára aldri. Það er að mörgu að huga. Maður má ekki smyrja sér þunnt. Öll börnin þurfa sína athygli,“ segir Björn um fjölskyldulífið.

Tvíburarnir eru ekkert á því að lúra. Finna líklega á sér að það er stuð í bæjarferð. Það er svolítið eins og að fylgjast með loftfimleikatriði að horfa á Unni og Björn handleika þá litlu. Þeir vilja sitja til skiptis hjá foreldrum sínum. Annar er rólegur og íhugull. Hinn er órari og hreyfir sig öllu kröftuglegar í fangi foreldra sinna.

„Það er svolítið tryllt að eiga tvíbura. Aldrei hefði okkar grunað þetta. Þetta er fáránlega skemmtilegt, þetta er tvöföld hamingja. Það eru svo margir sem vorkenna okkur og jafnvel votta okkur samúð sína,“ segir Unnur og hlær. „Við ræddum við ótal tvíburaforeldra til að undirbúa okkur,“ segir Björn frá. „Já, það var ágætis væntingastjórnun,“ segir Unnur. „Eitt foreldranna sagðist ekki muna eftir þremur eða fjórum árum úr lífi sínu,“ segir Björn. „Ég hélt mér hefði misheyrst. Mánuðum?“ spurði ég. „Nei, árum!“

„Og vinur okkar Benedikt Erlings sem á tvíbura, hann sagði bara: Ég samhryggist! Sem var nú sagt í mikilli kaldhæðni eins og honum einum er lagið,“ segir Unnur.

### Forgangsröðunin er skýr

Unnur hefur verið í tökum á Ófærð 2 meðfram sýningum á Brotum úr hjónabandi og næsta þáttaröð af Föngum, hugarsmíð hennar og Nínu Daggar Filippusdóttur, er í vinnslu.

„Tökudagarnir mínir eru mest nálægt borginni og það er virkilega gaman að taka þátt í þessu verkefni. Það er mjög stórt í sniðum, Hollywood-bragur á þessu öllu saman. Gríðarlega mannmargt verkefni, við erum úti í vondu veðri, mikið fjör og svo er bara ótrúleg fagmennska í tökuliðinu og hjá öllum aðstandendum. Ragnar Bragason og Margrét Örnólfsdóttir eru svo að skrifa handritið að Föngum 2. Við Nína Dögg erum á hliðarlínunni að fylgjast með skrifunum. Það er skapandi og skemmtilegt. Við erum auðvitað með marga bolta á lofti. En forgangsröðunin er skýr hjá mér og Bjössa. Fjölskyldan og börnin eru númer eitt.“

### Verkið olli skilnaðaröldu

Verkið Brot úr hjónabandi er byggt á einu þekktasta verki úr smiðju Ingmars Bergmans. Sjónvarpsþáttaröðinni „Scener ur ett äktenskap“. Verkið fjallaði um hjónabandsvanda fólks og var sýnt árið 1973. Það er karllægt. Það má segja að í verkinu hafi konur horfst í augu við sársaukafullt hlutskipti og óréttlæti og sýningar þáttanna ollu skilnaðaröldu í Svíþjóð.

Ólafur Egill Egilsson samdi úr efniviðnum nýja leikgerð. Færði verkið til nútímans í samvinnu við þau Unni og Björn. Í uppfærslunni er verið að leika sér að þeirri staðreynd að Unnur og Björn eru hjón. Að hugmyndinni að verkið gæti eins verið um þau. Það gefur sýningunni sérstakt gildi hvernig samspil þeirra úr einkalífinu smitar af sér í samleik þeirra á sviði.

Það þarf líkast til nokkurn kjark til þess að takast á við hlutverkin á þessum forsendum. Að nota einkalíf sitt sem efnivið í leiksýningu. Með því magnast spennan því mörkin færast til. Áhorfendur vita ekki alltaf hvenær Unnur og Björn setja á svið og hvenær þau fella grímuna. Inn í leiksýninguna fléttast í þokkabót myndskeið úr þeirra einkalífi með öðrum sem eru framleidd fyrir sýninguna. Plakatið sjálft fyrir leiksýninguna er stæling á þeirra eigin brúðkaupsmynd.



„Jæja, ég fer ekkert aftur á svið,“ hugsaði Unnur þegar hún vissi að hún ætti von á tvíburum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Mörkin eru óljós á milli einkalífs og listar í verkinu Brot út hjónabandi.

> ÞAÐ ER SVOLÍTIÐ KLIKKAÐ AÐ KOMA BEINT ÚR FÆÐINGARORLOFI OG SKILJA VIÐ MANNINN SINN OFT Í VIKU.

### Afhjúpa sig í listinni

„Ég sagði við Bjössa á síðustu sýningu: Það er rosaleg naflaskoðun í gangi í leikhúsinu. Leikur með mörk og markaleysi. Við erum að hleypa fólki í stofuna hjá okkur.“

„Þetta er viðkvæmt í faginu. Að setja eigin persónu í forgrunn,“ segir Björn. „En það er líka tíðarandinn. Það er ákveðið samtal sem á sér stað í samtímamenningu okkar, sem hefur orðið með tilkomu samfélagsmiðla, fjölmiðla. Við sjáum þetta í sjónvarpi, tónlist, bókmenntum. Listamenn taka í auknum mæli líf sitt og afhjúpa sig í listinni. Fjalla um sig sjálfa. Björk Guðmundsdóttir gerir þetta í tónlist sinni á áhrifaríkan hátt. Það er spennandi að taka þátt í þessari þróun. En upp að ákveðnum mörkum. Því það er stuttur vegur á milli þess að fjalla um líf sitt í samhengi og þess að gera það í sjálfhverfu, þetta er viðkvæmur línudans,“ segir hann.

„Verkið er ekki líf okkar. Þetta eru ekki orðin okkar. En samt göngum við ansi nærri okkur persónulega. Óli Egill leikstjóri lagði upp með afhjúpandi leikstíl, að búa sem minnst til, ekki sýna heldur vera. Við njótum þeirra forréttinda að vera á besta sviði landsins, litla sviðinu í Borgarleikhúsinu. Þar sem ekki þarf að beita þessari stórasviðstækni. Þá er hægt að vera organískur og eðlilegur. Nær kvikmyndaleiksforminu. Þá gefst einnig færið á að færa til mörkin, þannig að áhorfandinn ruglast í ríminu. Skynjar ekki vel hvenær maður er að fella grímuna, þegar það næst er það rafmagnað og spennandi,“ segir Unnur.

Fannst þeim einhvern tímann erfitt að vinna saman?

„Nei, alls ekki. Það er erfitt að vinna í leikhúsi sem er nærgöngull vettvangur ef það er ekki traust ➡



ENGIN BINDING
DESEMBER-
UPPBÓT!
BORGAÐU FYRIR JANÚAR
EN BYRJAÐU NÚNA
Þeir sem fá sér janúarkort hjá Reebok Fitness núna geta tekið forskot á sæluna og æft út desember í nýrri stöð okkar í Faxafeni, án þess að greiða sérstaklega fyrir það!
Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is
Reebok
FITNESS
Brandenburg | SÍA



Unnur og Björn tóku fæðingarorlofinu alvarlega. Nú eru þau byrjuð að vinna aftur og njóta dyggrar aðstoðar foreldra sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

eða fólk á ekki samleið. Rekst á. Þá verður allt erfitt. Óbærilega erfitt. Sem betur fer er það algjör undantekning að það gerist. Þá fara allir að hugsa um sjálfa sig," segir Unnur.

„En þetta er allt til staðar hjá okkur. Við höfum unnið saman í nokkrum verkefnum og það hefur alltaf verið frábær reynsla," segir Björn.

„Auðvitað er samt mikil áhætta fólgin í því að fara í svona aðgangshart og persónulegt verk. Það var samt aldrei spurning hvort við myndum treysta okkur í þetta," bætir Unnur við um samstarf þeirra hjóna.

## Eins og stór fjölskylda

Verkið hefur flætt með lífi þeirra hjóna og reyndar atburðum í samfélaginu sjálfu. Unnur lék í verkinu þar til hún var orðin kasólétt. Við það myndaðist spenna á sviðinu. Og nú þegar #metoo byltingin er að ryðja sér til rúms í leikhúsinu og samfélaginu öllu skilar það sér í verkið.

„Það var bæði erfitt og gefandi að leika í verkinu á meðan ég var ólétt að tvíburunum. Sýningin var einhvern veginn á fleiri lögum og dramatíkin dínamískari," segir Unnur en áhorfendur voru á sætisbrúninni í vissum senum verksins þegar hún var ólétt og enn dómharðari á Björn í verkinu. Brestir hans nánast flóðlýstir. Og það gerist aftur nú þegar #metoo byltingin skekur samfélagið og þá sérstaklega leikhúsið.

„Við áttuðum okkur á því í þessari #metoo umræðu að við erum kannski svolítið vernduð þar sem við höfum verið par í gegnum öll okkar störf. Ég hef verið í sambandi með Bjössa frá því ég var í menntaskóla. Í gegnum allan leiklistarskólann og svo í starfi," segir Unnur frá. „Mér hefur fundist sjúklega áhugavert að kanna viðbrögð mín og minna nánustu við #metoo byltingunni. Auðvitað fer maður í smá vörn fyrst. Fær sjokk. Og reynir að minna sig á það góða. Að þetta sé öruggasti vinnustaður í heimi, þar sem er traust, hlýja og mikil vinátta. Leiklistarheimurinn er eins og stór fjölskylda. Ég sagði við Bjössa að ég hefði náttúrulega aldrei lent í neinu. Þá sagði hann. Bíddu, bíddu og fór að telja upp ótal atvik sem ég hafði sagt honum frá. Ég brást enn við í vörn og sagði; já en það skiptir engu máli, því það hafði engin áhrif á mig.

Nánd og hlýja er hluti af starfinu og gerir að það verkum að þetta er öðruvísi starf en flest önnur. Við erum alltaf að snertast, taka utan um hvert annað, kynnast náið, horfast í augu. Ef ég er að leika eitthvert hlutverk, tökum sem dæmi hlutverk Nóru í Dúkkuheimilinu, þá byrja ég að tengjast mótleikurum mínum um leið og ég stíg inn í leikhúsið. Maður byrjar að mynda þessi tengsl, gera mótleikarann að manninum mínum. Þetta gerum við til að kemestrían verði rafmögnuð á sviðinu, trúverðug fyrir áhorfendur. Það gerist ekki af sjálfu sér, við vinnum í því, meðvitað og ómeðvitað. Svo verðum við að geta aftengst þegar við förum heim. Við erum alltaf í þessum línudansi, að þenja þessi mörk. Og viljum ekki vera í vopnahléi, á of öruggum stað. Það lærðum við í leiklistarnámi okkar, þetta þarf allt að vera upp á líf og dauða. Við viljum að listin sé spennandi og maður þarf að geta afhjúpað sig, farið inn í kvikuna. Nekt er aukaatriði, það eru tilfinningatengslin sem eru flókin og hin stóra áskorun. Þess vegna er pínu skrítið að allt í einu snýst samfélagsumræðan um að við þurfum að setja skýr mörk, fara ekki yfir línu hvert annars. Ég held að lykilatriðið í leikhúsinu og kvikmyndunum sé að allir aðilar séu með línuna á hreinu, það verður að ríkja fullkomið traust, þá er þetta ekki svona flókið. Við verðum að geta átt samtal um þetta allt saman," segir Unnur.



> ÉG HEF VERIÐ Í SAMBANDI MEÐ BJÖSSA FRÁ ÞVÍ ÉG VAR Í MENNTA-SKÓLA.
>
> Unnur

„En svo þegar maður fór að hugsa um þessa rótgrónu kynjamenningu kom áfallið. Smám saman. Varnirnar fóru að bresta og maður fór að sjá þetta skýrar. Þetta er misalvarlegt en þessi kvenfyrirlitning er enn til staðar og á engan hátt bundin við leikhúsið. Þetta er alls staðar og er samfélagsmein sem þarf að uppræta. Ég finn fyrir því að vera hrædd við að fara inn í þetta samtal því það er svo erfitt og afhjúpandi. Erfiðast finnst mér að lesa sögur af ungum konum sem verða fyrir áreitni í námi."

## Vön því að kryfja þung mál

„Fáir af mínum jafnöldrum kannast við að hafa gengið í gegnum svipað í listnámi og ný kynslóð er að gera upp í þessari byltingu," segir Björn. „Mér finnst erfitt að heyra um þetta, það má ekki bregðast ungu fólki í námi. Það á alls ekki að ganga út á að brjóta niður fólk í námi. Í mínu listnámi voru margir kennarar að ýta við okkur. Ögra okkur. Senda til manns sendingar. Metnaðurinn var að sprengja rammann, opna tilfinningarófið til að geta sýnt það á sviði. En svo les maður þessar sögur og það virðist vera upplifun margra stelpna að unnið sé á einhverjum einum tóni. Einhvers staðar fer skólinn út af sporinu."

Unnur tekur undir. „Það verður að ræða þetta. Það er hætt við því að vald og trúnaðartraust sé misnotað. Það þarf að uppræta ákveðinn hugsanagang og ofbeldi. Það mun koma margt gott út úr þessari byltingu, Nú eru til dæmis að fara af stað skýrari verkferlar varðandi þessi mál í leikhúsinu og skólunum. En það sem má ekki gerast er að við verðum púrítönsk. Skáldskapurinn þarf að vera vettvangur til þess að kanna mörk. Það er hlutverk listarinnar að kanna mörk okkar í tilfinningum. Í hjónabandi. Utan þess. Leikarar og listamenn eiga að rannsaka mörk og finna samfélagstenginguna í því samhengi. Þess vegna held ég að það sé brilljant að þetta sé allt að springa út í einu opnu heimssamtali. Trylltir tímar sem við lifum," segir Unnur.

„Já, við erum vön því að kryfja þung mál í leikhúsinu, eigum samtöl um sorg, ást, misnotkun, ofbeldi. Þessa stóru bagga sem við berum saman. Við erum stöðugt að vinna í þessu innan listarinnar. Það er svo mikilvægt að niðurstaðan verði ekki ritskoðun eða að það megi ekki gera ákveðnar senur í leikhúsinu," segir Björn. „Enda snýst þetta ekki um það. Það er svo mikilvægt að þetta verði ekki niðurstaðan. Ég hef núna upp á síðkastið lent nokkrum sinnum í því að fólk, oftast eldri konur, segir við mig: Jæja, nú er erfitt fyrir ykkur karlana. þetta er sagt í svona vorkunnartóni. Okkur er bara enginn vorkunn," leggur Björn áherslu á. „Ofbeldi er ofbeldi. Það er engum vorkunn að því að kunna eðlileg mannleg samskipti og sýna virðingu. Þú veist hvenær þú ferð yfir mörkin. Ef þú ætlar að halda því fram að þú þekkir ekki mörkin, þá ertu bara í einhverjum biluðum leik. Ég er ekkert að barma mér neitt. Þessi bylting er geðveik og löngu tímabær."

## Finnur fyrir mótstöðu

Björn finnur fyrir því á sýningunum hvernig áhorfendur skynja persónu hans öðruvísi eftir #metoo byltinguna. „Karakterinn minn er fulltrúi vissrar karlmennsku. Er karlpungur á köflum og veður uppi. Það er meiri mótstaða núna. Það er hlegið aðeins hærra, en það er broddur í því. Þetta verður allt saman svo miklu fáránlegra. Fólk sér sig í þessum aðstæðum og horfist í augu við sjálft sig og kringumstæður sínar."

„Þetta kallast á við verkið, finnst okkur. Þetta er krefjandi samtal. Uppgjör og það er á okkar allra ábyrgð að gera upp kynjamenninguna," segir Unnur.

„Maður finnur að fólk alls staðar í samfélaginu er af vilja gert, það er að skoða eigin mörk og annarra," segir Björn.

Unnur segist vona að konur hætti að leiða hjá sér kvenfyrirlitningu og áreitni sem þær verða fyrir. „Hættum að hlæja að klámbröndurum af meðvirkni. Leiðum ekki hjá okkur þegar það er farið yfir mörkin okkar. Ég er mjög viðkvæm fyrir fórnarlambsvæðingu kvenna, ég vil frekar berjast. Vil að konur gefi sér pláss til að vera aðgangsharðar og já, „erfiðar"!"

> OFBELDI ER OFBELDI. ÞAÐ ER ENGUM VORKUNN AÐ ÞVÍ AÐ KUNNA EÐLILEG MANNLEG SAMSKIPTI OG SÝNA VIRÐINGU. ÞÚ VEIST HVENÆR ÞÚ FERÐ YFIR MÖRKIN.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–17 | **www.forlagid.is**




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Biðja um meiri vinnu í fangelsin

Fangelsismálastofnun auglýsir eftir atvinnu fyrir fanga á Hólmsheiði. Alls konar starfsemi er á Litla-Hrauni og hugmyndirnar skortir ekki. Þó eru ljón í veginum. Forstöðumenn vilja fleira starfsfólk. Fangarnir biðja um hærri laun.

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Hversdagslegur blær er yfir Litla-Hrauni þegar blaðamann og ljósmyndara Fréttablaðsins ber að garði á þriðjudagsmorgni í byrjun desember. Kennslustjórinn Gylfi Þorkelsson kemur í hús á sama tíma. Kennsla er að hefjast, en sjö fangar stunda nám á Litla-Hrauni. Við bíðum eftir Halldóri Vali Pálssyni forstöðumanni sem ætlar að sýna okkur atvinnustarfsemina í fangelsinu og röbbum við fangavörð í móttökuhúsinu á meðan við bíðum. Hann segir okkur að fangahópurinn á Litla-Hrauni hafi breyst töluvert á undanförnum árum með þróun í fangelsismálum og opnum úrræðum eins og á Sogni og Kvíabryggju. „Það fylgir því að erfiðasti hópurinn verður eftir hjá okkur. „Strákarnir okkar“ kallar hann þá rétt eins og um landsliðið í handbolta sé að ræða og segir þá vera á öllum aldri allt frá tvítugu og upp undir sjötugt.

Halldór kemur og við röltum af stað. Þegar við komum inn í port hittum við fyrir tvo vörpulega fanga. Annar þeirra heilsar fangelsisstjóranum kumpánlega og minnir á dýnuna sem hann týndi á Sogni. Halldór lofar að kanna málið.

Við erum komin á Litla-Hraun til að forvitnast um atvinnustarfsemi í fangelsum en Fangelsismálastofnun auglýsti á dögunum eftir fleiri verkefnum í fangelsin, einkum fyrir fanga á Hólmsheiði. Þar ætlum við að koma við á leið í bæinn að austan.

Við byrjum á númeraplötunum en á Litla-Hrauni hefur verið unnið við gerð bílnúmera í áraraðir. „Það er búin að vera mikil aukning í númeraplötunum á þessu ári sem helst í hendur við aukinn innflutning á bílum. Gamla metið var frá 2007, einhverjar 70 þúsund plötur, en við slógum það fyrir nokkrum vikum,“ segir Halldór. Starfsmennirnir í númeraplötunum vilja ekki veita viðtal en óska eftir að koma því á framfæri að launin séu ekki boðleg. „Við vinnum fyrir fjögur hundruð kall á tímann,“ segir annar þeirra. Halldór leiðréttir hann með frammíkalli. Þóknunin er 415 krónur.

Við komum við í þvottahúsinu á leiðinni í skemmuna sem hýsir langtímaverkefni frá Íslenska gámafélaginu. Í þvottahúsinu ganga þvottavélarnar allan daginn og menn grípa í tafl meðan beðið er eftir að vélarnar klári að vinda. Halldór segir okkur að auk verkefna sem koma að utan, séu alltaf nokkur stöðugildi í vinnutengdri starfsemi fangelsisins; þvottar, þrif, snjómokstur, garðsláttur og þess háttar. Svo eru einn til tveir sem vinna í verslunninni Rimlakjör sem rekin er á Litla-Hrauni.

„Það er bara mjög einstaklingsbundið,“ svarar Halldór aðspurður um vinsælustu störfin. „Sumir hafa mestan áhuga á númeraplötunum svo eru margir sem vilja komast í útistörfin á sumrin, garðslátt og þess háttar.“

Íslenska gámafélagið hefur sent fangelsinu raftæki til niðurrifs um nokkurra ára skeið. Varan verður verðmætari þegar búið er að rífa tækin í sundur og flokka þau í gler, plast, málm og svo framvegis. Í skemmunni eru einungis útlendir fangar að störfum. Verkstjórinn er á þeirri skoðun að Pólverjar séu dugleg-




**Þessir leikfangabílar eru afrakstur samstarfsverkefnis Listaháskóla Íslands og fangelsisins að Litla-Hrauni. Á námskeiði nemenda í hönnun fyrir staðbundna framleiðslu fengu nemar hugmyndir sem fóru til framleiðslu í fangelsinu.**



**Íslenska gámafélagið hefur haft samstarf við Litla-Hraun um árabil. Pólsku fangarnir þykja langduglegastir í brotajárninu og reyndar flestu öðru.**

» **FRAMBOÐ AF VINNU ER MJÖG MISJAFNT Í FANGELSUM LANDSINS. SEM STENDUR VANTAR VINNU FYRIR FANGA Í FANGELSINU HÓLMSHEIÐI. FANGAR Í FANGELSINU GETA UNNIÐ FJÖLBREYTTA VINNU, EINFALDA SEM FLÓKNA.**

ustu menn sem unnið hafi á Hrauninu. Verkkunnátta þeirra sé betri en gengur og gerist.

Vinnutíminn í fangelsunum er yfirleitt frá níu til tólf og eitt til þrjú. „Oftast er unnið í fimm tíma á dag, þannig að þetta eru svona 25 til 30 tímar á viku,“ segir Halldór. Hann vísar í reglugerð ráðherra um þóknun fyrir nám og starf fanga. „Það er miðað við að nám og önnur vinna fanga fari að jafnaði ekki yfir 40 stundir á viku. Þetta er fyrst og fremst sett inn fyrir okkur til að við dreifum álaginu milli fanga eins og mögulegt er, þannig að við drekkjum þeim ekki sem eru duglegastir og látum aðra detta í aðgerðarleysi,“ segir Halldór.

Hann segir í kringum 70 prósent fanga á Litla-Hrauni mæta til vinnu eða náms að jafnaði. Um það bil 10 prósent séu óvinnufærir vegna and-







**SIEMENS**
**Þvottavél**

WM 14W768DN, iQ700

Vindur upp í 1400 sn./mín.
Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð.
Nýjung: „sensoFresh"-kerfi.

Jólaverð:
**119.900 kr.**
Fullt verð: 154.900 kr.



**BOSCH**
**Þvottavél**

WAN 2828SSN, Serie 4

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð.

Jólaverð:
**87.900 kr.**
Fullt verð: 109.900 kr.



**Profi Cook**
**Eldhúsvog**

BOPR KW 1061

Vigtar allt að 5 kg (nákvæmni upp á 1 g).

Jólaverð:
**1.900 kr.**
Fullt verð: 2.500 kr.



**Profi Cook**
**Hitajafnari**

Sous-Vide

Hráefni eldað við stöðugan hita í lofttæmdum umbúðum í vatnsbaði. Tækið er einfalt í notkun og nákvæmt. Sérstök kerfi: Jógúrtgerð. Haldið heitu. Affrysting.

Jólaverð:
**14.900 kr.**
Fullt verð: 19.900 kr.



**BOSCH**
**Brauðrist**

TAT 6A111

1090 W. Rafeindaskynjari tryggir jafna ristun. Þíðingaraðgerð.

Jólaverð:
**5.900 kr.**
Fullt verð: 7.900 kr.



**Johanna**
**Borðlampi**

18324-20
18332-20-01

Hæð (minni gerð): 30 sm.
Hæð (stærri gerð): 34 sm.

Jólaverð (minni gerð):
**3.500 kr.**
Fullt verð: 4.900 kr.

Jólaverð (stærri gerð):
**4.500 kr.**
Fullt verð: 6.500 kr.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Fangelsismálastofnun auglýsir eftir fjölbreyttri vinnu á Hólmsheiði.



Konur og karlar vinna saman við ýmis pökkunarverkefni á Hólmsheiði. Samstarfið er yfirleitt farsælt segja verðirnir.

legs eða líkamlegs ástands og 20 prósent hafi ýmist ekki áhuga á að vinna eða hafi enn ekki fengið vinnu.

„En þetta er síbreytilegt. Sumar vikur koma kannski þrír til fjórir fangar til okkar og kannski er enga vinnu að fá fyrstu vikuna og næstu vikuna komast kannski tveir þeirra í vinnu og þannig mjatlast þetta svona inn hjá okkur,“ segir Halldór.

Þegar við röltum yfir á trésmíðaverkstæðið spyrjum við Halldór hver séu draumaverkefnin fyrir fangelsið.

„Best er að fá verkefni sem væru ekki unnin nema af því að þau koma til okkar,“ segir Halldór. „Til dæmis verkefni með einhvern samfélagslegan tilgang eins og endurnýtingu eða endurvinnslu þar sem er svona samfélagslegur ávinningur af. Það er mjög skemmtilegt að geta verið í slíkum verkefnum,“ segir Halldór og bendir á að kostur slíkra verkefna fyrir fangelsin sé að þau megi vinna á lengri tíma án tímapressu. „Þetta eru verkefni sem eru í rauninni háð frumkvæði utan úr samfélaginu. Eitthvað sem menn eru að gera inni á vinnustöðum og finnst sárt að horfa upp á einhverja sóun til dæmis. Þá viljum við láta hugsa til okkar,“ segir Halldór.

„Einu sinni duttu okkur til dæmis í hug öll óskilahjólin sem lögreglan safnar saman, að við gætum tekið við þeim, lagað þau og selt svo á hærra verði og ágóðinn færi þá í einhver svona jákvæð útgjöld einhvers staðar.“ Halldór bendir þó á þann vanda að svona verkefni krefjist þess að farmi sé ekið austur til þeirra auk þess sem þau krefjist þess að fangelsið hafi gott geymslupláss.

Halldór segir okkur einnig frá vefsíðu sem er í vinnslu; sölusíðu fyrir ýmsan varning sem unninn er í fangelsunum. Halldór hefur miklar væntingar til síðunnar og bendir á að ný verkefni gætu beinlínis orðið til í kringum síðuna. „Við fengjum kannski fanga til okkar sem er laghentur og með einhverja góða hugmynd eins og þennan litla bíl til dæmis og svo færi bara að rigna inn fyrirspurnum um þennan bíl og þá værum við komin með litla leikfangaverslun,“ segir Halldór um bíl sem starfsmaður á trésmíðaverkstæðinu sýnir okkur. Bíllinn var hannaður af nema við Listaháskóla Íslands.

Meðal þess sem fangarnir framleiða eru garðbekkir sem hafa rokselst hingað og þangað til vegasjoppa og annarra fyrirtækja og stofnana. Halldór segir vefsíðuna sem er í vinnslu algert lykilatriði í þessu og virðist spenntur að taka hana í gagnið. „Hún getur auðvitað líka skapað sjálfstæða vinnu fyrir fanga til dæmis við að útbúa sendingar, pakka inn og þess háttar tengd störf.“ Halldór segir undirbúning vefverslunar fanga langt kominn. „Vefsíðan er í vinnslu og við erum að leysa tæknileg atriði eins og reikningakerfi og slíkt. Þannig að hún er bara á þröskuldinum.“

Önnur framleiðsluvara á Litla-Hrauni eru jólaskilti sem sveitarfélög í nágrenni fangelsisins hafa keypt. „Svo hafa einhverjir einstaklingar líka séð þetta og rakið sig með það hingað og komið og keypt nokkra kalla,“ segir Halldór.



Jólaskiltin sem framleidd eru á Litla-Hrauni.

Halldór segir að greiðslur fyrir verkefni, sem utanaðkomandi aðilar kaupa, fari í þóknanir fanganna og annan kostnað af atvinnustarfseminni; tæki, verkfæri efniskostnað og þess háttar.

Svipaða sögu er að segja um bónstöðina á Litla-Hrauni. Viðskiptavinir bónstöðvarinnar eru helst fólk úr nágrenninu; ekki síst eldri borgarar af Suðurlandinu og margir þeirra fastakúnnar.

Það eru ekki ný sannindi að bestu betrunarmöguleikar fanga eru í gegnum nám og starf. Það er því til mikils að vinna að vel sé búið að allri starfsemi í kringum nám og starf í fangelsum. Meðal þess sem skiptir mestu máli er fjöldi og samsetning starfsfólks fangelsa.

Á Litla-Hrauni eru margir litlir vinnustaðir sem allir krefjast viðveru fangavarðar og verkstjórnar.

„Því erfiðari sem fangahópurinn er hvað samsetningu varðar og þar sem menn hafa litla reynslu af vinnu eða litla starfsgetu þeim mun færri vinnuhópa er hægt að hafa,“ segir Halldór.

„Ef við miðum við þá sem eiga gott með að vinna og geta unnið nokkuð sjálfstætt þá erum við með mannskap í það en um leið og við ætlum að fara að sinna þessu eitthvað meira verður það strax erfiðara.“

Halldór dreymir um að geta hagað atvinnustarfseminni eins og á vernduðum vinnustað. „Okkar draumur hefur verið að hafa til dæmis iðjuþjálfa með okkur og líta á þetta meira eins og verndaða vinnustaði .“

Aðspurður segir Halldór stofnunina reglulega herja eftir fjölgun stöðugilda, en þá þurfi líka að velja hvaða bardaga eigi að taka. „Við vorum nú alsæl með það á sínum tíma að ná fleiri stöðugildum meðferðarfulltrúa. En við getum endalaust bætt við okkur og fjölgað fólki í verkstjórn, meðferðarstarfi og svo framvegis.

Halldór bendir á að fangelsiskerfið sé engan veginn samanburðarhæft við Norðurlöndin í þessum efnum.

„Við erum bara hálfdrættingur á við fangelsiskerfin á Norðurlöndunum sem eru sum hver með allt að heilt stöðugildi á hvert fangapláss. Ef við tökum íslenska fangelsiskerfið þá erum við að tala um svona 50 prósent eða í kringum hálft stöðugildi á hvern fanga.

Starfsmenn hinna ýmsu vinnustaða eru að tínast inn í mat þegar við kveðjum Litla-Hraun undir hádegi.

Þegar við komum á Hólmsheiði er vinna í fullum gangi í vinnusalnum. Ólíkt vinnustöðum Litla-Hrauns, þar sem einungis karlar afplána, sitja konur og karlar saman hér við pökkun á kærleiksspjöldum; verkefni frá Kirkjuhúsinu.

Fangahópurinn á Hólmsheiði er að mörgu leyti mjög ólíkur hópnum á Litla-Hrauni. Í fangelsinu er sérstök kvennaálma og konurnar eru í rauninni einu fangarnir á Hólmsheiði sem eru í langtímavist. Aðrir fangar eru þar til skemmri tíma enda fangelsið hugsað sem móttökufangelsi. Betrunarstarf á Hólmsheiði er því hugsað með öðrum hætti en í öðrum fangelsum landsins. „Við erum ekki með nein verkstæði hér eins og á Litla-Hrauni. Við erum bara með þennan vinnusal þar sem er hægt að vinna það sem við köllum smáverkefni eða samsetningarverkefni,“ segir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður á Hólmsheiði.

„Við erum til dæmis með smáverkefni frá Kirkjuhúsinu og svo pökkum við tímaritinu Glamour. Það er fast verkefni. Og það er stórt upplag sem kemur á vörubrettum með sendiferðabíl og tekur smá tíma.“ Guðmundur segir alla, bæði fanga og starfsmenn, vera ánægða með öll þau verkefni sem fangelsið hafi fengið. „Þessi verkefni sem við höfum fengið hafa öll tekist mjög vel.“

Atvinnuþátttakan á Hólmsheiði er svipuð og á Litla-Hrauni, í kringum 70 prósent.

Aðspurður bendir Guðmundur á að margir séu í mjög slæmu ástandi þegar þeir koma á Hólmsheiði, sem er fyrsti viðkomustaður flestra sem koma til afplánunar. „Hér er náttúrulega töluvert hátt hlutfall af föngum sem eru nýkomnir inn og hafa verið í vondum málum og jafnvel mikilli neyslu. Þeir þurfa bara að byrja á að koma hausnum á sér í lag,“ segir Guðmundur.

Vel virðist fara á með starfsmönnum í vinnusalnum á Hólmsheiði en um það bil sem ljósmyndari og blaðamaður Fréttablaðsins hugsa sér til hreyfings, stendur einn fanganna upp frá vinnunni og kveður félagana; segist hafa lokið afplánun. Samfangar kveðja með virktum. „Sjáumst síðar.“

## Frá Afstöðu

Afstaða, félag fanga fagnar því að Fangelsismálastofnun auglýsi eftir atvinnutækifærum fyrir fanga. „Það er ekkert eins niðurdrepandi fyrir fanga og að hafa ekkert við að vera. Öflugasta betrunarstarfið felst í námi og starfi,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu. „Við í Afstöðu höfum margoft bent á að það þurfi sérstakan starfsmann hjá Fangelsismálastofnun í þennan málaflokk. Einhvern sem er bara í því að finna atvinnutækifæri, námskeið og aðra eflandi starfsemi inni í fangelsin,“ segir Guðmundur og bendir einnig á að efla megi hvers kyns samstarf um þessi mál. Ekki aðeins við Afstöðu heldur einnig við atvinnulífið og samtök þess.




ÆVINTÝRALEGAR JÓLAGJAFIR
Skíðadeild Útilífs er í Smáralind
Herra- og dömuskíði með bindingum
Verð frá: 49.990 kr.
Herra- og dömuskíðaskór
Verð frá: 29.990 kr.
LOWA gönguskór, dömu og herra
Verð: 36.990 kr.
North Face húfur
Verð frá: 3.990 kr.
20% AFSLÁTTUR AF SKÍÐAPÖKKUM
Skíðapakkar fyrir fullorðna
Verð frá: 64.000 kr.
JÓLA TILBOÐ
North Face Thermoball úlpur
Herra- og dömusnið - margir litir
Verð nú: 19.990 kr.
~~Verð áður: 27.990 kr.~~
Deuter Futura bakpokar
Verð frá: 19.990 kr.
20% afsláttur af North Face
McMurdo Parka og Arctic Parka
20% AFSLÁTTUR
North Face hanskar
Verð frá: 6.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI • SMÁRALIND
utilif.is
Verð gilda til þriðjudags.
ÁRNASYNIR



Sigurlaug, Arnar, Jökull og Þórlaug. Þó að strákarnir séu á þéttum tónleikaferðum ætla báðir að vera heima um jólin. „Hefðirnar virðast dýrmætari en flest annað,“ segir Þórlaug. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fíla tónlistarsmekk mæðranna

Þær Sigurlaug Lövdahl, skrifstofustjóri í HÍ, og Þórlaug Sveinsdóttir sjúkraþjálfari eiga það sameiginlegt að syngja báðar í hinum magnaða kór Söngfjelaginu og vera mæður tónlistarsnillinga sem með sínum sveitum vekja athygli víða um heim. Þeir eru Arnar Pétursson, gítarleikari í Mammút, og Jökull Júlíusson, söngvari og gítarleikari Kaleo.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við mælum okkur mót á kaffihúsi, Sigurlaug Lövdahl og sonur hennar, Arnar Pétursson gítarleikari í Mammút, Þórlaug Sveinsdóttir og hennar sonur, Jökull Júlíusson söngvari og gítarleikari í Kaleo, og ég. Það má kallast kraftaverk að ná þessum mæðginum saman því sakir vinsælda hljómsveita strákanna eru þeir á stöðugum tónleikaferðum um veröldina og tylla sjaldan niður tám samtímis á landinu. Arnar var að ljúka löngum túr með Mammút um Ameríku og Evrópu. Jökull er í smástoppi heima eftir að hafa komið fram með Kaleo í Moskvu og St. Pétursborg og endar fjögurra mánaða túr í Grikklandi 16. desember. „Þetta er rosalegt úthald,“ segir Sigurlaug en bendir á að báðir verði heima um jólin.

„Já, ég var með hugmyndir um að fjölskyldan héldi bara jólin einhvers staðar í útlöndum. Nei, takk. Jökull tók það ekki í mál. Allt á að vera eins og venjulega, jólamúsíkin, steikin, laufabrauðið. Hefðirnar virðast dýrmætari en flest annað,“ segir Þórlaug hlæjandi. Sigurlaug kannast vel við það. „Á jólunum höfum við spilað sömu diskana alveg frá því Arnar var lítill, það er miðaldajólamúsík og ekta barokk og þetta verður hann að hlusta á á hverjum einustu jólum.“

Það eru einmitt svona sögur úr bakgrunni strákanna sem ég er að sækjast eftir. Mæðurnar eru báðar söngfuglar í kór en taka ekkert sérstaklega undir þá fullyrðingu mína að strákarnir hljóti að hafa fengið tónlistarhæfileika með móðurmjólkinni. „Eða úr umhverfinu,“ segir Sigurlaug. „Þeim jarðvegi sem orðið hefur til fyrir þessa kynslóð í tónlistinni. Þar á ég við Músíktilraunir, Samfés, Airwaves, að ógleymdum tónlistarskólunum. Þetta hefur allt ratað í sama pottinn, gerjast þar og upp spretta þessar flottu hljómsveitir sem eru að gera það gott.“

Þórlaug tekur undir það. „Til dæmis í Mosó, heimasveit strákanna í Kaleo, höfðu þeir frítt aðgengi að æfingahúsnæði í mörg ár í skúr á skólalóðinni. Voru með lykil og gátu geymt hljóðfærin sín þar. Síðan tóku foreldrar Davíðs trommara við að hýsa þá í bílskúrnum í tvö ár. Það var ómetanlegt.“

„Þessi skilningur er svo mikilvægur,“ segir Sigurlaug. „Krakkarnir í Mammút fengu einmitt að æfa í bílskúrnum hjá Andra trommara. Það er svo margt sem stuðlar að tónlistaruppeldinu hjá þessari kynslóð.“ Þær geta þess að báðir eigi ungu mennirnir músíkalska feður, faðir Arnars er Pétur Jónasson og Jökuls Júlíus Hjörleifsson.

### Hlustuðu mikið á músík

Fyrsta minning Arnars tengd tónlist er einmitt um pabba hans að spila á gítar. „Pabbi er klassískur gítarleikari og æfði sig mikið heima. Ég man líka eftir tónlistarmyndbandi sem var oft spilað á RÚV snemma á 10. áratugnum. Í því var lítill strákur sem söng held ég á grænlensku og dansaði og svo voru alls konar litir úti um allt. Ég var alveg óður í þetta lag og þetta var mikið rætt á leikskólanum. Síðan hef ég leitað að þessu lagi en ekki tekist að finna það. Ef einhver veit hvað þetta er má sá hinn sami senda mér skilaboð á Facebook.“

„Jökull var músíkalskur frá fæðingu og drakk allt í sig, bæði lög og texta,“ rifjar Þórlaug upp. „Sem krakki spilaði hann kasettur eins og Barnabros, Tunglið, tunglið taktu mig, Olgu Guðrúnu og fleira íslenskt efni. Pabbi hans spilar líka á gítar og þeir syngja mikið saman. Stína Maja, sem er með okkur í Söngfjelaginu, passaði Jökul í fyrsta skipti sem ég fór af landi brott eftir að hann fæddist, þegar hann var 18 mánaða. Það var píanó heima hjá henni og hún sagði: „Ég þurfti ekkert að hafa fyrir honum, setti hann bara við píanóið.“

Svo fluttum við á Höfn þegar hann var sex ára og það tekur fimm, sex tíma að keyra á milli Reykjavíkur og Hafnar. Ég keypti lítið hljómborð með heyrnartólum og ég vissi ekki af drengnum. Hann sat bara aftur í með hljómborðið, algerlega í eigin heimi.“ Jökull minnist leikhús- og bíóferða að sjá Dýrin í Hálsaskógi og Lion King sem hann kveðst hafa eignast síðar á VHS. „Myndin og tónlistin hafði mikil áhrif á mig á þeim tíma og svo átti mamma geisladiskinn sem var oft spilaður í bílnum.“

Arnar segir sitt fyrsta uppáhaldslag hafa verið Bamboleo með Gipsy Kings. „Pabbi átti það á kasettu sem var alltaf í bílnum og ég bað hann að spila það aftur og aftur þegar við vorum á rúntinum. Það er ennþá eitt af mínum uppáhaldslögum.“

> **ÉG MAN LÍKA EFTIR TÓNLISTARMYNDBANDI SEM VAR OFT SPILAÐ Á RÚV SNEMMA Á 10. ÁRATUGNUM. Í ÞVÍ VAR LÍTILL STRÁKUR SEM SÖNG HELD ÉG Á GRÆNLENSKU OG DANSAÐI OG SVO VORU ALLS KONAR LITIR ÚT UM ALLT. ÉG VAR ALVEG ÓÐUR Í ÞETTA LAG.**
>
> Arnar

En hvaða tónlist muna þeir eftir að mæður þeirra hafi hlustað á þegar þeir voru litlir? „Mamma hlustaði á fjölbreytta tónlist, bæði íslenska og erlenda,“ svarar Jökull. „Ég kunni að meta nánast allt sem hún hlustaði á nema kannski fusion-djass.“

Arnar á svipaðar minningar. Efst í hans huga af lista móður hans eru KK, Bubbi, U2, R.E.M. og svo seinna það sem stundum er kallað heimstónlist eins og Buena Vista Social Club og Cecaria Evora. „Ég man eftir að hafa ekki skilið erlendu textana og oft búið til mína eigin út frá því hvernig orðin hljómuðu. Lagið „Sangue de Beirona“ með Cecaria Evora varð til dæmis að „Í sandi með Óla“!“

Jökull kveðst ekki hafa átt eitthvert eitt goð í tónlistinni þegar hann var yngri. „Ég hef alltaf verið alæta á tónlist og var duglegur að hlusta á bara sem mest og flest,“ segir hann.

Arnar byrjaði snemma að hlusta á Bítlana, að eigin sögn. „Ég ákvað strax að Paul McCartney væri minn maður. Það var samt aðallega af því að allir aðrir héldu mest upp á John Lennon og ég vildi vera öðruvísi. Næst á eftir því datt ég í rappið og þá tóku Tupac og Puff Daddy við. Enn síðar varð ég forfallinn Nirvanaaðdáandi og fannst Kurt Cobain flottasti gaur sem uppi hafði verið.“

### Fóru sínar eigin leiðir

Eitt af því sem fram kemur í þessu spjalli er að Arnar er menntaður húsgagnasmiður og nemandi í heimspeki. En hvernig var tónlistarnámi háttað hjá þessum herramönnum? „Ég var mjög ungur í kór á leikskólanum á Reykjalundi og svo byrjaði ég í klassísku námi á píanó um átta, níu ára aldur. Það þróaðist síðan hratt yfir í að spila eftir eyranu og semja ➡



FJALLA KOFINN
GEFÐU GJÖF SEM GLEÐUR!
Marmot Featherless
dömu úlpa.
Verð 29.995,-
Marmot Minimalist
dömu og herra Gore-Tex jakki.
Verð 36.995,-
Marmot Georgina
dömu kuldaúlpa.
Verð 54.995,-
Marmot Quasar Nova
herra dúnúlpa.
Verð 44.995,-
Marmot Yorktown
herra úlpa.
Verð 64.995,-
Marmot Rom
dömu og herra Windstopper jakki.
Verð 32.995,-
Marmot Scree
göngubuxur dömu og herra.
Verð 17.995,-
Smartwool merinoullarbolur
herra.
Verð 14.995,-
Reima Kinsei
ullarnærfatasett barna.
Verð 8.995,-
Skíðapakkar
fyrir alla fjölskylduna
20% AFSLÁTTUR
Herra: Verð frá 68.784,-
Dömu: Verð frá 68.784,-
Barna: Verð frá 32.788,-
BH Spike 27,5" fjallahjól - 30% afsláttur
Tilboðsverð frá 45.497,-
Kari Traa
dömu ullarbolur.
Verð 11.995,-
Kari Traa
dömu ullarbuxur.
Verð 10.995,-
Reimatec
kuldagalli stærð 92-140.
Verð 18.995,-
Gjafabréfin okkar eru tilvalin jólagjöf
Afgreiðslutími um helgina: Kringlan 7 Laugavegur 11 Reykjavíkurvegur 64
Laugardagur 10-18 10-18 12-18
Sunnudagur 12-18 12-18 12-18
Minnum á vefverslun okkar fjallakofinn.is - Sendum frítt þegar verslað er fyrir 6.000 kr. og meira
Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is
FJALLA KOFINN

lög," segir Jökull. Móðir hans rifjar þetta nákvæmar upp.

„Jökull byrjaði í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar fimm ára, svo fórum við austur og þar lærði hann hjá Sigjóni Bjarnasyni í Tónlistarskóla Hornafjarðar. En 12 til 14 ára var hann ekkert í tónlist, þá bjuggum við í Danmörku. Þegar hann kom heim fór hann í FÍH og þá að læra á djasspíanó en svo var honum gefinn gítar í jólagjöf og þá missti hann algerlega áhuga á píanóinu og kenndi sér í raun sjálfur á gítarinn. Síðan hefur hann verið rokkari.

Arnar kveðst hvorki hafa sungið né spilað á hljóðfæri fyrr en hann var 12 ára. „Ég var aldrei settur í tónlistarskóla sem barn heldur kom það algjörlega frá mér sjálfum. Upphaflega ætlaði ég að læra á píanó hjá Snorra Sigfúsi Birgissyni en þegar kom í ljós að allt var uppbókað hjá honum ákvað ég að láta reyna á klassískan gítar í staðinn og var hjá Kristni H. Árnasyni, Páli Eyjólfssyni og pabba. Ég var í því námi í um 10 ár með hléum en keypti mér rafmagnsgítar í 7. bekk og fiktaði við að spila á hann heima. Í 9. bekk stofnaði ég svo hljómsveitina Afstætt hugtak með æskuvinum mínum og samdi þar mín fyrstu lög. Ári síðar varð Mammút til og þangað beindi ég öllum mínum tónlistarkröftum og geri enn í dag."

Sigurlaug, móðir hans, bætir því við að Arnar hafi líka verið í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð í tvö ár og sú reynsla hafi einnig haft sitt að segja. „Svo var ég framkvæmdastjóri Sumartónleika í Skálholtskirkju í fimm sumur, Arnar var alltaf með mér þar og fór á eina tónleika um hverja tónleikahelgi. Það tók hann bara upp hjá sjálfum sér. En við vorum þarna innan um mjög marga afbragðs tónlistarmenn þessar fimm vikur í fimm sumur."

### Áhrifavaldar í tónlistinni

Báðir segjast piltarnir hafa fengið mikinn stuðning heima. „Mamma hvatti mig til að byrja að æfa á píanó og sá til þess að píanó væri til á heimilinu og gerir enn," segir Jökull. „Þau mamma og stjúpi minn borguðu fyrir mig tónlistarnámið, meðal annars í FÍH, og hafa síðan ásamt pabba stutt rækilega við bakið á mér síðustu ár og reynst mér ótrúlegt bakland."

Arnar segir bæði blóð- og stjúpforeldra sína ýmist gítarleikara eða mikla tónlistarunnendur svo umhverfið hafi verið uppbyggilegt. „Ég hef alltaf verið í miklum mótþróa gegn því að greina hvaðan áhrif í tónlist koma því mér hefur aldrei fundist það skipta neinu máli og auk þess er erfitt að setja fingur á það. Um daginn var ég að koma úr tónleikaferðalagi með Mammút og setti á tónleikaupptöku af Nirvana, þá allt í einu fattaði ég hvað sú hljómsveit hefur haft mikil áhrif á mig. Það er einhver kraftur í henni sem ég get ekki skilgreint og hann tekur alveg yfir. Þegar ég hlusta þá langar mig að fara beint að semja tónlist sjálfur."

Þórlaug bendir á að íslenska náttúran gegni stóru hlutverki í myndböndum Kaleo. „Ég er viss um að hún hefur áhrif á tónlistina líka. Jöklarnir, fjöllin og hafið, þetta er allt svo stórbrotið." Jökull segir áhrifavalda sína ótrúlega marga, meðal annars í klassískri tónlist, rokktónlist, blústónlist og djasstónlist „Eins og ég segi þá hef ég alltaf verið alæta á tónlist og sjaldan fókuserað á einhvern einn listamann eða eina tónlistarstefnu. Það sem er mér kannski mikilvægast er að koma úr því umhverfi sem ég er og hafa stuðning til að hafa fullt frelsi. Það gerir það að verkum að ég er óhræddur við að skapa og að gera það sem hentar mér og minni tónlist. Því á ég móður minni mikið að þakka og það er ómetanlegt."

### Mömmurnar mæta á tónleika

Mæðurnar kannast alveg við að hafa sýnt drengjunum áhuga og því sem þeir hafa verið að fást við. En eru þær aldrei hræddar um þá?

Sigurlaug bendir á að þeir séu nú orðnir fullorðnir menn. „En ég man að þegar Mammút var að byrja og vann Músíktilraunir 2004 þá vorum við foreldrarnir pínulítið hræddir um að krakkarnir mundu bara lenda í einhverju rugli. Svo var engin ástæða til að hafa áhyggjur."

Þær segjast fylgjast með sonunum gegnum símtöl, SMS og smáskilaboð og fara líka á tónleika stundum. „Það skiptir þá miklu máli að einhver úr fjölskyldunni sjái út á hvað líf þeirra gengur og auðvitað er það dýrmætt fyrir okkur líka," segir Sigurlaug. „Ég fór einmitt til Bandaríkjanna núna nýlega, þá var Mammút að spila í Brooklyn í New York. Foreldrar Kötu söngkonu fóru líka. Það var rosa gaman."

Jökull segir systur sína hafa túrað með Kaleo í Bandaríkjunum í tíu daga um daginn og fleiri í fjölskyldunni séu duglegir að koma og styðja við bakið á honum. „Mamma verður með mér úti í nokkra daga núna í desember, meðal annars á mínum eigin tónleikum í Aþenu í Grikklandi." Hann kveðst ekki hafa tölu á því lengur hversu mörg lönd hann hafi heimsótt. „Síðan í ágúst hef ég líklega spilað í 20 til 25 löndum."

Arnar hefur svipaða sögu að segja, giskar á að hann hafi spilað í 22 löndum í allt og 10 til 20 sinnum í mörgum þeirra. „Mammút hefur margoft ferðast um Evrópu þvera og endilanga og nú í seinni tíð verið töluvert í bæði Norður- og Suður-Ameríku. Næst langar mig að spila í Kína," segir hann.

### Jólatónleikar á morgun

Ekki verður mömmunum svo sleppt úr viðtalinu að þær segi ekki aðeins frá sinni tónlistariðkun. Báðar eru kórakonur en Sigurlaug hefur vinninginn með bakgrunn úr Hamrahlíðarkórunum og Mótettukór Hallgrímskirkju.

Nú snýst allt um að undirbúa aðventutónleika Söngfjelagsins sem verða í Langholtskirkju á morgun, sunnudaginn 10. desember, bæði klukkan 16 og 20. „Þetta eru þriðju og síðustu aðventutónleikarnir í röð sem eru með írsk-keltnesku þema," lýsir Sigurlaug. „Á þessa tónleika fáum við erlenda gesti, mjög flott fólk, eins konar rokkstjörnur írsk-keltnesku tónlistarhefðarinnar og auk söngsins verður meðal annars leikið á írska hörpu, fiðlu og hljóðfæri sem heitir „uilleann pipes". Þannig hefur þetta verið líka tvö síðustu ár en það hafa aldrei komið eins margir að utan og núna. Það er ekki oft sem við eigum þess kost að hlusta á Íra flytja þessa tónlist hér á Íslandi svo þetta er einstakt tækifæri."

Þórlaug segir alltaf líflegt á æfingum með Söngfjelaginu og svo toppi tónleikar kórsins stemninguna, bæði á aðventunni og síðasta vetrardag.

„Við erum kringum sextíu í kórnum og á aðventutónleikunum á morgun ætlum við að flytja nýtt verk eftir Daníel Þorsteinsson sem heitir Himinn yfir, við texta eftir Stefán frá Hvítadal. Kórinn mun svo einnig syngja lögin sem við frumfluttum á aðventutónleikunum í fyrra og hitteðfyrra en þau voru eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur og Hjörleif Hjartarson sem eru bæði í kórnum. Þannig að þetta verður keltnesk-írsk-íslensk stemning. Svo er stjórnandinn okkar, hann Hilmar Agnar Hilmarsson, kraftmikill og skemmtilegur, það er sko aldrei nein lognmolla í kringum hann."



Mömmurnar eru á fullu að undirbúa jólatónleikana með Söngfjelaginu á morgun.

> ÉG KEYPTI LÍTIÐ HLJÓMBORÐ MEÐ HEYRNARTÓLUM OG ÉG VISSI EKKI AF DRENGNUM. HANN SAT BARA AFTUR Í MEÐ HLJÓMBORÐIÐ, ALGERLEGA Í EIGIN HEIMI.
>
> Þórlaug


EISA AWARD Best Product 2017-2018
MOBILE SPEAKER
JBL Boombox
JBL
HRISTU HLJÓMINN
VATNSHELDUR IPX7 BLUETOOTH BOOMBOX HÁTALARI
MEÐ INNAN- OG UTANDYRA HLJÓÐSTILLINGU
JBL
BLEYTTU HLJÓMINN
VATNSHELDUR HÁTALARI MEÐ RADDSTÝRINGU
JBL
HREYFÐU HLJÓMINN
UNDER ARMOUR SPORT ERU SÉRSTAKLEGA
ÆTLUÐ ÍÞRÓTTAFÓLKI
JBL
SJÁÐU HLJÓMINN
ÞRÁÐLAUS HÁTALARI SEM DANSAR MEÐ TÓNLISTINNI
JBL
EISA AWARD Best Product 2017-2018
MOBILE HEADPHONES
JBL Everest Elite 750NC
FINNDU HLJÓMINN
HÁGÆÐA HLJÓÐEINANGRANDI BLUETOOTH HEYRNARTÓL
GEFÐU HLJÓMINN!
HÁGÆÐA HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR FRÁ JBL Í JÓLAPAKKANN!
BETRA BORGAR SIG
Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 18 | Sunnudaga 13 – 18
RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# Á móti straumnum

Konur sem velja að læra karllægar iðngreinar eru fyrirmyndir yngri stelpna og annarra kvenna í samfélaginu. Það er ein niðurstaða átaksins #kvennastarf sem hófst í vor fyrir tilstilli allra iðn- og verkmenntaskóla landsins. Stúlkur í iðnnámi og aðrar sem hafa nýlokið slíku námi ræddu um stöðuna við blaðamann. Þær eru bjartsýnar á atvinnumöguleika sína og ánægðar með námið.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Átakið #kvennastarf var sett af stað á árinu og vísar til flokkunar starfsgreina í karla- og kvennastörf. Að því standa Samtök atvinnulífsins og allir iðn- og verkgreinaskólar landsins. Átakið hefur það að markmiði að fjölga konum í iðn- og verkgreinum. Í átakinu hefur verið reynt að ráðast að úreltum staðalímyndum sem ríkja um hlutverk kynjanna.

**Deila reynslusögum**

Ólafur Sveinn Jóhannesson, deildarstjóri hjá Tækniskólanum, segir annað mikilvægt markmið með átakinu að gefa konum í karllægum iðngreinum vettvang til að deila reynslusögum og læra hver af annarri. „Þessi vettvangur kom einna helst í ljós á Facebook-síðu herferðarinnar, þar sem konur voru duglegar að senda inn myndir og segja reynslusögur sínar, hvort sem um var að ræða reynslu úr skóla eða atvinnulífi. Myllumerkið #kvennastarf varð líka vinsælt á Instagram þar sem margar konur deildu myndum af sér við hin ýmsu störf og hvöttu fleiri stelpur til þess að kynna sér nám í viðkomandi greinum,“ segir Ólafur Sveinn.

**Ekki marktækur munur**

„Þegar kemur að aðsókn í þær greinar sem voru tilteknar í herferðinni var ekki „marktækur“ munur á milli umsókna í vor, þegar litið er á hlutfall kvenna sem sækja um í þessum karllægu greinum, á milli skólaára. Þess ber þó að geta að þó nokkur aukning var í ákveðnum greinum svo sem skipstjórn og rafiðngreinum,“ segir Ólafur Sveinn og telur áhrif herferðarinnar líklega koma betur í ljós á næstu árum.

„Konur sem velja að læra vélstjórn, húsasmíði eða skipstjórn eru ekki aðeins fyrirmyndir yngri stelpna sem langar að gera slíkt hið sama, heldur kvenna á öllum sviðum samfélagsins. Að mörgu leyti var herferðin komin langt út fyrir iðn- og tæknigreinar, ekkert ósvipað og #meetoo byltingin sem byrjaði með konum í kvikmyndageiranum en spannar nú allar starfsgreinar, en það kom vel í ljós – á kvenréttindadaginn 8. mars – þegar Íslandsbanki birti heilsíðuauglýsingar í dagblöðum undir fyrirsögninni „Bankastjóri er #kvennastarf“,“ segir Ólafur Sveinn.

**Tengja við herferðina**

Hann segir ungar konur sem hófu nám í Tækniskólanum á vormánuðum tengi við herferðina – þrátt fyrir að vera ekki endilega í karllægum geira. „Þær tengja við þessa upplifun, þá upplifun að þurfa að sanna

> NEKTARDAGATÖLIN ERU FARIN ÚR BÍLAVERKSTÆÐUNUM OG FLEIRA. ÞAÐ ER VIÐHORFIÐ Í DAG AÐ KOMI SVONA MÁL UPP, ÁREITNI, OFBELDI EÐA KVENFYRIRLITNING, AÐ ÞAÐ SÉ TEKIÐ Á ÞVÍ STRAX. BYLTINGIN VEKUR STRÁKA OG KARLA TIL UMHUGSUNAR.
>
> Marín Björk

sig meira eða réttlæta stöðu sína.

Mjög fáir vita af því að herferðin er sú eina sem allir iðn- og verkmenntaskólar á landinu – auk Samtaka iðnaðarins – vinna í sameiningu. Það má segja að þetta hafi verið upphafið á því að vinna að sameiginlegu markmiði, sem er að fjölga nemendum sem velja iðn- og tæknigreinar að loknum grunnskóla úr 13 prósentum í 20 prósent fyrir árið 2020,“ segir Ólafur Sveinn.

Marín Björk Jónasdóttir, sviðsstjóri iðn- og starfsnáms í Borgarholtsskóla, skynjar eins og Ólafur Sveinn mikla viðhorfsbreytingu. „Við bjóðum áttundu bekkingum til okkar og stelpurnar hafa sýnt töluverðan áhuga á iðnnámi. Ég held að það skipti miklu máli að kynna námið sem fyrst, það er of seint að bjóða tíundu bekkingum í heimsókn. Þá eru hugmyndir orðnar mótaðri. Þeir eru í raun búnir að ákveða sig. Við erum að spýta í lófana í kynningarstarfi,“ segir Marín.

**#meetoo byltingin hefur áhrif**

„Eitt af því sem skiptir máli er að ég er komin yfir sviðið hér í Borgarholtsskóla. Þó að ég sé ekki iðnmenntuð. Ég er menntuð náms- og starfsráðgjafi. Fyrirmyndirnar eru nefnilega fáar en mikilvægar,“ segir Marín og segir #metoo byltinguna munu einnig hafa mikil áhrif til góðs. „Ég er sannfærð um að þessi bylgja skilar sér í bættri menningu og samskiptum. Það er búið að vera að taka til í hinum ýmsu greinum. Nektardagatölin eru farin af bílaverkstæðunum og fleira. Það er viðhorfið í dag að komi svona mál upp, áreitni, ofbeldi eða kvenfyrirlitning, sé tekið á því strax. Byltingin vekur stráka og karla til umhugsunar. Það er mikilvægt, því athugasemdir sem eru stundum látnar flakka og eru óviðeigandi hafa mikil áhrif á ungar stúlkur sem eru fáar í þessum iðngreinum og staða þeirra því viðkvæmari,“ segir Marín.





Auður Linda Sonjudóttir bifvélavirki við vinnu hjá Bernhard. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Aðrir efuðust um námið og starfsvalið

**Auður Linda Sonjudóttir,**
bifvélavirki hjá Bernhard.

Auður Linda útskrifaðist sem bifvélavirki frá Borgarholtsskóla í vor og stefnir á að klára samning á verkstæði til sveinsprófs. Örfáar konur stunduðu nám með henni. „Auðvitað hefði ég viljað sjá fleiri konur í þessu námi. Með fleiri konum breytist vinnumenningin.

Konur geta vel unnið störf á borð við að vera bifvélavirki. Þetta hefur ekki verið í fjölskyldunni. Ég er ekki alin upp við þetta. Pabbi var ekki með bíla eða mamma, en ég vildi geta gert þetta sjálf.“

Auður Linda ákvað að fara í nám í bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla. Í skólanum er starfsnám í bíliðngreinum, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun og bílamálum. Námið er hagnýtt og miðar að því að undirbúa nemendur undir töku sveinsprófs.

> FÓLK HEFUR ORÐIÐ HISSA Á NÁMSVALINU OG KANNSKI VILJAÐ BENDA MÉR Á EITTHVAÐ ANNAÐ Í STAÐINN. EÐA EFAST UM AÐ ÉG HAFI LÆRT ÞETTA Í ALVÖRUNNI.

Nemendur geta líka stundað nám til stúdentsprófs samhliða námi á bíltæknibrautum og ættu því að geta stundað háskólanám ef vilji stendur til. „Mér finnst iðnnám bjóða upp á fleiri möguleika á vinnumarkaði en ungt fólk gerir sér grein fyrir. Tæknin hefur breyst og gert það að verkum að þetta eru ekki eins þung störf. Þau reyna ekki jafn mikið á líkamlegan styrk og áður. Það er stundum sagt að störfin séu ekki aðlaðandi fyrir stelpur, vinnustaðirnir séu skítugir og svo framvegis. Og vissulega kem ég heim skítug og með skrámur en það er þess virði. Þetta starf er skemmtilegt, vinnustaðurinn lifandi. Mér finnst gaman að leysa málin fyrir fólk. Fólk hefur orðið hissa á námsvalinu og kannski viljað benda mér á eitthvað annað í staðinn. Eða efast um að ég hafi lært þetta í alvörunni og svona. Það breytist vonandi með enn meiri tækniframförum og fleiri stelpum í námi. Það eru allavega nóg atvinnutækifæri,“ segir Auður sem vinnur bara með karlmönnum. „Það er mjög skemmtilegt og lengir lífið þótt þeir séu stundum skrýtnir,“ segir hún og hlær.

netto
markhönnun ehf




**BLÓÐUG JÖRÐ**
VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR
**4.683 KR STK**




**MYRKRIÐ VEIT**
ARNALDUR INDRIÐASON
**4.473 KR STK**




**PASSAMYNDIR**
EINAR MÁR GUÐMUNDSSON
**4.473 KR STK**




**AMMA BEST**
GUNNAR HELGASON
**3.276 KR STK**




**HENRI HITTIR Í MARK**
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
**3.276 KR STK**




**VERTU ÓSÝNILEGUR**
KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR
**3.276 KR STK**




**ÞITT EIGIÐ ÆVINTÝRI**
ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON
**3.178 KR STK**




**MATARÁST**
NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
**4.683 KR STK**




**GEIMVERUR - LEITIN AÐ LÍFI Í GEIMNUM**
SÆVAR HELGI BRAGASON
**4.013 KR STK**




**MINN TÍMI - SAGA JÓHÖNNU SIGURÐARDÓTTUR**
PÁLL VALSSON
**4.868 KR STK**




**ÞÚSUND KOSSAR**
JÓN GNARR
**4.473 KR STK**

**Tilboðin gilda 9. - 10. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

## Afar fáar stelpur í iðnnámi

Í Borgarholtsskóla eru 315 nemendur í verknámi. Þar af eru 29 stelpur og 286 karlar.
Flestir stunda nám á bíltæknibraut, þar eru 185 strákar og 23 stelpur.
Á málm- og véltæknibraut er 101 strákur við nám á móti sex stelpum.
Í Véltækniskólanum stunda 225 nemendur nám. Þar af eru þrettán stelpur. Hlutfallið er lágt. En þó hafa fleiri konur skráð sig til náms undanfarið. Haustið 2015 voru stelpurnar til dæmis aðeins sex.
Í Skipstjórnarskólanum stunda 58 nemendur nám, þar af eru fimm stelpur. Tveimur fleiri en vorið 2015.
Í Raftækniskólanum stunda 233 nemendur nám, þar af eru sextán stelpur. Tvöfalt fleiri en vorið 2015 þegar þær voru aðeins átta talsins.

**6%**

**NEMENDA Í VÉLTÆKNISKÓLANUM ERU STELPUR.**

Hlutföllin snúast við í handverksskólanum þar sem 174 nemendur stunda nám. Þar stunda 148 stelpur nám en 26 strákar.
Í Byggingartækniskólanum eru 324 nemendur, 44 þeirra eru stelpur eða 14%. Hlutfallið hefur lækkað en vorið 2015 var það 26%.





Kamile Morkute stundar nám í Raftækniskólanum. Henni líður vel í skólanum og er bjartsýn á atvinnumöguleika sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vön því að skera sig úr

**Kamile Morkute,**
nemandi í Raftækniskólanum

Kamile situr og vinnur að verkefni í Tækniskólanum í fullum kennslusal. Hún er eina stelpan í hópnum en segist vön því að skera sig úr vegna áhugasviðs síns.

„Það er ein önnur stelpa sem er með mér í náminu en við erum ekki í öllum tímum saman. Allir krakkarnir hér eru opnir hér fyrir mér. Mér líður vel í skólanum og mér líður ekkert eins og ég sé öðruvísi.

Ég hef unnið í raflögnum og það var pínu skrýtið. Ég var eina stelpan. Ég var að vinna við að tengja, þá eru aðallega eldri karlar að vinna með mér. Ég er vön að gera það sem er ekki hefðbundið svo það er ekki stórmál. Ég sætti mig við að vera ein af fáum konum í bransanum. Ég hugsa að ég velji mér starfsvettvang hjá stóru fyrirtæki frekar en annan vettvang. Þar eru meiri líkur á spennandi verkefnum og fjölbreyttari vinnustað,“ segir Kamile.

**ÉG HEF UNNIÐ Í RAFLÖGNUM OG ÞAÐ VAR PÍNU SKRÝTIÐ. ÉG VAR EINA STELPAN.**

# Hrefna Sætran var sterk fyrirmynd

**Hekla Karen Pálsdóttir,**
matreiðslumaður á Jamie Oliver

Ég hef starfað í faginu í sex ár og hef alltaf verið heppin með samstarfsfélaga,“ segir Hekla Karen Pálsdóttir matreiðslumaður aðspurð um viðhorf til hennar í faginu. „Ég var soldið mikið spurð um það hvort ég ætlaði að verða ólétt þegar ég var í náminu og hvenær ég ætlaði að eiga börn. Kokkar vinna langan vinnudag og það gerir það erfiðara að vera með ungbörn, ég man ekki eftir því að strákarnir væru spurðir að þessu. Það var ein stelpa sem hætti í náminu árinu áður en ég byrjaði vegna þess að hún var ólétt, það hefur vakið upp þessar pælingar hjá fólki. En ég held að viðhorfið sé að breytast hratt.“

En var Hekla Karen alltaf viss um hvað hún vildi gera? „Nei, ég get ekki sagt það, ég elti hjörðina eftir 10. bekk og fór í nokkra áfanga í fatahönnun áður en ég ákvað að fara í matreiðsluna í MK. Skemmtilegustu tímarnir í grunnskóla voru heimilisfræði og textíll og bóknám reyndist mér erfitt því að ég glími við námserfiðleika. Matreiðsluáhugann fékk ég frá foreldrum mínum, þau eru bæði flink í eldhúsinu. Ég man að ég var ekki nema fjögurra ára þegar að ég var farin að slá saman egg og elda með pabba.“

Konum fjölgar jafnt og þétt í stéttinni og er hún ekki lengur eins mikil karlastétt og áður. „Ég horfði á alla þættina hennar Hrefnu Sætran, hún var mín fyrirmynd þegar ég byrjaði. Ég hringdi bara í hana og óskaði eftir því að komast á samning hjá henni. Ég byrjaði að vinna á Fiskmarkaðnum undir hennar leiðsögn og ég var fyrsta stelpan sem lauk námi með hana sem meistara.


Hekla Karen við störf í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÉG HORFÐI Á ALLA ÞÆTTINA HENNAR HREFNU SÆTRAN, HÚN VAR MÍN FYRIRMYND.**

Hrefna Sætran er ótrúlega góð og sterk fyrirmynd, ég á henni mikið að þakka.“ Í dag starfar Hekla Karen á veitingastaðnum Jamie Oliver sem var nýverið opnaður á Íslandi. „Ég ákvað að breyta til og sótti um hérna, ég hef mikinn áhuga á ítalskri matargerð, andinn í eldhúsinu er góður og fyrst þegar ég byrjaði að vinna hér voru fleiri stelpur á vaktinni en strákar. Sem er vísbending um breytta tíma.“ – áhg




# Vilja ævintýri og hærri laun

**Díana Del Negro og Högna Álfgeirsdóttir,**
nemendur í Skipstjórnarskólanum

Díana Rós Del Negro er aðeins fimmtán ára gömul og skráði sig í Skipstjórnarskólann strax eftir grunnskóla. Högna Álfgeirsdóttir er alin upp við sjómennsku. Hún hefur starfað í útgerð og á sjó frá sextán ára aldri og er frá sjávarplássi á Suðurlandi.

„Ég var ákveðin í því að læra það sem ég hef áhuga á. Og það er allra helst þetta. Ég sé ævintýri í þessu og ýmsa möguleika,“ segir Díana Rós.

Högna segist vilja bæta við sig námi til að auka möguleika sína á hærri launum og betri stöðu í útgerð.

„Það er nú ástæðan fyrir því að ég er hér. Ég vil auðvitað fá hærri laun og er að styrkja stöðu mína í nánustu framtíð. Annars þá hefur mér alltaf verið vel tekið í vinnu og ég er alveg örugg með að fá vinnu eftir nám,“ segir hún.

Þegar blaðamaður heimsækir þær á venjulegum skóladegi sitja þær í skólastofu sem er annars full af strákum. Þeir spyrja blaðamann strax af hverju þeir séu ekki líka til viðtals. „Við erum þó tvær í dag allavega, það er fínt. Strákarnir taka okkur ágætlega,“ segir Högna.


Díana Rós Del Negro og Högna Álfgeirsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Stígamót

LAUGARDAGUR 9. DESEMBER 2017



Skilyrðislaus vinátta, traust og væntumþykja mynduðust á milli þessara ungu kvenna í sjálfshjálparhópi Stígamóta. Frá vinstri eru Árdís, Elísa, Viktoría Dögg og Elín Hulda. MYNDIR/ERNIR

# Spegla sig í lífsreynslu hinna

Samkennd, trúnaður og sjálfsstyrking eru rauði þráðurinn í sjálfshjálparhópum Stígamóta. Hér er rætt við fjórar ungar konur sem bundnar eru órjúfanlegu trausti og vinaböndum eftir að hafa unnið saman í sjálfshjálparhópi í kjölfar kynferðisofbeldis. ➔2

Ég áttaði mig loks almennilega á að ég er ekki ein að ganga í gegnum þetta helvíti," segir Viktoría Dögg Ragnarsdóttir, yngst í einum af sjálfshjálparhópum Stígamóta. Traustið og skilningurinn hafi reynst henni dýrmætt veganesti.

„Í hópnum vorum við allar á sama stað og höfðum skilning á hvernig það er að reyna að leita ráða hjá þeim sem ekki hafa lent í kynferðisofbeldi. Því skipti sköpum að heyra sögur frá hinum stelpunum og finna að maður var ekki einn," segir Viktoría sem fann sig eins og litla systur í hópi góðra systra í sjálfshjálparhópnum.

„Skilyrðislaus vináttan sem myndaðist er ómetanleg og traustið og væntumþykjan hefur verið mér rosalega hjálpleg. Mér líður eins og þær hinar séu stóru systur mínar sem passa upp á mig, sama hvað á bjátar í lífinu."

Viktoría er að tala um Árdísi Leifsdóttur, Elínu Huldu Harðardóttur, Elísu Elínardóttur og Elsu Dögg Lárusdóttur sem deilt hafa með henni sárri reynslu af kynferðisofbeldi.

Þær kynntust í sjálfshjálparhópi sem eru mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Í þeim koma brotaþolar saman til að sækja sér styrk til að takast á við vandamál sem rekja má til afleiðinga kynferðisofbeldis. Með þátttöku í hópastarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum, en rauði þráðurinn er sjálfsstyrking.

„Samstaðan og samlíðanin fannst mér mikilvægust í sjálfshjálparhópnum," segir Árdís. „Þótt reynsla okkar væri ekki nákvæmlega eins voru afleiðingarnar þær sömu. Því var mikilsvert að finna að maður væri ekki einn. Þegar maður svo leggur öll spilin á borðið fyrir framan stelpur sem áður voru manni ókunnugar myndast ósjálfrátt órjúfanleg tengsl."

Nú eru þrjú ár liðin síðan hópurinn kom saman en tengslin eru enn til staðar og verða það alltaf, að mati Árdísar.

„Í hópnum gat ég loks losað mig við mikla skömm sem ég hafði kljáðst við. Það var mjög frelsandi að finna að maður er ekki einn um að finnast maður vera afbrigðilegur og ógeðslegur, og saman gátum við losað okkur við skömmina sem var alls ekki okkar," segir Árdís.

Elísa Elínardóttir tekur í sama streng. „Í hópnum þurftum við aldrei að fela tilfinningar okkar eða setja upp grímu. Fyrir mig var þýðingarmikið að enginn dæmdi neinn. Við unnum úr okkar reynslu saman sem einstaklingar og höfðum ólíkar aðferðir við að lifa við þetta fyrst um sinn. Einnig fannst mér trúnaðurinn skipta mjög miklu og að læra að treysta upp á nýtt."

## Erfitt að opna sig og gráta

Hver og einn einasti tími í sjálfshjálparhópnum var erfiður, að sögn Elínar Huldu Harðardóttur.

„Það er ofboðslega erfitt að vinna með áföll sín í hverri einustu viku. Að grafa upp það sem maður hefur verið að reyna

**Framhald á síðu 2** ➔

**Framhald af forsíðu** ➺

að grafa niður. Á sama tíma var hver einasti tími óskaplega gefandi og ég hefði ekki getað verið heppnari með stelpurnar sem lentu með mér í hópnum,“ segir Elín Hulda.

Erfiðast hafi verið að mæta í fyrsta tímann. „Mér fannst afar erfitt að opna mig, gráta og leyfa mér að finna til. Fyrir mig var líka mjög erfitt að treysta og tala upphátt um lífsreynslu mína, en líka að hlusta á reynslu stelpnanna. Þó fann ég strax mikinn létti að koma þessu frá mér.“

Undir þetta tekur Árdís. „Mér fannst erfiðast að heyra hvað nákvæmlega kom fyrir þessar yndislegu stelpur og hvernig afleiðingarnar fyrir þær voru því það á enginn skilið að brotið sé svona á þeim.“

Það reyndi mest á Viktoríu Dögg að tala opinberlega um ofbeldið við hinar og heyra sögur þeirra í smáatriðum.

„Að tala upphátt og ítarlega um það sem kom fyrir mig var rosalega erfitt. Áður hafði ég bara gefið skýrslu til að kæra viðkomandi. En ellegar hefði ég bara getað skrifað á blað allan hryllinginn sem hann gerði mér, sem voru já heilar ellefu blaðsíður.“

## Léttir að mega segja allt

Árdís var einnig í einstaklingsviðtölum um vandamál sín og afleiðingar ofbeldisins sem hún varð fyrir.

„Í sjálfshjálparhópnum var hins vegar farið skipulega yfir ýmsa þætti sem tengdust afleiðingum ofbeldisins, skref í átt að bata og fleira gagnlegt. Þar heyrði ég hinar stelpurnar líka tala um reynslu sína og tilfinningar sem ég gat tengt við en hafði ekki talað um áður. Sumt af því vissi ég hreinlega ekki að ég væri að díla við, né að væri að hrjá mig, en svo var líka sumt sem ég hafði ekki þorað að tala um vegna mikillar skammar. Að heyra aðra tala um um það var mikill léttir,“ segir Árdís.

Elísa lærði að treysta öðrum fyrir sjálfri sér og reynslu sinni í sjálfshjálparhópi Stígamóta.

„Ég fékk staðfestingu á því að ég væri ekki ein að glíma við afleiðingar ofbeldis. Bati okkar allra varð mjög samstíga; við gátum sagt hvað sem er og þá var alltaf einhver í hópnum sem tengdi.“

Viktoría Dögg var líka í einstaklingsviðtölum og sjálfshjálparhóp því henni þótti þægilegra að geta bæði verið ein með sínum ráðgjafa og svo með stelpunum.

„Í einstaklingsviðtölum var einblínt á mig eina, bataferil minn og uppbyggingu á sjálfri mér, en í hópnum vorum við að hjálpa hver annarri að læra að lifa með þessu og þeirri staðreynd að þetta gerðist. Þar gat ég alltaf rætt við aðrar stelpur sem höfðu líka upplifað kynferðisofbeldi. Sem hópur munum við alltaf vera til staðar hver fyrir aðra; ef eitthvað amar að eða angrar mann.“

Sjálfshjálparhópurinn hjálpaði Elínu Huldu að vinna með afleiðingar áfalla.

„Það er skrýtið hvernig maður tengir við sögur og reynslu hinna í hópnum. Stundum segir ein eitthvað um það sem hún er að upplifa og gæti allt eins verið að tala út frá manns eigin huga. Maður nær að spegla sig í hinum stelpunum. Við það myndast ótrúlega mikið traust og tenging á milli allra í hópnum. Það er allt annað að sitja einn með ráðgjafa sínum en að sitja með fjórum öðrum stelpum og tveimur leiðbeinendum að tala um ákveðið þema í hverjum tíma.“



Þær Árdís, Elísa, Viktoría og Elín Hulda eru sammála um að þeim hafi létt við að geta talað um reynslu sína við konur sem höfðu líka upplifað kynferðisofbeldi.

## Um sjálfshjálparhópana

Starfræksla sjálfshjálparhópa er mikilvægur þáttur í starfi Stígamóta og hófst fimm árum fyrir formlega stofnun. Þátttaka í hópastarfinu er að sjálfsögðu valfrjáls og aðeins hluti af Stígamótafólki velur að taka þátt í starfinu.

Hóparnir skipta orðið hundruðum og hafa þróast í áranna rás. Nauðgunarhópar, sifjaspellshópar, sjálfsstyrkingarhópar, karlahópar, Svanahópar, hópar fyrir ungar stúlkur og hópar fyrir aðstandendur eru dæmi um hópana.

Hóparnir eru leiddir af þjálfuðum leiðbeinendum. Þeir eru lokaðir og þátttakendur skuldbinda sig til þess að mæta í fimmtán skipti þar sem farið er skipulega yfir ýmsa þætti sem tengjast ofbeldinu.

## Kæra sendir skýr skilaboð

Viktoría Dögg er sem fyrr segir yngst í sjálfshjálparhópnum. Hún vildi kæra gerandann í kynferðisbrotamáli sínu til að ná fram réttlæti fyrir sína hönd.

„Hann tók frá mér verðmætan tíma, vináttu og lífsviljann; allan þann tíma sem fór, og fer enn, í að byggja mig upp á ný til að geta elskað mig sjálfa aftur. Ég vildi að hann þyrfti að horfast í augu við það sem hann gerði mér. Það var talið að mál mitt væri sterkt vegna þess hversu ung ég var, og að eitthvað yrði gert í þessu máli, en það var fellt niður.“

Elín Hulda kærði seinni nauðgun af tveimur sem hún varð fyrir.

„Það sat alltaf í mér að hafa ekki kært fyrri nauðgunina. Hvað hefði gerst ef ég hefði kært? Ég ákvað því að standa upp fyrir sjálfri mér og kæra seinni nauðgunina. Ég ætlaði ekki að leyfa honum að gera fleiri stelpum þetta og vildi senda honum skýr skilaboð um það sem hann gerði mér og hversu rangt það væri.“

Árdís var undir lögaldri þegar fyrra kynferðisofbeldið komst upp og Barnavernd kærði manninn.

„Þegar seinna ofbeldið komst upp var ég nýorðin sjálfráða og ákvað að kæra það ekki. Málið var það flókið og ég svo ung að ég gerði það ekki.“

Elísa kærði fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi.

„Hann braut hrikalega á mér og ætti að þurfa að taka út refsingu fyrir það. Horfast í augu við sjálfan sig vitandi að hann getur ekki hagað sér svona án afleiðinga. Svona ómenni þarf hreinlega að taka úr umferð. Lendi önnur kona í sömu reynslu og ég gerði með þessum manni mun alltaf vera til á skrá hvað hann gerði mér, og vonandi mun það hjálpa þeirri konu að stíga fram og kæra.“

# Hlutverk leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum

Sjálfshjálparhópar hafa verið partur af starfsemi Stígamóta frá stofnun þess. Ár hvert eru allt upp í 15 hópar starfræktir. Erla, félagsráðgjafi á Stígamótum, hefur sl. tvö ár lagt sérstaka áherslu á að vinna með yngsta hóp kvenna á Stígamótum. Hún segir að hlutverk leiðbeinanda sé margþætt.

„Fyrir utan að halda þennan „praktíska“ ramma sem er nauðsynlegur til að skapa öryggi, þá er mikilvægt að sjá til þess að allir í hópnum fái rými til að vinna úr sinni reynslu og á sínum forsendum,“ segir Erla. „Leiðbeinandi þarf því að vera styðjandi og hvetjandi en með mörkin á hreinu. Einnig að geta leitt hópinn inn í umræðuefni hvers tíma, sem getur oft á tíðum verið ansi þungt. Til þess þarf að deila eigin reynslu eða þekkingu, vera skapandi og sýna styrk og innsýn í aðstæður hverju sinni. Leiðbeinandi þarf einnig að geta tekist á við erfiðar aðstæður og geta leitt hópinn í gegnum þær.“



Erla Björg Kristjánsdóttir.

> **Fyrir utan að halda þennan „praktíska“ ramma sem er nauðsynlegur til að skapa öryggi, þá er mikilvægt að sjá til þess að allir í hópnum fái rými til að vinna úr sinni reynslu og á sínum forsendum.**

Reynsla Erlu er sú að mikil samheldni myndast innan hópsins og með því að deila erfiðri reynslu verður tenging á milli brotaþola sem getur verið ómetanleg.

# Um Stígamót

Stígamót er staður fyrir fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi og aðstandendur þeirra. Meginviðfangsefnin eru nauðganir, sifjaspell, kynferðisleg áreitni, stafrænt ofbeldi, klám, vændi og mansal. Boðið er upp á einstaklingsráðgjöf og þátttöku í lokuðum sjálfshjálparhópum. Einnig er boðið upp á almenna upplýsingagjöf til fagfólks, hópa og til almennings.

Starfshópurinn hefur fjölbreytta menntun, en býður ekki upp á eiginlega meðferð, heldur er boðið upp á hjálp til sjálfshjálpar. Öll þjónusta við brotaþola er ókeypis og algjörum trúnaði er heitið með þeim undantekningum sem lög kveða á um. Til að fá viðtal hjá ráðgjafa er pantaður tími í síma 562 6868 eða á stigamot@stigamot.is. Einnig er boðið upp á netspjall og stutta símaráðgjöf. Stígamót eru til húsa á Laugavegi 170, 2. hæð.



Inga Vildís Bjarnadóttir gerði mat á árangri ráðgjafarinnar árið 2010 og í ljós kom að eftir a.m.k fjögur viðtöl á Stígamótum minnkaði þunglyndi, kvíði og streita marktækt á meðan sjálfsvirðing jókst. Það er því eftir nokkru að sækjast að leita sér hjálpar.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Sstígamót | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

# Svo mikilvægt að spyrja

## Denise Cresso og Kerstin Kristensen hafa í mörg ár unnið að rannsóknum á ofbeldi gegn fötluðu fólki í Svíþjóð. Þær komu til landsins í byrjun september til að halda námskeið og miðla Stígamótum og fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðs fólks af reynslu sinni og þekkingu varðandi aðstæður fatlaðra kvenna og afleiðingar ofbeldis á fatlaðar konur.

Denise og Kerstin hafa unnið saman að málaflokknum í mörg ár. Denise er blind og hefur barist fyrir hagsmunamálum fatlaðra og Kerstin kemur frá kvennaathvarfshreyfingunni í Svíþjóð.

„Ofbeldi gegn fötluðum er ekki frábrugðið öðru ofbeldi í nánum samböndum að því leyti að þú þekkir veiku blettina á þínum nánustu og getur nýtt þá til að beita ofbeldi,“ segir Denise. „Fatlaðir hafa kannski fleiri og stærri veika bletti en aðrir.“

Kerstin bendir á að fatlaðir séu ekki sjálfkrafa útsettari fyrir ofbeldi en aðrir. „En það er hægt að beita þá ofbeldi á fleiri vegu og með margvíslegri hætti en ófatlaða. Það er til dæmis hægt að endurraða húsgögnunum og þannig gera blindri eða hreyfihamlaðri manneskju erfitt um vik að upplifa öryggi heima hjá sér, nokkuð sem ófötluð manneskja myndi ekki takast á við með sama hætti. Og þú kvartar ekki til yfirvalda undan því að einhver færi til húsgögn.“ Þá nefna þær báðar andlegt ofbeldi sem getur verið erfitt að sanna. „Með því að segja neikvæða og særandi hluti um andlega eða líkamlega getu er hægt að brjóta einstaklinginn niður og það er erfitt fyrir fatlaðan einstakling að verjast slíku.“ Kerstin segir að konur sem eru andlega fatlaðar hafi oft ekki upplýsingar um hvað telst vera ofbeldi. „Þær halda að það sem gerist sé eðlilegt, að það sé svona sem samlífi annarra er og þær þrá svo heitt venjulegt líf að þær láta ýmislegt yfir sig ganga.“

Fatlaðar konur eiga að sögn Denise og Kerstin enn fremur erfitt með að nýta sér þá hjálp sem stendur til boða. „Fatlaðar konur í nánum samböndum eiga erfitt með að flýja heimilið þar sem kvennaathvörfin bjóða oft ekki upp á aðstöðu fyrir þær,“ segir Kerstin og Denise bætir við: „Þá hafa þær oft ekki upplýsingar um hvað er ofbeldi og eru líka stundum háðar mökum sínum um umönnun. Margir ófatlaðir menn fatlaðra kvenna segja að þeim finnist erfitt að hafa alltaf einhvern inni á heimilinu og kjósa frekar að aðstoða konurnar sínar sjálfir og þá er valdaójafnvægi komið innan sambandsins og sú fatlaða er einangruð. Persónulegur aðstoðarmaður myndi sjá merki um það ef ekki er allt með felldu og ber ábyrgð á að láta vita af því. En svo verða yfirmenn viðkomandi að grípa boltann, ekki bara segja eins og stundum hefur gerst: finnst þér ekki gaman að vera hjá þeim? Viltu láta færa þig annað?“

Fatlaðar konur eru líka í varnarlausri stöðu gagnvart starfsfólki, mökum, foreldrum, systkinum og svo framvegis. „Þú ert háð öðrum um lyf, hreinlæti, næringu…“ segir Denise og bætir við: „Vanræksla er ein tegund ofbeldis.“ Kerstin tekur fram að þær vilji ekki gera fatlaðar konur að fórnarlömbum. „Margar fatlaðar konur eru í ástríkum samböndum og hafa fulla stjórn á lífi sínu. En fötlun þeirra setur þær í meiri hættu.“ Denise bendir líka á að fatlaðar konur séu ekki alltaf teknar alvarlega sem kynverur. „Það snýst um ósýnileika. Ef þú hefur fyrirframákveðnar hugmyndir um að fatlaðar konur séu ekki kynverur þá spyrðu ekki um kynlíf, kynferðisofbeldi eða sambönd. Staðreyndin er sú að konur eru beittar ofbeldi, hvort sem þær eru fatlaðar eða ekki. Og fatlaðir karlar eru líklegri til að vera beittir kynferðisofbeldi en ófatlaðir.“

Þær segja það stöðugt koma meira upp á yfirborðið hvað kynferðisofbeldi er alvarlegt vandamál meðal fatlaðra. „Þetta er erfitt viðureignar því að margir vilja ekki horfast í augu við vandann,“ segir Denise. „Einangrun og ósýnileiki eru aðaláhættuþættirnir. Fatlaðir missa oft af fræðslu í almenna skólakerfinu og ef náinn aðstandandi er kannski gerandinn, jafnvel sá sami og stjórnar aðgangi hins fatlaða að umheiminum, er það jarðvegur þar sem misnotkun getur þrifist.“

Kerstin samsinnir þessu og bætir við: „Það er mikilvægt að fatlað fólk sé sýnilegt á sem flestum vettvangi, í auglýsingaherferðum, á sjónvarpsskjánum, ef fatlað fólk er sýnilegt alls staðar þá verður viðteknara að hugsa um það sem venjulegt fólk með vonir og þrár sem sannarlega getur líka orðið fyrir alls kyns ofbeldi.“ Þær benda líka á að ofbeldi geti þrifist þar sem báðir aðilar eru fatlaðir. „Þetta er eitt dæmi um ósýnileika. Það reiknar enginn með því að maður í hjólastól lemji konuna sína og þess vegna eru þau ekki spurð,“ segir Denise. „Við þekkjum dæmi þar sem konan var alltaf með marbletti og maðurinn hennar sem líka var í hjólastól sagði að hún væri alltaf að detta úr stólum. En eftir að hann dó hurfu marblettirnir af henni. Og þá fyrst datt umönnunaraðilum í hug að kannski væri ástæðan fyrir áverkunum sú að hann beitti hana ofbeldi. En þá var auðvitað orðið allt of seint að gera nokkuð.“

Kerstin bendir á að fatlaðir séu fjölbreyttur hópur og því ekki hægt að beina sömu upplýsingum og spurningum til allra. „Rannsóknir sýna að fólk vill tala ef það er spurt. Ef það er hins vegar fjarri spyrjandanum að viðkomandi sé kynvera vegna fötlunar eða að enginn geti fundið það í sér að vera vondur við fatlaðan einstakling þá spyrðu ekki einu sinni og ef þú spyrð ekki þá segir enginn neitt. Það þarf að spyrja. Fatlaðir fá mikla þjónustu frá sveitarfélögum og þar eru margir möguleikar til að spyrja um ofbeldi en það er ekki gert. Þess vegna eru fatlaðir enn þá ósýnilegur hluti þeirra sem verða fyrir kynferðisofbeldi.“



Kerstin Kristensen og Denise Cresso hafa unnið að rannsóknum á ofbeldi gegn fötluðum konum í Svíþjóð um árabil.

### Um ofbeldi gegn fötluðu fólki

Ofbeldi gegn fötluðu fólki hefur fleiri birtingarmyndir en ofbeldi gegn öðrum hópum. Á síðasta ári sögðust 109 einstaklingar af þeim 338 sem leituðu til Stígamóta í fyrsta sinn vera með einhvers konar skerðingar, þar af var 41 metinn til örorku. Algengastar voru hvers kyns geðraskanir, en einnig nefndi fólk þroskahömlun, hreyfihömlun, blindu eða sjónskerðingu, einhverfu og heyrnarleysi eða heyrnarskerðingu.

Aðgengi fyrir fatlaða er gott á Stígamótum, en því fólki sem af ólíkum ástæðum getur alls ekki komist í viðtöl er boðið upp á heimsóknir heim eða inn á stofnanir.

# Listin getur veitt öruggari leið

## Einstaklingar sem eiga erfitt með að tjá sig á hefðbundinn hátt geta nýtt sér listmeðferð til árangursríkari tjáningar

Listmeðferð er meðferðarform þar sem notast er við listsköpun, ásamt samtalsmeðferð, við úrvinnslu áfalla eða erfiðrar reynslu. Listsköpunin getur veitt fólki tækifæri til að tjá sig með öðrum hætti en með orðum og því gefið aðra og dýpri innsýn í tilfinningalíf viðkomandi á þann hátt sem samtal getur ekki veitt, að sögn Jóhönnu Lindar Jónsdóttur, sem starfar sem ráðgjafi og listmeðferðarfræðingur hjá Stígamótum.

Hún segir listmeðferð geta gagnast fólki sem lent hefur í kynferðislegu ofbeldi. Yfirleitt sé mjög erfitt að ræða ofbeldið og afleiðingar þess en listin geti veitt öruggari leið sem er fjarlægari einstaklingnum heldur en ef hann segi frá í fyrstu persónu. „Minningar og hugsanir sem tengjast ofbeldinu geta oft á tíðum verið svo yfirþyrmandi að einstaklingurinn lokar á þær. Þegar kemur að úrvinnslu getur verið erfitt að opna aftur á slíkan sársauka. Listsköpun getur veitt greiðari leið fyrir viðkomandi að slíkum minningum og hugsunum heldur en ef um samtal væri að ræða. Einnig getur listmeðferð veitt annars konar aðgang að lokuðum minningum þar sem unnið er í efnivið sem örvar skynfæri, t.d. með lykt, áferð og hljóðum.“

Einstaklingur sem á erfitt með að tjá sig á hefðbundinn hátt getur þannig nýtt sér listmeðferð til tjáningar á erfiðum og sársaukafullum upplifunum, líkt og kynferðisofbeldi er, segir Jóhanna. „Það fellur þá í hlut listmeðferðarfræðingsins að mynda samband við manneskjuna og veita henni öruggt rými til að opna á viðkomandi áföll og lífsreynslu. Um leið er mikilvægt að hafa í huga að ekki þarf þekkingu á listsköpun eða einhverja sérstaka hæfileika á því sviði til að nýta sér listmeðferð.“

Jóhanna útskrifaðist úr uppeldis- og menntunarfræði og sálfræði frá Háskóla Íslands eftir að hafa lokið fornámi í Myndlistaskóla Reykjavíkur. Þaðan lá leið hennar til New York þar sem hún lærði listmeðferð í NYU háskólanum. „Eftir meistaranámið starfaði ég úti með einhverfum börnum í tæp tvö ár og síðan á Stuðlum eftir að ég kom heim. Ég er ótrúlega þakklát Stígamótum fyrir að gefa mér tækifæri til að starfa á þessum vettvangi með fullorðnum einstaklingum.“



Jóhanna Lind Jónsdóttir, ráðgjafi og listmeðferðafræðingur. MYND/ANTON BRINK

# Afhjúpanir um kerfisbundið kynferðisofbeldi



**Guðrún Jónsdóttir**
talskona Stígamóta




**Því verður ekki lengur á móti mælt að karlar í öllum stéttum hafa kerfisbundið varið valdastöðu sína með því að beita konur hvers kyns kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi eða hótunum um ofbeldi.**

## #metoo

Það hefur verið vaxandi virkni og kraftur í grasrótinni undanfarin misseri. Konur hafa lýst frelsi yfir eigin líkömum með brjóstabyltingunni. Druslugangan hefur stækkað ár eftir ár og þúsundum saman hafa konur mótmælt drusluskömmun. Fjöldi kvenna og þó nokkrir karlar hafa gefið út yfirlýsingar um að hafa verið beitt ofbeldi með forsíðumyndum á samfélagsmiðlum og nú hefur skollið á #*metoo* eða Églíka byltingin.

Það er eins og flóðgáttir hafi opnast. Það er nú ljóst að sterku konurnar í stjórnmálunum hafa ekki sloppið. Gáfuðu vísindakonurnar og hæfileikaríku listakonurnar ekki heldur og fleiri kvennahópar eru að kortleggja ástandið í sínum röðum. Mesta sjokkið og þarfast verður það, ef stelpur frá unga aldri fá sömu hvatningu og styrk til þess að segja frá því ofbeldi sem þær eru beittar. Það gildir að sjálfsögðu líka um stráka.

Ég líka byltingin hefur leitt í ljós að ofbeldið hefur verið framið í augsýn og með vitneskju margra. Ofbeldismennirnir hafa notið þess að þeir sem áttu eitthvað undir þeim, sáu sér þann kost vænstan að bregðast ekki við, eða jafnvel hvetja til frekara ofbeldis. Þannig virkar samsæri þagnarinnar.

### Karlar eru í lykilhlutverki

Afhjúpanirnar verða að leiða til þess að við tökum meiri ábyrgð. Nú verður að eiga sér stað kröftug vitundarvakning gegn meðvirkni því hlutleysi er afstaða í sjálfu sér. Við verðum öll að taka okkur tak og beita okkur gegn hvers kyns niðurlægingu og ofbeldi sem við verðum vitni að. Skiptum okkur af og segjum hátt og skýrt frá þegar okkur misbýður.

Vinnustaðir, skólar, stofnanir og stjórnvöld verða að endurskoða sofandahátt gegn ofbeldi. Fyrirbyggja það, gera það ljóst að það verði ekki látið viðgangast og draga til ábyrgðar þá sem því beita.

Hinn ósanngjarni samfélagssáttmáli kynjanna hefur gengið út á það að nógu margir karlar beiti ofbeldi til þess að valdamynstrið breytist ekki. Því verður ekki lengur á móti mælt að karlar í öllum stéttum hafa kerfisbundið varið valdastöðu sína með því að beita konur hvers kyns kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi eða hótunum um ofbeldi.

Það er óþægileg staðreynd að karlar almennt njóta afleiðinga þess að sumir þeirra beita ofbeldi. Það er vegna þess að ofbeldi sumra gerir því miður alla karla tortryggilega og það getur verið nóg til þess að konur leitist við að haga sér þannig að sem mestar líkur séu á að þær sleppi.

Það mikilvægasta sem þarf að eiga sér stað nú er að allir karlar skilji og viðurkenni að ofbeldi byggist alltaf á valdi og að það hafi ótal birtingarmyndir. Að þeir axli ekki bara ábyrgð á sjálfum sér heldur líka á kynbræðrum sínum. Að þeir hrökkvi ekki í vörn, heldur beiti sér bæði persónulega og í hópum til þess að skapa með okkur konum nýjan og réttlátari samfélagssáttmála.

## Ofbeldismenn

Frá opnun Stígamóta hafa ofbeldismenn alltaf talist mun fleiri en brotaþolar. Raunverulegur fjöldi þeirra er óþekktur, sumir eru margtaldir, en önnur ástæða fyrir þessum mikla fjölda er sú að stundum kemur fólk eftir hópnauðganir eða endurtekið ofbeldi.

**125**
ofbeldismenn voru undir 18 ára aldri á síðasta ári.

Á síðasta ári voru það 515 karlar og 22 konur sem beittu 372 manneskjur ofbeldi. Þessi kynjahlutföll hafa verið svipuð í fjölda ára.

Ofbeldismenn byrja oft feril sinn ungir og sumir hafa langan brotaferil. Á síðasta ári voru 125 ofbeldismenn undir 18 ára aldri. Aðspurðir sögðust 100 brotaþolar vita til þess að viðkomandi hefði beitt aðra ofbeldi líka.

Samkvæmt rannsókn Hildigunnar Magnúsdóttur og Katrínar Erlingsdóttur frá árinu 2006 virðast ungu kynferðisbrotamennirnir árásargjarnari en þeir eldri. Þannig var oftast um fullframdar nauðganir að ræða þegar þeir voru á aldrinum 16-18 ára. Þeir sem nauðguðu fullorðnum konum voru um það bil hættir um þrítugt á meðan þeir sem beittu börn kynferðisofbeldi voru á öllum aldri.

Meðferð kynferðisbrotamanna er almennt lítil á Íslandi, áhrifaríkasta leiðin til þess að sporna við kynferðisofbeldi eru öflugar forvarnir.

# Kynferðisofbeldi gegn konum – hvað getum við karlar gert?



**Hjálmar Sigmarsson**
ráðgjafi á Stígamótum

Stígamót hafa alla tíð lagt mikla áherslu á umræðuna um ofbeldismenn, enda snýst allt starf Stígamóta um afleiðingar gerða þeirra.

Við karlmenn erum í lykilhlutverki til þess að takast á við nauðgunarmenningu og það hvernig þessi menning réttlætir ofbeldi og gerir ofbeldismönnum kleift að komast upp með ofbeldisverkin. Byltingar undanfarinna ára hafa sýnt að þeir sem beita ofbeldi eru venjulegir menn – þetta eru vinir, ættingjar, vinnufélagar og áhrifavaldar. Við karlmenn komumst því ekki lengur upp með að segja að ofbeldi komi okkur ekki við og það séu bara örfá skrímsli sem fremji slíka verknaði. Við karlar erum í lykilstöðu til að takast á við þá ofbeldismenn sem við þekkjum.

Þetta vekur auðvitað upp þá spurningu hvernig við nálgumst þessa umræðu og auk þess hvernig við tryggjum að umræðan sé brotaþolavæn. Hvernig tryggjum við að umræðan nái lengra í að brjóta niður nauðgunarmenningu og að færri karlmenn beiti kynferðisofbeldi? Karlar eru meira áberandi í jafnréttisumræðunni í dag en áður. En það er ekki nóg að virkja fleiri karlmenn í baráttunni gegn kynferðisofbeldi, og það er ekki nóg að segja „góðir strákar nauðga ekki“. Það þarf að dýpka umræðuna. Við karlmenn þurfum að taka virkan þátt í að berjast gegn fjölbreyttum birtingarmyndum kynjamisréttis og kynferðisofbeldis í okkar umhverfi. Til þess að vera raunverulegir bandamenn í þessari baráttu þurfum við að taka ábyrgð, við verðum að leggjast í sjálfskoðun og eiga erfið samtöl við karla í okkar lífi.

> **En það er ekki nóg að virkja fleiri karlmenn í baráttunni gegn kynferðisofbeldi, og það er ekki nóg að segja „góðir strákar nauðga ekki“. Það þarf að dýpka umræðuna.**
> Hjálmar Sigmarsson



Það er skylda okkar að bæta hlustunarskilyrðin. Til þess þurfum við að halda áfram að hlusta, læra og skilja.

### Námskeið fyrir áhugasama karla

Stígamót munu halda námskeið helgina 24.-25. febrúar 2018, fyrir karla sem vilja taka virkan þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Markmiðið verður að þátttakendur öðlist dýpri skilning á mikilvægum viðfangsefnum sem varða kynferðisofbeldi gegn konum og öðlist verkfæri til að þróa aðferðir og aðgerðir til að ná til og virkja fleiri karlmenn í baráttunni. Til að skrá ykkur og fá nánari upplýsingar um námskeiðið sendið tölvupóst á hjalmar@stigamot.is.

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 9. DESEMBER 2017



**Bryndís Halldórsdóttir og Hany Hadaya dönsuðu sinn fyrsta tangó í Kramhúsinu fyrir mörgum árum og eftir það varð ekki aftur snúið. Þau taka þátt í jólasýningu Kramhússins í Gamla bíói.** →8






**Fjölskyldan bak við Feld, frá vinstri Marta Heiðarsdóttir, Kristín Birgisdóttir og Heiðar Sigurðsson feldskeri.** MYND/ANTON BRINK

# Vönduð skinnavara í miklu úrvali

Feldur Verkstæði er sérhæft fjölskyldufyrirtæki sem hannar og selur skinnavöru. Í versluninni á Snorrabraut er enn fremur úrval af skinnfatnaði og á verkstæðinu er boðið upp á pelsaviðgerðir. Enn fremur stendur til að endurvekja íslensku mokkakápuna en íslenska lambskinnið er mikið í tísku núna. →2



Í versluninni á Snorrabraut 56 má finna fjölbreytt úrval gjafavöru og einnig fallegar skinnflíkur sem er einungis hægt að fá þar.


Feldirnir hjá Feldi eru fjölbreyttir og fallegir.


Ef skinnflíkin passar ekki er lítið mál að breyta henni á Feldi Verkstæði.


Selskinnsjakkar og kápur frá grænlenska merkinu Great Greenland.


Í versluninni er mikið úrval af fallegum yfirhöfnum og kápum.

Feldur Verkstæði er fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun á skinnvörum. Hjónin Heiðar Sigurðsson og Kristín Birgisdóttir stofnuðu Feld Verkstæði til að auka úrvalið á skinnvarningi sem þeim fannst takmarkað. Þau vildu leggja áherslu á klassískar vörur úr skinni þar sem notagildi og gæði eru í hámarki, bæði í efni og framleiðslu. Kristín segir þau kaupa vottuð skinn sem keypt eru á uppboðum bæði í Danmörku og Finnlandi og eru þannig í miklum gæðaflokki. Það sama á við um framleiðsluna þar sem þau eru í nánu sambandi við framleiðendur sem allir sérhæfa sig í ákveðinni skinnvinnslu. Það hefur tekið mörg ár að finna bestu framleiðendurna og eru þau sífellt að vinna í því að halda gæðum og þróa vörur sem eru klassískar og óháðar ákveðinni tískubylgju. „Klassískar skinnvörur eru fjárfesting, þær lifa lengi og endast vel. Ef þú kaupir pels getur hann gengið í arf til afkomenda, eins og gull. Fallega skinnhúfu áttu alla ævi, svo framarlega sem þú týnir henni ekki. Við erum einnig með mikið af smávöru sem er ekki óþarflega dýr og flestir geta keypt og hefur notið mikilla vinsælda."

Vörur frá Feldi hafa í mörg ár verið til sölu í ýmsum verslunum, þar á meðal í Geysi og Rammagerðinni. Heiðar og Kristín hafa byggt fyrirtækið hægt og rólega upp og smám saman aukið vöruúrvalið. Með tímanum ákváðu þau að opna eigin verslun sem sýnir allt það úrval af vörum sem þau hafa hannað og þróað gegnum árin. Eftir opnun verslunarinnar á Snorrabraut 56 bættu þau við sig úrvali af pelsum, mokkakápum sérgerðum krögum og vestum. Auk þess hafa þau verið að þróa skinnfóðraða úlpu sem er mjög vinsæl í dag að sögn Kristínar.

Heiðar útskrifaðist sem feldskeri frá skóla í Tranos í Svíþjóð árið 1983 og hefur unnið við fagið síðan, þó með hléum. Nú hefur dóttir þeirra Marta sem er lærður fatahönnuður byrjað að vinna með þeim í þróun og hönnun á vörunum. „Það sem er á döfinni hjá okkur á næsta ári er að hanna nýjar vörur úr íslensku lambskinni. Við viljum endurvekja klassísku íslensku mokkavöruna sem einu sinni var svo vinsæl, eins og gærukerrupokann, mokkaskóna og jafnvel mokkakápuna."


Skinnin eru vottuð og í háum gæðaflokki.

Samhliða versluninni á Snorrabraut eru þau með verkstæði þar sem þau taka við gömlum pelsum í viðgerðir og breytingar.

„Það er svo gaman þegar konur koma með pelsa sem þær hafa erft eða fengið að gjöf og við breytum þeim til að passa á nýja eigandann. Fólk er oft tilfinningalega tengt pelsinum sem oftar en ekki er frá móður eða ömmu en ef hann passar ekki á neinn þá endar hann hangandi inni í skáp árum saman. Það er oft lítið mál að breyta skinnflíkum og það er gaman að sjá konur labba út, alsælar í gamla pelsinum sem hefur öðlast nýtt líf." Kristín bendir enn fremur á að öllum vörum frá Feldi fylgi viðgerðarþjónusta. „Við fylgjum vörunum okkar eftir og ef eitthvað bilar þá lögum við það að kostnaðarlausu. Það er algengur misskilningur að pelsar og skinn þurfi einhverja sérstaka meðferð. Á Íslandi er ekki eins mikill raki og víða erlendis svo það þarf ekki að geyma pelsinn á neinn sérstakan hátt. Og svo segjum við alltaf: Það þarf bara að nota flíkina, þó það komi aðeins rigning eða slydda á pelsinn er það ekkert mál, jafnvel bara gott fyrir flíkina að vera viðruð. Það fer miklu betur með pels að nota hann en ef hann hangir alltaf inni í skáp."

Kristín hlakkar til aðventunnar. „Núna er að renna í fjórðu jólin hjá okkur hér á Snorrabraut en það eru samt ansi margir sem vita ekki af okkur hér og eru hissa yfir því að hér sé verslun," segir Kristín. „Það er gaman að vita að fólki líkar verslunin og oftar en ekki gengur fólk héðan út með bros á vör og jafnvel með orðunum: Ég á eftir að koma hingað aftur! Það er alltaf skemmtileg stemming hjá okkur í búðinni á þessum árstíma og við viljum nota tækifærið til að bjóða öllum að líta við hjá okkur á Snorrabrautinni."

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Ekki þjást um hátíðarnar

**Meltingarensímin frá Enzymedica eru nýjung á Íslandi en öflug ensím bæta meltinguna og gefa okkur aukna orku ásamt því að losa fólk við fjölmörg vandamál sem tengjast erfiðri meltingu.**

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Líkaminn framleiðir sjálfur meltingarensím sem brjóta niður fæðuna en margt getur orðið til þess að hann framleiði ekki nóg.

### Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefndur fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósann. Meltingarensímin eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Þar drepast einnig flestar örverur sem geta fylgt með matnum en magasafinn sem er mjög sterk saltsýra sér um þá vinnu. Hvert ensím hefur svo mjög sérstakt (afmarkað) hlutverk og þau virkjast hver við sitt hita- og sýrustig (pH-gildi).

„Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Það er t.d. ef að við borðum of mikið eins og hættan er á núna í desember og/eða að samsetning matarins er slæm, en þá nær líkaminn ekki að „lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn (eða bætiefnin) á að skila okkur,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### Margföld orka og laus við magavandamál

Segja má að hún Anna Gréta hafi öðlast nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur náði hún betri svefni og því varð hún orkumeiri og glaðari eins og gefur að skilja. Hún hafði þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“

### Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreysti og vellíðan.



„Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus,“ segir Anna.

> **Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.**
>
> Anna Gréta, 67 ára

### Nokkrar staðreyndir um ensím

- Ensím taka þátt í hverju einasta efnafræðilegu ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensím hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensím á bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols.
- Ensím á bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu.
- Ensím geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr.

Með inntöku getur fólk skilað meira frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar eða hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

### Byltingarkennd ensím

Enzymedica framleiðir öflugustu meltingarensím sem völ er á. Fyrirtækið hefur einkaleyfi á aðferð sem kallast Therablend en þá er blandað mörgum stofnum ensíma sem vinna á mismunandi pH-gildum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

Sölustaðir: Heilsuhúsið, Lyf & heilsa, Apótekarinn og Fræið Fjarðarkaupum




**Geta dregið verulega úr einkennum fæðuóþols**


# Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna!

Hágæða góðgerlar, heilbrigð bakteríuflóra.




**Bio-Kult Candéa**
Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.




**Bio-Kult Original**
Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.




**Bio-Kult Pro-Cyan**
Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.




**Bio-Kult Infantis**
Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Lindex og UNICEF fagna samstarfi um Sannar gjafir

**Þriðja árið í röð taka Lindex og UNICEF höndum saman og bjóða viðskiptavinum upp á Sannar gjafir sem bæta hag barna um heim allan. UNICEF verður með kynningu í dag í Lindex, Smáralind.**

Sannar gjafir eru hjálpargögn fyrir börn í neyð og eru seld í verslunum Lindex sem falleg jólakort. Kortin eru skreytt með myndum af íslensku jólasveinunum sem Brian Pilkington teiknaði. Hvert jólakort inniheldur hjálpargögn sem UNICEF sendir til barna í neyð. Dæmi um þær gjafir sem eru í boði er til dæmis næringarmjólk Askasleikis fyrir vannærð börn, en í hverri 1.500 króna gjöf eru 10 skammtar af orkuríkri þurrmjólk sem notuð er til að meðhöndla allra veikustu börnin á næringarmiðstöðvum og sjúkrahúsum sem UNICEF starfar með.

Kertasníkir sendir barni í neyð hlýtt teppi, Stekkjastaur útvegar 20 skammta af jarðhnetumauki og Pottaskefill tryggir 7.500 lítra af hreinu vatni með vatnshreinsitöflum. Þessar gjafir eru allar til sölu í verslunum Lindex um allt land. Einnig er hægt að kaupa Sannar gjafir á lindex.is og sannargjafir.is.

Viðskiptavinir Lindex hafa stutt dyggilega við UNICEF eða um 20 milljónir frá upphafi. Nú þegar hafa viðskiptavinir Lindex verið duglegir í baráttunni fyrir bættum hag barna og hafa um 4.000 Sannar gjafir selst hjá Lindex frá upphafi. Jafngildir það að 40.000 skömmtum af næringarmjólk eða 80.000 skömmtum af jarðhnetumauki sem UNICEF hefur getað notað í þágu barna þar sem þörfin er mest vegna þessa einstaka samstarfs.



Vítamínbætt jarðhnetumauk gegnir lykilhlutverki í að lækna börn sem eru lífshættulega veik sökum vannæringar.

Að auki hefur Lindex á Íslandi og UNICEF starfað saman að öðrum verkefnum í gegnum tíðina eins og uppbyggingu menntastarfs í sumum af fátækustu löndum heims, stuðning við dag rauða nefsins, neyðarviðbrögð við náttúruhamförum og sérstakar barnafatalínur tileinkaðar baráttu UNICEF fyrir bættum hag barna í heiminum.

### UNICEF dagur Lindex

Til að undirstrika samstarfið fagna UNICEF og Lindex saman í Smáralind kl. 13-16 í dag. Í boði verður kynning frá UNICEF þar sem gestum og gangandi gerist kleift að setja á sig sýndarveruleikagleraugu þar sem skyggnst er í veruleika barna í flóttamannabúðum. Tónlistarkonan Hildur mun taka nokkur vel valin lög í anda jólanna auk þess sem jólasveinninn verður á staðnum og börnum og fjölskyldum þeirra boðið að taka mynd með sveinka.

### Stolt og ánægð

„Samstarf okkar við UNICEF hefur verið mikilvægur þáttur í samfélagsverkefnum sem við látum okkur varða hér hjá Lindex og við erum sérlega stolt og ánægð með að þessi jól munum við fara kyrfilega yfir 20 milljóna króna markið í baráttunni fyrir bættum hag barna í heiminum," segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

### Þakklát aðstoð

„Okkur þykir rosalega vænt um þetta samstarf og erum viðskiptavinum og starfsfólki Lindex ævinlega þakklát fyrir að hjálpa okkur að útvega hjálpargögn fyrir börn sem búa nú við erfiðar aðstæður," segir Vala Karen Viðarsdóttir hjá UNICEF á Íslandi. „Strax eftir jólin sér UNICEF síðan til þess að koma hjálpargögnunum til þeirra barna sem á þurfa að halda," segir Vala enn fremur.




UNICEF dreifði námsgögnum og fleiru til barna eftir að fellibylurinn Irma reið yfir Karíbahafið.

# Ekkert betra að vera árrisull

**Það er ekki endilega rétt að morgunstund gefi gull í mund. Rannsóknir benda til að hver og einn hafi sína líkamsklukku sem mótast út frá erfðum og því henti ólík mynstur ólíku fólki.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Við höfum öll heyrt að til að ná árangri í lífinu sé um að gera að fara snemma á fætur. Morgunstund gefi jú gull í mund. En þó margir sem hafa náð mikilli velgengni fari snemma á fætur er það langt frá því að vera algilt og rannsóknir gefa í skyn að það sé lítið hægt að gera í því hvernig líkamsklukkan og svefnmynstrið virkar.

### Ólíkir eiginleikar

Um helmingur fólks er hvorki sérstakir nátthrafnar né morgunhanar, svo þetta skiptir það litlu máli. En um fjórðungur fólks er nátthrafnar og fjórðungur árrisulir morgunhanar.

Rannsóknir gefa til kynna að þessir tveir ólíku hópar hafi ólíka eiginleika. Þeir sem vakna snemma eru samvinnuþýðari og meira greinandi í hugsun á meðan þeir sem vaka fram eftir eru oftar hugmyndaríkari og sjálfstæðari.

Fjöldi rannsókna bendir til að morgunhanar séu ákveðnari, hafi meiri sjálfsstjórn og séu viðkunnanlegri. Þeir setja sér hærri markmið, skipuleggja framtíðina meira og finna til meiri vellíðanar. Þeir eru líka ólíklegri til að vera þunglyndir og drekka áfengi og reykja.



Rannsóknir gefa til kynna að við séum öll háð líkamsklukkunni okkar og að hún byggi á erfðum. NORDICPHOTOS/GETTY

Á móti kemur að nátthrafnar ná yfirleitt betri árangri á prófum sem reyna á minni, hraða í hugsun og skilning, jafnvel þó þeir séu prófaðir á morgnana. Þeir eru líka opnari fyrir nýjum upplifunum og leita þær meira uppi. Þeir geta líka verið meira skapandi í hugsun og ein rannsókn sýndi að nátthrafnar væri jafn heilbrigðir og klárir en aðeins ríkari en morgunhanar.

Breyting á svefnmynstrinu virðist ekki gera mikið til að breyta þessum eiginleikum.

### Erfitt að endurstilla líkamsklukkuna

„Ef fólk fær að halda sig við þær tímasetningar sem þeim henta líður því miklu betur, það er virkara og getur hugsað skýrar," segir Katharina Wulff, sem rannsakar svefnmynstur við Oxford-háskóla. „Aftur á móti hefur það slæm áhrif ef fólki er ýtt út fyrir sínar náttúrulegu tímasetningar. Þegar nátthrafnar vakna snemma á morgnana er líkaminn enn að framleiða melatónín (hormón sem hefur mikil áhrif á svefn). Þessi framleiðsla er trufluð og líkaminn neyddur er til að fara í dagsástand. Það getur haft ýmis neikvæð áhrif á líkamann."

Þetta rímar við niðurstöður annarra rannsókna, sem sýna að líkamsklukkan er líffræðileg. Stór hluti hennar, jafnvel helmingur, kemur frá erfðum.

Tímasetningarnar sem henta einstaklingum breytast yfirleitt með aldrinum. Börn eru meiri morgunhanar, um tvítugt er fólk yfirleitt mestu nátthrafnarnir og svo um fimmtugt verður fólk aftur árrisulla. En þar sem þessar sveiflur eru svipaðar hjá öllum er fólk yfirleitt á sama stað á rófinu í samanburði við jafnaldra sína.

### Hænan eða eggið

Þegar við reynum að átta okkur á leyndardómum velgengni gleymist stundum að ekki allir sem ná langt eru árrisulir og að ekki njóta allir morgunhanar velgengni.

Það er ekkert víst að það sé í sjálfu sér betra að vakna snemma á morgnana. En við mætum flest til vinnu eða skóla snemma á morgnana, sem hentar morgunhönum vel og því eru þeir líklegri til að ná árangri í þessu mynstri. Líkamar nátthrafna sem vakna snemma eru enn í svefnástandi, sem þýðir að viðkomandi er miklu lengur í gang en morgunhani.

Vísindamenn hafa líka bent á að þar sem nátthrafnar neyðast oft til að vera virkir þegar líkamar þeirra eru ekki tilbúnir til þess sé ekki skrítið að þeir séu verri í skapi og njóti lífsins minna. En það gæti líka valdið því að þeir þurfi að vera nýjungagjarnir og finna leiðir til að gera sér lífið auðveldara, sem ýtir undir sköpun og hugsun. Þannig að þegar einstaklingur annaðhvort þrífst í eða þarf að laga sig að ytri aðstæðum gæti það ýtt undir ólíka eiginleika hjá viðkomandi.

Niðurstöður úr nýlegri rannsókn sýndu að þegar fólk reyndi að gerast árrisulla leiddi það ekki til betra skapferlis eða meiri lífshamingju.

Aðrar rannsóknir gefa vísbendingar um að svefnmynstur kunni að vera hluti af pakka með öðrum eiginleikum. Þannig að það gæti verið að ákveðnir eiginleikar fylgi ákveðnum svefnmynstrum og allt sé þetta byggt á erfðum. En fylgni er ekki það sama og orsakasamband og enn um sinn vitum við ekki alveg hvernig þetta vinnur allt saman.



Farmers Market
orrifinn
hrím
www.hrim.is
Sending væntanleg 15.des
G E F A
LAUGAVEGI 25/ KRINGLUNNI / 553-3003

# Var oft einn á jólunum

Spessi Hallbjörnsson, ljósmyndari og matgæðingur, drífur upp sína árlegu Friðarmáltíð í dag. Hann segir jólin snúast um frið og hafnar öllu stressi. Lengi vel hafi hann ekki átt hefðbundin jól.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Jólin geta verið erfið hjá mörgum. Ég var til dæmis ekki með neina fjölskyldu til að halda venjuleg jól með. Ólst upp hjá afa og ömmu og kynntist systkinum mínum og foreldrum mínum ekki mikið, ekki fyrr en á fullorðinsárum. Þegar amma og afi féllu frá var ég frekar einn á jólunum. Ég fékk því bara vin minn til að halda jólin með mér og við bjuggum til rétta stemmingu, keyptum gjafir handa hvor öðrum, jólatré og fleira. Svo eignaðist hann fjölskyldu og þá var ég aðeins með þeim en svo fann ég mér annan vin til að búa til jól með. Nú á ég fjölskyldu sjálfur,“ segir Spessi Hallbjörnsson, ljósmyndari og matgæðingur. Hann hafnar alveg öllu jólastressi, jólin snúist um frið og kærleika milli fólks.

### Heilun að skrifa jólakort

„Jólunum fylgir það að gefa einhverjum jólagjöf og því fylgir ákveðið hugarfar. Maður hugsar fallega til viðkomandi og langar að gleðja hann. Ég tala nú ekki um stemminguna við að skrifa jólakort. Maður sest yfir lista af nöfnum og hugsar vandlega hvað maður vill skrifa til hvers og eins. Manni líður svo vel að fara með allar þessar fallegu kveðjur í póst. Það er heilun að skrifa jólakort. Ef maður hugsaði allt árið hvað maður geti gert til að gleðja einhvern eða láta honum líða betur væri heimurinn betri. Maður þarf ekkert að vera stressaður á jólunum. Þetta er stemmingin sem ríkir á Friðarmáltíðinni,“ segir hann en Friðarmáltíðin er matarveisla sem hann hefur drifið upp fyrir hver jól árum saman.



Spessi ljósmyndari drífur upp sína árlegu Friðarmáltíð í dag. MYND/EYÞÓR

> Þegar amma og afi féllu frá var ég frekar einn á jólunum. Ég fékk því bara vin minn til að halda jólin með mér.

### Ekki venjulegt hlaðborð

„Fyrsta Friðarmáltíðin var haldin 1995. Þá var ég að vinna á Næstu grösum, hjá Gunnhildi, og hún stakk upp á því að ég eldaði minn jólamat sem matseðil einn laugardaginn. Við kölluðum það Friðarmáltíð. Nú hef ég gert þetta í mörg ár og varla misst úr eitt skipti. Eitt árið var ég staddur í Kansas í Bandaríkjunum og hélt Friðarmáltíðina þar í 500 manna þorpi! Vinur minn átti bar og veitingastað og við drifum þetta upp. Allur bærinn mætti í matinn og það skapaðist frábær stemming. Ég hef alltaf verið með flottar hljómsveitir og svo er alltaf sungið War is over með Lennon. Það er stemmingin þarna, fólk mætir ekki þarna á venjulegt jólahlaðborð til að éta, heldur fyrir stemminguna og samveruna. Jólamáltíð er náttúrlega friðarmáltíð.“

*Hvað verður í matinn?* „Ég ætla að elda cannelloni, steikt í salvíusmjöri, borið fram með ofnbökuðum tómötum með chili og hvítlauk og ferskum basil. Ekta ítalskt. Í forrétt eru belgbaunir vafðar í eggaldin og svo steiktar. Tiramisu í eftirrétt. Það verður líka hægt að fá vegan cannelloni,“ segir Spessi en hann hefur verið grænmetisæta í 36 ár.

„Grænmetisfæði er miklu einfaldara, maður sleppir einum hlekk úr keðjunni og þarf ekki drepa neinn. Það finnst mér mikill léttir. Mér finnst mega taka það inn í umræðu um ósonlagið að ef við minnkum kjötát mengum við minna.“

Friðarmáltíðin verður á Bergsson RE á Grandagarði klukkan 11 í dag.






Það er einfalt að gera snafs fyrir jólin og þarf ekki að taka langan tíma.

## Heimagerður jólasnafs

Í Danmörku og Þýskalandi er það til siðs að bjóða upp á jólasnafs á aðventu. Margir kaupa snafsinn tilbúinn en skemmtilegra er að bjóða upp á heimagerðan. Það þarf ekki að taka langan tíma, sumir verða tilbúnir á sólarhring á meðan aðrir þurfa viku. Hér eru nokkur dæmi um einfalda snafsa.

### Kryddaður snafs

- 75 cl brennivín
- 1 kanilstöng
- 5 rúsínur
- 1 negulnagli
- Lítill biti af engifer
- Smávegis börkur af appelsínu
- 3 hakkaðar möndlur
- 5 kardimommufræ

Setjið allt í flösku og látið standa við stofuhita í tíu daga. Hristið flöskuna á hverjum degi. Sigtið vökvann og berið fram.

### Sítrónu- og rósmarínsnafs

- 35 cl brennivín
- 1 sítróna
- 2 kvistir ferskt rósmarín

> Mörgum finnst gaman að bjóða gestum upp á jólasnafns á aðventunni.

Takið börkinn af sítrónunni. Setjið brennivín í flösku og bætið sítrónuberki og rósmaríni út í. Geymið við stofuhita í einn sólarhring. Kælið snafsinn og berið fram eftir tvo daga.

### Appelsínu- og vanillusnafs

- 50 cl brennivín
- ½ appelsína
- ⅓ vanillustöng
- 2 tsk. ljóst síróp

Hellið brennivíninu í skál og setjið rifinn appelsínubörn saman við ásamt safanum. Takið fræin úr vanillustönginni og setjið út í vínið. Því næst er sírópi bætt saman við. Hrærið. Setjið plast yfir skálina og látið standa í tvo daga í ísskáp áður en snafsinn er sigtaður og borinn fram.

70 ára

meba

1947 - 2017

Við höfum fylgst með tímanum í 70 ár og vitum hvað klukkan slær þegar kemur að úrum og skartgripum.

Hjá okkur starfa bæði gullsmiðir og úrsmiðir sem eru ávallt til þjónustu reiðubúnir.

Frábært úrval jólagjafa fyrir alla aldurshópa.



# Tangópar Íslands snýr aftur

Bryndís Halldórsdóttir og Hany Hadaya dönsuðu sinn fyrsta tangó í Kramhúsinu. Þau hafa nú atvinnu af því að dansa tangó í Kaupmannahöfn en taka nú þau taka þátt í jólasýningu Kramhússins.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Reyndar var það þannig að Bryndís sá fyrir tilviljun inn í tangótíma þar sem gestakennari frá Sviss var að halda helgarnámskeið í argentínskum tangó í Kramhúsinu og stemningin var mögnuð. Henni fannst þetta mjög spennandi, glæsilegt og seiðandi, tónlistin ótrúlega dásamleg og fann strax að þetta væri eitthvað fyrir sig. Á þeim tíma voru helgarnámskeið í argentínskum tangó haldin kannski einu sinni eða tvisvar á ári í Kramhúsinu,“ segir Hany en Bryndís stakk upp á að Hany myndi koma með sér og prufa. „Hann starfaði þá sem ballettdansari í íslenska dansflokknum ásamt því að kenna ballett og nútímadans í Kramhúsinu og var ekkert sérlega spenntur fyrir tangó,“ segir Bryndís sen bætir við að hann hafi látið undan að koma í einn tíma til að prufa. „ Okkur fannst þetta gaman, en höfðum auðvitað engan grun um að þetta ætti síðar eftir að vera okkar ferill og framtíðarstarf. Hafdís, eigandi Kramhússins, fékk í kjölfarið þá hugmynd að Hany færi að kenna tangó og hann lét til leiðast.“ Nokkrum árum síðar fóru Bryndís og Hany á tangóhátíð í Sviss til að upplifa alvöru argentínskan tangó. „Þá fyrst gerðum við okkur grein fyrir því að við kunnum í rauninni ekkert. Okkur langaði bara mest til að láta okkur hverfa og fljúga heim. Við höfðum skráð okkur í marga framhaldstíma á þessu festivali, en breyttum öllum skráningum yfir í byrjendakennslu, þrátt fyrir að hafa kennt tangó um árabil á Íslandi. Þar höfðum við bara lært af því að horfa á vídeóupptökur, æfa okkur og að kenna öðrum, sem við gerðum aðallega til að fá aðra til að dansa með okkur. Við fórum svo í okkar fyrstu ferð til Buenos Aires árið 2003, og þá má segja að tangóhjólin hafi byrjað snúast hjá okkur.“



Bryndís og Hany reka tangóstúdíó í Kaupmannahöfn og kenna tangó um helgar.

Eftir margra ára brautryðjendastarf í tangódansi og kynningu á Íslandi fluttu Bryndís og Hany sig um set fyrir nokkrum árum. „Við fengum óvænt boð um að koma til Kaupmannahafnar til að kenna og sýna á danshátíð árið 2008,“ segir Bryndís. „Það var mjög spennandi en líka erfitt því enginn þekkti okkur og við þekktum engan. Í fyrstu voru fáir skráðir í okkar tíma en svo fór nemendum að fjölga. Í kjölfarið fengum við fleiri boð um kennslu og ferðum til Danmerkur fór fjölgandi. Við kynntumst öðrum tangókennurum, þar á meðal dönsku pari sem var að opna nýtt tangóstúdíó sem varð mjög vinsælt á skömmum tíma. Þau vantaði hjálp og við komum oft og héldum þar helgarnámskeið sem voru vel sótt. Það fór svo þannig að í janúar 2011 tókum við að okkur fasta kennslu í fjóra mánuði til að byrja með. Við búum enn í Kaupmannahöfn og eigum nú okkar eigið tangóstúdíó ásamt vini okkar og samstarfsfélaga.“ Þau segja tangó mjög vinsælan í Danmörku. „Við erum með 300 nemendur í vikulegum tangótímum á öllum stigum. Það eru starfandi tangófélög í nánast öllum dönskum bæjum. Það er ekki síst því að þakka að tangó er kenndur í mörgum framhaldsskólum víðs vegar um landið.“

M2tango Studio Bryndísar og Hany er í miðborg Kaupmannahafnar. „Það krefst mikils að reka fyrirtæki og auk þess kennum þar alla virka daga langt fram á kvöld, svo vinnudagurinn okkar er oft mjög langur,“ segir Hany. „Svo ferðumst við um helgar, aðallega innan Skandinavíu til að kenna og sýna á helgarnámskeiðum og hátíðum. Þá kennum við líka tangó í skólakerfinu. Þjálfun og endurmenntun er mikilvægur hluti, að vera sífellt að þróa tækni og kennsluaðferðir til að viðhalda lönguninni til að halda áfram og hafa ánægju af starfinu. Sýningar eru okkur mikilvægar og helsta hvatningin. Við eyðum nokkrum tíma í eigin þjálfun og skipuleggjum vikulega þjálfun með öðrum kennurum hér í Kaupmannahöfn.“ Og nú eru þau komin heim í ræturnar eftir sex ár í víking og ætla að dansa fyrir Íslendinga á ný í Gamla bíói á morgun. „Þetta verður stutt stopp, við komum á laugardagskvöldið og förum á mánudagsmorgun. Það verður frábært að koma til Íslands og taka þátt í Jólagleði Kramhússins eftir margra ára fjarveru ásamt frábærum tónlistarmönnum. Kramhúsið á mjög stóran part í okkar hjörtum, þar kynntumst við, þar hófst okkar tangóferill og þar kenndum við Íslendingum í mörg ár. Kramhúsið og er eins og okkar annað heimili. Þetta verður mjög skemmtilegt og við hlökkum mikið til.“ Jólagleði Kramhússins er eins og áður sagði í Gamla bíói annað kvöld klukkan 20 og hægt er að fá miða í Kramhúsinu og við innganginn.



Bryndís og Hany kynntust hvort öðru í Kramhúsinu og einnig tangó sem síðan varð ástríða þeirra og lifibrauð.




**Ráðstefnuborgin Reykjavík** (Meet in Reykjavík) starfrækir „Meet in Reykjavík Ambassador club“ og er hlutverk hans að veita þeim aðstoð og ráðgjöf sem vilja beita sér fyrir því að fá til landsins alþjóðlegar ráðstefnur og viðburði.



**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
formaður framkvæmdastjórnar Women Political Leaders (WPL) er einn af meðlimum klúbbsins og var hún lykilmanneskja í því að heimsþing WPL var haldið í Hörpu dagana 28.-30. nóvember sl.

Við hjá Meet in Reykjavík nutum þess heiðurs að aðstoða Hönnu Birnu við grunn undirbúning þingsins og um leið og við óskum henni innilega til hamingju með vel heppnaða ráðstefnu þökkum við fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf.

Þjónusta Meet in Reykjavík er meðlimum Meet in Reykjavík Ambassador Club að kostnaðarlausu

**Nánari upplýsingar á meetinreykjavik.is/icelandic**

MEET IN REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau




Skoðið laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63, Skipholti 29b • S. 551 4422




## Sérfræðingur í mats- og hagdeild

Við leitum að öflugum sérfræðingi til starfa í teymi okkar sem sér um fasteignaskrá landsins og vinnur stöðugt í því að gera þá grunnstoð enn skilvirkari. Sérfræðingurinn mun sérhæfa sig í fasteignamatsaðferðum. Einnig mun hann koma að árlegu endurmati fasteigna- og brunabótamats og vinna með og gefa upplýsingar úr fasteignaskránni og öðrum skrám.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í verkfræði, hagfræði eða skyldum greinum
- Meistarapróf æskilegt
- Þekking á tölfræði
- Góð tölvufærni og geta til að tileinka sér nýja tölvutækni
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og SQL er æskileg
- Góð færni til að greina og finna lausnir
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Metnaður, skipulagshæfileikar og geta til að hafa yfirsýn og umsjón með verkefnum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingi Þór Finnsson deildarstjóri í gegnum póstfangið if@skra.is. **Umsóknarfrestur er til 27. desember.** Umsóknum skulu fylgja ferilskrá og kynningarbréf á póstfangið starfsumsoknir@skra.is.

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert og stofnanasamningum.

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir. Innan starfssviðs Þjóðskrár er rekstur fasteignaskrár og þjóðskrár, útgefið fasteignamat og brunabótamat, rekstur island.is og umsjón með útgáfu vegabréfa.

Við leggjum ríka áherslu á jákvæð samskipti og góða samvinnu sem er undirstaða góðrar þjónustu. Við teljum eftirsóknarvert að fá til liðs við okkur þá sem vilja starfa í anda gilda okkar um virðingu, sköpunargleði og áreiðanleika.

Við höfum metnað til að hlúa að vinnustað okkar og leggjum áherslu á að fjölskylduvænt umhverfi með sveigjanleika fyrir starfsmenn. Þjóðskrá Íslands tekur nú þátt í tilraunarverkefni um styttingu vinnuvikunnar.

*Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum.*
*Við nýtum aðferðir straumlínustjórnunar til að verða betri í dag enn í gær.*

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND




# Sérfræðingur á sviði nýsköpunar

## við viljum sjá tækifærin umbreytast í árangur

*Við leitum að sérfræðingi með framúrskarandi þekkingu á nýsköpun og og tækni sem hefur getu til að takast á við úrlausnarefni framtíðarinnar.*

*Allar frekari upplýsingar um starfið og menntunar- og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is*

Okkar hlutverk er að móta aðkomu stjórnvalda að nýsköpun atvinnulífsins, nýsköpun í ríkisrekstri, nýfjárfestingu og nýjum atvinnutækifærum. Ef þú hefur metnaðinn, þekkinguna og starfsreynsluna þá er þetta staðurinn þar sem þú getur látið að þér kveða.

Upplýsingar um starfið veitir Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri á skrifstofu nýsköpunar og iðnaðar **ingvi.mar.palsson@anr.is**

Umsóknarfrestur er til með 10. janúar 2018.

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Læknastöðin Glæsibæ

# Umsjón með eldhúsi

Umsóknarfrestur
**20. desember**

Læknastöðin Glæsibæ leitar að duglegum og áreiðanlegum einstaklingi í hlutastarf til að sinna umsjón með eldhúsi. Um er að ræða nýtt starf í glæsilegri aðstöðu.

Læknastöðin er miðstöð læknisþjónustu af ýmsu tagi og þar hafa um 50 læknar aðstöðu. Lögð er áhersla á góða þjónustu við barnafjölskyldur og að hægt sé að leita til sem flestra sérfræðinga á einum og sama staðnum.

Sæktu um starfið á
**vinna.is/storf**

Starfssvið
Viðkomandi mun hafa umsjón með kaffistofu, sjá um innkaup og léttan hádegismat ásamt frágangi í eldhúsi. Starfsreynsla úr sambærilegu starfi er æskileg.

Vinnutími
Mánudaga – fimmtudaga: 9:45 – 15:15
Föstudaga: 9:45 – 14:00

vinna.is capacent

Verzlunarskóli Íslands

# Ræstingar - dagvinna

Umsóknarfrestur
***Áhugasamir eru hvattir til þess að sækja um starfið sem fyrst þar sem umsóknir verða skoðaðar jafnóðum.***

Verzlunarskóli Íslands óskar eftir duglegum einstaklingi til að starfa við ræstingar. Leitað er að aðila með einhverja reynslu af ræstingum og hæfni í mannlegum samskiptum. Íslenskukunnátta er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Vinnutími
Alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00.
Löng jóla-, páska- og sumarfrí fylgja starfinu.

Sæktu um starfið á
**vinna.is/storf**

Starfssvið
Unnið er í þriggja manna teymi og helstu verkefni eru ræstingar á göngum og rýmum skólans.

Verzlunarskóli Íslands er leiðandi í viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi á Íslandi. Skólinn leitast við að laga sig að síbreytilegum aðstæðum og vera í fremstu röð í notkun upplýsinga- og tölvutækni. Gildi skólans eru Hæfni – Ábyrð – Virðing – Vellíðan.

vinna.is capacent

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Aðstoðarleikskólastjóri á Marbakka
- Aðstoðarmaður í eldhúsi á Sólhvörfum
- Deildarstjóri á Austurkór
- Deildarstjóri á Álfatúni
- Deildarstjóri á Grænatún
- Deildarstjóri á Læk
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Álfaheiði
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Læk
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Núp
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Sólhvörfum
- Leikskólakennari/leiðbeinandi á Austurkór
- Leikskólasérkennari/leiðbeinandi á Marbakka
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi á Austurkór
- Matráður á Sólhvörfum
- Sérkennari á Álfatúni
- Starfsmaður í sérkennslu á Læk
- Starfsmaður í skilastöðu á Núp
- Þroskaþjálfi á Læk

**Grunnskólar**

- Eftirlitsverkstjóri hjá Kópavogsbæ
- Frístundaleiðbeinendur í Salaskóla
- Grunnskólakennari, umsjónarkennari og stuðningsfulltrúi í Vatnsendaskóla
- Matráður í Snælandsskóla
- Sérkennari, frístundaleiðbeinandi og stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla

**Velferðarsvið**

- Fulltrúi í Örva starfsþjálfun
- Matráður í félagsmiðstöð aldraðra
- Starfsmaður á vinnustað fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn í íbúðarkjarna
- Starfsmenn óskast á vinnustofur fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfi í íbúðarkjarna

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

Fjarskipti hf.

# Fréttaritstjóri

Vísir SPORT BYLGJAN 989 X FM957 Tónlist Vild

Fjarskipti hf. óskar eftir framúrskarandi starfskrafti í nýtt starf fréttaritstjóra. Leitað er að öflugum og drífandi starfsmanni með mikla færni í mannlegum samskiptum til að taka þátt í að móta spennandi framtíð fréttastofu Fjarskipta hf. Viðkomandi þarf að búa yfir leiðtogahæfileikum og þarf að hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, metnað, fagmennsku, gagnrýna hugsun og jákvætt lífsviðhorf.

Umsóknarfrestur
**18. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6132**

Helstu viðfangsefni:
- Ábyrgð á almennum fréttaflutningi í sjónvarpi, útvarpi og á vefnum auk þess að stuðla að vönduðum fréttaskýringum.
- Ábyrgð á daglegum rekstri fréttastofunnar og stjórnun ásamt því að fara með mannaforráð.
- Leiða stefnumótun og þróun fréttastofu.

Menntun, hæfni og reynsla:
- Yfirgripsmikil reynsla af blaða- og fréttamennsku.
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur.
- Reynsla og færni í stjórnun starfsmanna, rekstri og framkvæmd kostur.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Skipulagshæfni, fagmennska, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Miðlar er nýtt svið Fjarskipta hf. Sviðið tekur yfir alla fjölmiðlastarfsemi Stöðvar 2, Bylgjunnar og vefmiðilsins www.visir.is. Rekstur fréttastofu heyrir undir nýtt svið Miðla. Lögð verður höfuðáhersla á sjálfstæði fréttastofunnar enda er sjálfstæði hennar lykilþáttur í viðhaldi trausts og gæða frétta.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Akureyrarbær

# Sviðsstjóri skipulagssviðs

www.akureyri.is Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær auglýsir eftir teymismiðuðum einstaklingi í starf sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrar. Sviðsstjóri skipulagssviðs er yfirmaður sviðsins og er jafnframt skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar. Meginverkefni skipulagssviðs eru gerð aðal- og deiliskipulags, veiting byggingarleyfa og eftirlit með byggingarframkvæmdum, undirbúningur erinda fyrir skipulagsráð ásamt því að veita þjónustu og ráðgjöf til íbúa og fyrirtækja.

Ath. lengdur umsóknarfrestur
**18. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6071**

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu.
- Ábyrgð á daglegum rekstri skipulagssviðs þ.m.t. starfsmannamálum og fjármálum.
- Áætlanagerð og stefnumótun í samstarfi við skipulagsnefnd.
- Annast samskipti við hagsmunaaðila, nágrannasveitarfélög og stofnanir ríkis og sveitarfélaga.
- Ábyrgð á að veitt sé ráðgjöf og fræðsla til bæjaryfirvalda, stjórnenda og annars starfsfólks.
- Skipulagning og umsjón kynninga og opinna funda, þ.m.t. málþinga og ráðstefna.
- Ábyrgð á innleiðingu og framfylgd jafnréttismála og umhverfismála á sviðinu.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar- og hæfniskröfur skv. 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
- Reynsla af starfi tengdu skipulags- og byggingarmálum er skilyrði.
- Þekking á þeim lögum og reglugerðum sem sviðið starfar eftir.
- Þekking og reynsla af þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga æskileg.
- Leiðtogahæfni, frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri í starfi.

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.500. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar við botn Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey hluti sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

## C og C++ hugbúnaðarþróun

Leitum að háskólamenntuðum hugbúnaðarsérfræðingi sem hefur sannað sig sem fær C eða C++ forritari.

Einstakt tækifæri og áhugavert starfssvið í boði.

**Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

## Bókhald/skrifstofuumsjón - Tilvalið fyrir nýútskrifaðan

Traust og framsækið upplýsingatæknifyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í fjölbreytt starf. Helstu verkefni eru bókhald, uppgjör, móttaka viðskiptavina og ýmis verkefni fyrir stjórnendur. Starfið er tilvalið fyrir einstakling sem er nýútskrifaður, t.d. úr viðskiptafræði.

**Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



# Iðjuþjálfi hjá Hrafnistu

Hrafnista **Reykjavík** óskar eftir iðjuþjálfa í 100% starf. Um er að ræða fjölbreytt starf sem krefst sjálfstæðra vinnubragða, frumkvæðis og góðrar samskiptahæfni. Helstu verkefni eru umsjón með greiningu, endurhæfing og þjálfun, ráðgjöf, fræðsla og teymisvinna.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Umsjón með greiningu, endurhæfingu og þjálfun
- Ráðgjöf
- Fræðsla
- Teymisvinna

**Hæfniskröfur:**
- Starfsleyfi iðjuþjálfa
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði

**Við bjóðum upp á jákvæðan starfsanda, áhugaverð verkefni og starf sem er í sífelldri þróun.**

Umsóknarfrestur er **til og með 22. desember**. Sótt er um starfið hjá www.hrafnista.is eða www.fastradningar.is .
Umsóknum skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.
Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg Hannesdóttir, sigurbjorg.hannesdottir@hrafnista.is eða í s. 585 9383 / 693 9559

Hrafnista rekur sex öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hjá Hrafnistu starfa um tólf hundruð manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Stöðugildi eru um 650 talsins. Veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra skjólstæðinga heimilanna.

das
HRAFNISTA

***Hrafnista*** *Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur | Garðabær | Nesvellir | Hlévangur*

**Gúmmísteypa Þ. Lárusson** sér um samsetningu og uppsetningum á færiböndum úr gúmmíi, PU og PVC.

Leitum að fólki sem hefur náð 25 ára aldri til að útbúa og setja saman stór og smá færibönd. Eftirfarandi eru þær kröfur sem við gerum til starfsfólks okkar:

- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Drifkraftur og jákvæðni eru mikilvægir eiginleikar.
- Þjónustulund og vilji til að skila góðu verki.

Viðkomandi getur hafið störf strax. **Nánari upplýsingar í síma 5674467 á milli kl.09 og 15 alla virka daga.**



## Sunnulækjarskóli

***Við Sunnulækjarskóla á Selfossi er laus staða umsjónarkennara á miðstigi***

Í skólanum eru um 660 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má fá hjá skólastjóra í síma 480-5400 og á vefsíðu skólans: http://www.sunnulaekjarskoli.is

**Umsóknarfrestur er til 17. desember 2017.**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is.

***Skólastjóri***



Kaffitár

Kaffitár hefur um árabil boðið Íslendingum og gestum landsins upp á úrvals kaffi og kruðerí.
Kaffitár rekur 7 kaffihús á höfuðborgarsvæðinu.

# Rekstrarstjóri kaffihúsa

Við leitum nú að öflugum rekstrarstjóra kaffihúsa.

**Ábyrgðarsvið:**
- Áætlanagerð
- Þróun og stefnumótun
- Ábyrgð á mönnun og þjálfun starfsfólks kaffihúsanna
- Eftirfylgni með rekstri og áætlunum
- Eftirlit með gæðamálum og ásýnd kaffihúsanna

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði rekstrar
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla
- Frumkvæði og drifkraftur
- Samskiptahæfileikar
- Leiðtogahæfileikar

**Upplýsingar veitir:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir**
geirlaug@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
**Umsóknarfrestur er til og með 17. des. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



Stjórn Vestfjarðastofu ses. auglýsir eftir framkvæmdastjóra til þess að leiða starfsemi Vestfjarðastofu sem tók til starfa 1. desember sl. Vestfjarðastofa varð til við sameiningu verkefna sem áður heyrðu undir Fjórðungssamband Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa, fjölbreyttu menningarstarfi og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu leiðir starfsemina og er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir yfirstjórn og daglegum rekstri Vestfjarðastofu í umboði stjórnar. Hann undirbýr stefnumörkun, rýnir markmið og aðgerðir og vaktar innleiðingu stefnu Vestfjarðastofu í samvinnu við stjórn og starfsmenn. Framkvæmdastjóri undirbýr rekstrar- og starfsáætlun Vestfjarðastofu og ber ábyrgð á að reksturinn rúmist innan gildandi áætlana á hverjum tíma.

**Menntunarkröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði, framhaldsmenntun æskileg
- Haldbær reynsla af rekstri og farsæl stjórnunarreynsla
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og innleiðingu stefnu er skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu/málefnum sveitarfélaga er æskileg

**Kröfur um hæfni**
- Leiðtogahæfni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að sýna frumkvæði og rík skipulagshæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að taka þátt í mótun og stjórnun breytinga
- Rík aðlögunarhæfni og geta til að starfa undir álagi
- Hæfni til að miðla flóknum upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli

**Upplýsingar veita:**
**Katrín S. Óladóttir** katrin@hagvangur.is
**Geirlaug Jóhannsdóttir** geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 18. des. nk.**
Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.
Farið verður með fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700


# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

**Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.**

## Hópstjóri í símaveri

Hagstofa Íslands leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur ánægju af samskiptum til að stýra öflugum spyrlahópi í símaveri Hagstofunnar. Starfið heyrir undir gagnasöfnunardeild og felur í sér rekstur símavers, stjórnun vakta og samstarf við aðra starfsmenn deildarinnar um framgang og umsjón rannsókna.

Helstu verkefni hópstjóra felast í að stýra símaveri Hagstofunnar og tryggja fagleg og árangursrík vinnubrögð við framkvæmd úrtaksrannsókna. Hópstjóri vinnur jafnframt að ráðningum og þjálfun spyrla, samskiptum við gagnaveitendur og frumúrvinnslu gagna.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af stjórnun með mannaforráð
- Reynsla af rekstri símavers er kostur
- Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á spurningalistarannsóknum er kostur
- Þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni
- Frumkvæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

Um er að ræða 80% starfshlutfall og er vinnutími frá kl. 14 – 22 mánudaga til fimmtudaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar 2018** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Hauksdóttir og Stefán Logi Sigurþórsson í síma 5281000.**

**Vísir hf óskar eftir að fastráða matsvein á Sighvat Gk 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar um borð í síma 856-5770, hjá skipstjóra í síma 856-5775 eða á heimasíðu Vísis **www.visirhf.is.**

VÍSIR

## Knattspyrnufélagið Fram

**óskar eftir að ráða bókara/starfskraft á skrifstofu félagsins að Safamýri 26.**

Um 50% starfshlutfall er að ræða.

**Starfslýsing:**

- Færsla bókhalds
- Launavinnsla
- Afstemmingar og frágangur á bókhaldi til uppgjörs
- Aðstoð við innri úttektir og eftirlit
- Innkaup á rekstrarvörum
- Innheimta og aðstoð við æfingagjöld
- Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur :**

- Víðtæk reynsla af bókhaldi og launavinnslu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn ásamt starfsferilsskrá til framkvæmdastjóra Fram ludvik@fram.is **fyrir þriðjudaginn 19. desember,** sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um starfið.

# JÁVERK HEFUR NÓG AÐ GERA

## Gæðastjóri

Við leitum að drífandi einstaklingi með góða þekkingu og áhuga á gæða- og umhverfismálum til starfa sem gæðastjóri.

**Helstu verkefni:**

- Uppbygging, þróun og innleiðing gæðakerfis í samstarfi við stjórnendur
- Eftirfylgni verkefna og þátttaka í samstarfsverkefnum á sviði gæða- og umhverfismála
- Skipulagning og umsjón með innri og ytri úttektum

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði gæða- eða umhverfisfræða eða annað próf sem nýtist í starfi
- Reynsla í uppbyggingu og rekstri stjórnunarkerfa og reynsla af innri úttektum.
- Þekking á ISO 9001; þekking á ISO 14001 er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Leiðtogahæfni, samskiptafærni og jákvætt viðhorf
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Mjög góð almenn tölvukunnátta

## Verkefnastjórar

Byggingaverkfræðingar og byggingatæknifræðingar óskast til að stýra langtímaverkefnum. Reynsla er að sjálfsögðu kostur, en við tökum einnig vel á móti metnaðarfullum aðilum með minni reynslu sem vilja öðlast þekkingu og reynslu af stýringu framkvæmda.

**Helstu verkefni:**

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við verkkaupa, undirverktaka og birgja
- Kostnaðareftirlit, reikningsgerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð og verkefnaöflun

**Hæfniskröfur:**

- Byggingaverkfræðingur, byggingatæknifræðingur, byggingafræðingur
- Sjálfstæði og skipuleg vinnubrögð
- Reynsla af stjórnun framkvæmda er mikill kostur
- Frumkvæði, áræðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tök á rituðu máli

Umsóknir og fyrirspurnir um störfin sendist á gylfi@javerk.is fyrir 30. des. 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 25 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 og verkefnastaða fyrirtækisins mjög traust næstu árin. JÁVERK leggur áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál og er eina verktakafyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu Creditinfo sem „Framúrskarandi fyrirtæki“ síðastliðin 3 ár.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og dugmikið starfsmannafélag stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannavelta er mjög lítil.

**JÁVERK**
Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is

JÁVERK

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**

Sif stýrir flugumferð
í flugturninum í Keflavík.




## AÐSTOÐARMENN Í FLUGTURNI

Við leitum að fólki í störf aðstoðarmanna í flugturn á Keflavíkurflugvelli. Helstu verkefni eru að miðla flugheimildum til flugmanna, vakta og vinna úr skeytum í flugstjórnarkerfum, skráning í gagnagrunna, auk annarra verkefna sem stjórnendur ákveða.

**Hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Tölvukunnátta og góður skrifhraði á tölvu er æskilegur
- Góð enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli (gerum kröfu um ICAO level 4 að lágmarki)
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Reglusemi og snyrtimennska

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Ólafsson yfirflugumferðarstjóri, **haraldur.olafsson@isavia.is**.

## UMSJÓNARMAÐUR FLUGUPPLÝSINGAKERFA

Við óskum eftir að ráða umsjónarmann fluguppplýsingakerfa sem hefur daglega umsjón með fluguppplýsingakerfum Isavia, notendaþjónustu, yfirferð á gögnum auk fleiri verkefna.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af störfum á flugvelli er mikill kostur
- Góð tækni- og tölvukunnátta er skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýslu, **saevar.gardarsson@isavia.is**.

Umsækjendur þurfa að vera með hreint sakavottorð. Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnskoðunar lögreglu. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

**Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.**

**Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.**

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR:
**17. DESEMBER 2017**

isavia

# SKAPANDI SAMFÉLAG Á FRÆÐASVIÐI LISTA

## LISTAHÁSKÓLINN AUGLÝSIR EFTIR HÁSKÓLAKENNURUM Á LEIKARABRAUT

Starf háskólakennara hjá Listaháskóla Íslands felur í sér kennslu og stefnumótun. Háskólakennarar taka virkan þátt í uppbyggingu viðkomandi deildar undir stjórn deildarforseta og eru þátttakendur í fræða- og fagsamfélagi skólans.

Hæfi umsækjanda verður metið í samræmi við reglur Listaháskóla Íslands um veitingu akademískra starfa, sjá nánar á www.lhi.is/log-og-reglur.

**Sviðslistadeild**
**Háskólakennari í leiklist**
Stafrænt kynferðisofbeldi er þegar einhver tekur upp, dreifir eða skoðar kynferðislegt myndefni í óþökk og án samþykkis þess sem er á því. Fólk þarf að gera sér grein fyrir því að þegar það dreifir eða skoðar slíkt myndefni er það gerandi,“ segir Júlía Birgisdóttir en hún hefur verið ötul talskona gegn stafrænu ofbeldi eftir að hafa upplifað það á eigin skinni. Hún segir að ólíkt mörgu öðru ofbeldi endurtaki stafrænt ofbeldi sig í hvert skipti sem einhver dreifir efninu og einnig þegar það er skoðað. Ofbeldið er því viðvarandi út lífið og getur dúkkað upp á hvaða tímapunkti sem er.

„Fólk skilur ekki að þetta er ofbeldi því í mörgum tilfellum var fólk samþykkt myndatökunni eða sendi sjálft af sér mynd til einhvers sem það treysti, en það þýðir ekki samþykki fyrir dreifingu. Skilningur er að aukast á því hvað þetta hefur miklar afleiðingar og að það er ekki bara eitthvert flipp að senda nektarmynd. Dreifing á slíku myndefni gerir fólk algjörlega varnarlaust og afleiðingarnar eru miklar,“ segir Júlía. Myndband af henni var tekið upp, án hennar vitundar, og hafði verið í dreifingu í tvö ár þegar hún frétti af því.

„Áhrifin sem þetta hafði á mig voru rosaleg og afleiðingarnar eins og af öðru kynferðisofbeldi. Mikill ótti, áfallastreituröskun, kvíði og þunglyndi. Þegar ég komst að tilvist myndbandsins skildi ég ekki af hverju þetta hafði svona slæm áhrif á mig. Ég vissi ekki hvert ég átti að leita. Ég vildi ekki að þetta myndi fréttast og stóð því algerlega ein. Þessi tegund ofbeldis er svo ný með nútímatækni en aðgengi að


Júlía Birgisdóttir vill auka skilning á stafrænu kynferðisofbeldi. MYND/ERNIR

> **Fólk skilur ekki að þetta er ofbeldi því í mörgum tilfellum var fólk samþykkt myndatökunni eða sendi sjálft af sér mynd til einhvers sem það treysti.**

þjónustu er orðið mun betra og má nefna Bjarkarhlíð sem er fyrir þolendur ofbeldis og Stígamót.“

Júlía segir mikilvægt að stafrænt ofbeldi sé viðurkennt sem slíkt. Orðið „hefndarklám“ eigi ekki að vera til. „Að flokka þetta sem einhvers konar undirflokk af klámi er eins og tala um nauðgun sem tegund af kynlífi. Sú skoðun er sem betur fer á undanhaldi að þolendur stafræns ofbeldis geti sjálfum sér um kennt. Mikilvægt er að fólk skilji hvers vegna þolendur ofbeldis kjósa að stíga fram. Það er ekki til þess að fá vorkunn heldur til þess að vekja athygli á alvarlegu vandamáli. Það er vissulega ekki auðvelt að stíga fram en það er nauðsynlegt. Fólk gerir það til þess að skapa umræðu, auka vitund og skilning á erfiðum málum og knýja fram breytingar.“

# Fyrsta skrefið reyndist gæfuspor

Torfi Guðmundsson vissi ekki að karlar gætu leitað til Stígamóta fyrr en konan hans benti honum á það. Hann segir líf sitt hafa gjörbreyst eftir að hann leitaði aðstoðar vegna kynferðisofbeldis sem hann varð fyrir 12 ára.

Ég hélt að Stígamót væru bara fyrir konur. Þegar konan mín komst að því að Stígamót væru með viðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir konur og karla sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi ákvað ég að koma hingað,“ segir Torfi og bætir við að það hafi ekki verið auðveld skref. „Mér fannst erfiðast að byrja að tala um kynferðislegt ofbeldi sem ég varð fyrir sem barn, enda var það eitthvað sem ég hafði bælt niður í þrjátíu ár. Mér fannst ekki óþægilegt að vera karl að koma til Stígamóta heldur gott að geta fengið hjálp frá sérfróðu fólki sem vissi alveg um hvað ég var að tala.“

Torfi segist hafa upplifað mikla skömm og fannst hann eiga hluta af sökinni sjálfur. „Ég var með ranghugmyndir sem ég hafði ákveðið að væru réttar, án þess að ræða það við nokkra manneskju. Þegar ég opnaði mig og talaði við ráðgjafa gat ég unnið úr þessum ranghugmyndum og þessum þunga sem hvíldi á mér,“ segir hann alvarlegur í bragði. „Fyrst fann ég fyrir rosalegum létti, svo kom reiðin og þungi og fleiri tilfinningar sem tók lengri tíma að vinna úr. Núna er ég á allt öðrum stað en þegar ég kom fyrst til Stígamóta. Ég var svo dofinn. Í mörg ár notaði ég mat til að borða yfir allar tilfinningar. Þegar ég byrjaði að vinna í mínum málum náði ég hægt og rólega að geta talað um ofbeldið og tilfinningar án þess að þurfa að borða yfir það.“

> **Mér fannst ekki óþægilegt að vera karl að koma til Stígamóta heldur gott að geta fengið hjálp frá sérfróðu fólki sem vissi alveg um hvað ég var að tala.**

Hvernig finnst þér viðhorf samfélagsins vera til karlbrotaþola? „Ég var viss um að það væri mjög neikvætt og átti von á að þegar ég færi að segja frá myndi ég fá neikvæð viðbrögð. En ég komst að því að það er ekki svo. Ég fékk mjög jákvæð viðbrögð frá fjölskyldunni, vinum og vinnufélögum. Fólk brást allt öðruvísi við en ég átti von á. Ég var búinn að berja mig svo mikið niður, og af því að ég hugsaði svona, hélt ég að allir aðrir hugsuðu á þann hátt.“

Hefurðu eitthvað að segja við aðra karlkyns brotaþola þarna úti sem hafa kannski ekki leitað sér hjálpar?

„Nú get ég bara talað út frá sjálfum mér en þegar ég kom til Stígamóta og fór að vinna í mínum málum fóru hlutirnir að gerast og líf mitt breyttist til betri vegar. Ég hafði alltaf bælt niður allar tilfinningar og það er erfitt að búa með og umgangast þannig manneskju. Ég skil ekki hvernig konan mín þraukaði! Ég mæli með að menn komi og gefi Stígamótum tækifæri, komi í 10-12 tíma. Eftir tvo tíma vissi ég að þetta væri eitthvað sem ég yrði að gera. Það var erfitt en vel þess virði að vinna úr þessari tilfinningaflækju sem hafði plagað mig í mörg ár.“




Torfi (t.v.) hittir Hjálmar, ráðgjafa hjá Stígamótum, mánaðarlega. MYND/ERNIR

# Karlahópar og karlakvöld á Stígamótum

Hjálmar Gunnar Sigmarsson hefur unnið við ráðgjöf hjá Stígamótum í þrjú ár. Hann segir mikilvægt að karlar sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi leiti sér hjálpar og brjótist út úr einangrun.

Karlkyns brotaþolar hafa verið að koma til Stígamóta frá upphafsárum samtakanna. Undan farin ár hafa 40-45 karlar komið árlega til Stígamóta í fyrsta sinn og í fyrra voru þeir 12,3% af heildarfjöldanum. Það er lykilatriði að karlar viti af stað eins og Stígamótum. Hér fá þeir tækifæri til að tala um kynferðisofbeldið og afleiðingar þess í trúnaði og á sínum forsendum. Markmiðið er að styðja þá til að opna á hluti sem þeir hafa lokað á lengi eða eru kannski þannig að það hefur aldrei verið hægt að segja þá upphátt áður,“ segir Hjálmar og bætir við: „Skilaboðin frá okkur eru þau að hvetja fleiri karlkyns brotaþola til að leita sér hjálpar og Stígamót eru einn af þeim stöðum sem hægt er að leita til.“

### Eru afleiðingar kynferðisofbeldi eins hjá konum og körlum?

„Þær eru hliðstæðar, en það er áberandi hvað reiðin er meira áberandi hjá körlum, sem og ótti, tilfinningalegur doði og sjálfsvígshugsanir. Einnig nota karlar í ríkari mæli áfengi og önnur vímuefni til að deyfa sig.

Stígamót bjóða upp á viðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir karla sem beittir hafa verið kynferðislegu ofbeldi. En við erum sífellt að reyna að bæta þjónustu okkar og finna nýjar leiðir til að þess að karlar upplifi að þeir séu velkomnir á Stígamótum. Til dæmis höfum við í hverjum mánuði haldið karlakvöld, en þá er opið hús fyrir karla sem hafa nýtt sér þjónustu Stígamóta í gegnum árin. Þar fá karlar tækifæri til að ræða við aðra sem eiga svipaða reynslu að baki og geta þannig speglað sig í reynslu annarra og leyft sér að fara í gegnum tilfinningar sem þeir hafa ekki áður gert. Það er mikilvægt að finna að maður er ekki einn að burðast með erfiða reynslu. Þessi kvöld eru ein leið fyrir karla til að brjótast út úr einangrun sinni. Á heimasíðunni okkar, www.stigamot.is, er einnig aðgengilegt fjölbreytt efni fyrir karla, bæði á íslensku og ensku.“



# Alþjóðlegt samstarf mikilvægt

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, hefur starfað hjá samtökunum í átján ár. Á þeim tíma hefur hún og samstarfsfólk hennar ferðast til meira en 80 borga víða um heim.

Guðrún segir að Stígamót séu í mjög góðu samstarfi við alþjóðasamtök. „Þessi samvinna er líklega mun meiri en margur hyggur,“ segir hún. „Okkur hefur verið boðið að taka þátt í fjölmörgum erlendum verkefnum og ráðstefnum og við höfum fengið tækifæri til að kynna starfsemi Stígamóta. Venjulega eru þessar ferðir greiddar af gestgjöfum sem er ánægjulegt þar sem Stígamót hafa ekki bolmagn til að greiða slíkar ferðir. Mér telst til að við höfum farið til meira en áttatíu borga víðsvegar um heiminn og sumar höfum við heimsótt oft. Við eigum fulltrúa í norrænum, evrópskum og alþjóðlegum samtökum og tökum þátt eftir bestu getu,“ útskýrir Guðrún og ítrekar að alþjóðlegt samstarf skipti miklu máli fyrir Stígamót.

„Það er gaman að segja frá starfi íslenskrar kvennahreyfingar á erlendri grundu, ekki síst vegna þess að svo virðist sem íslenskar konur séu róttækari og noti óvenjulegri baráttuaðferðir en þekkist erlendis. Konur víða um heim súpa hveljur yfir því sem við getum gert en væri óhugsandi í þeirra löndum. Þar má nefna verkefnið okkar Stóru systur, þar sem konur settu inn vændisauglýsingar til að finna vændiskaupendur. Eða þegar við stofnuðum kampavínsklúbb til að benda á hvað væri í raun að gerast innandyra á slíkum stöðum. Við seldum tíu mínútna aðgang að konum fyrir 20 þúsund krónur. Þetta mál vakti athygli í fjölmiðlum, fékk mikla umfjöllun og umræðu. Með þessu náðum við eyrum fólks og stuttu síðar var þessum klúbbum lokað,“ greinir Guðrún frá og bendir á að lögreglan hefði fengið aukið fé til frekari rannsókna á þessu máli eftir að Stígamót bentu á það sem var að gerast.

„Þeim þótti líka mjög áhugavert þegar við framleiddum karlanærbuxur með áletruninni „Ég tek ábyrgð“. Nú hafa svona nærbuxur verið framleiddar víða,“ segir Guðrún og bætir við að slíkar nærbuxur ættu allir karlar að eiga.

„Oft höfum við kynnst stórmerkilegum konum sem við höfum svo boðið heim til þess að fleiri fái að njóta visku þeirra. Í hvert sinn sem við förum utan söfnum við nýrri þekkingu og reynslu sem vonandi endurspeglast í starfi okkar.“



Guðrún segir gaman að ræða starf íslenskrar kvennahreyfingar erlendis.

# Vændi er svakalegt ofbeldi

Eva Dís Þórðardóttir vinnur úr reynslu sinni af vændi með hjálp Stígamóta, bæði í einstaklingsviðtölum með ráðgjafa og í hópavinnu með konum sem hafa svipaða reynslu.

Ég veit alveg hvar sagan mín byrjar og hún byrjar ekki þegar ég byrja í vændinu. Hún byrjar þegar ég var misnotuð sem barn, þegar ég lenti í einelti og í uppeldi mínu. Ég var mjög meðvirk frá barnsaldri og ég held að þannig hafi ég lifað af, með því að fara í hlutverk, aftengja mig raunverulegum tilfinningum og fara á sjálfstýringu til að lifa af," segir Eva Dís Þórðardóttir, sem hefur unnið úr reynslu sinni af vændi með hjálp Stígamóta. Eva Dís lýsir því þegar hún flutti til Danmerkur eftir nokkur skaðleg ástarsambönd. Þá rúmlega tvítug hóf hún fljótlega samband við mann sem kom svo í ljós að hafði áhuga á að stofna fylgdarþjónustu. Hann kynnti hana fyrir vændisheiminum í formi símavörslu í vændishúsi. „Og allar stelpurnar og maddaman voru svo hissa á því að ég vildi frekar vera á símanum en „á lakinu" því það væru miklu meiri peningar í því og ég var svo brotin inni í mér að ég ákvað að prófa. Þær létu þetta hljóma sem eitthvað spennandi og lengi laug ég því að mér líka. Að þetta væri fín leið til að ná í pening. Maður verður að segja sér að þetta sé það þegar maður er í þessu. Grafa sig og finna upp einhvern lygaraunveruleika. Annars er ekki hægt að gera þetta."

Þótt hún hafi ekki starfað lengi í þessum heimi lýsir hún samt þeim tíma sem hryllilegum.

„Vændi er svakalegt ofbeldi. Ég vil kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Það er ekki gott að víkja sér undan því að tala um hryllinginn. Ég var hóra og þetta var hóruhús og þeir sem komu voru hórukúnnar eða eitthvað þaðan af verra, menn sem fengu eitthvað út úr því að kaupa sér yfirráð yfir líkama konu til að geta nýtt hana eins og þeim sýndist. Og þegar talað er um gleði-konur? Það er engin gleði í vændi. Það er enginn glaður þar. Það er mikilvægt að allir skilji það."

Eva Dís flutti til Íslands árið 2008 og þremur árum síðar dó faðir hennar. Nokkru síðar var henni nauðgað. „Og það var svo skrýtið að ég brást alveg eins við og í vændinu. Ég fór bara út úr líkamanum og reyndi að láta þetta klárast svo ég slyppi. Þá fyrst leitaði ég mér hjálpar. Mér datt samt ekki í hug að nefna vændið. Ég skilgreindi það ekki sem ofbeldi, bara eitthvað sem ég hafði gert og skammaðist mín svo svakalega fyrir. Ráðgjafinn benti mér á Stígamót. Á Stígamótum fór ég að vinna úr hlutum og þar nefndi ég vændið í framhjáhlaupi og ráðgjafinn upplýsti mig um að þetta væri kynferðisofbeldi. Mér finnst svo skrýtið núna að tala um vændi sem viðskipti. Eins og Rachel Moran, fyrrverandi vændiskona og baráttukona gegn vændi, segir í bók sinni: Ef einhver borgar öðrum fyrir að fá að berja hann í klessu, er sá sem lemur ekki ofbeldismaður? Alveg eins ef þú borgar einhverjum fyrir að nauðga viðkomandi. Það er mér rosalega mikilvægt að allir skilji að vændi er ekki kynlíf. Það þarf að eyða þeim misskilningi og fara að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Mér finnst að það eigi að setja eitthvað ógeðslegt orð líka á kúnnana svo þeir skilji hvað þeir eru að gera. Að þeir skilji skaðann sem þeir valda. Ég vildi að ég hefði verið með rétta orðaforðann þegar ég var að fara inn í þennan heim, að ég hefði haft meiri skilning á hvað þetta er og er ekki."

Hún segir erfitt að lifa með afleiðingum vændis og viðurkennir að hún eigi oft erfiða daga. „Stígamót hafa hjálpað mér alveg svakalega að sjá hvað er afleiðing af vændinu, skilja ákveðna hluti. Áfallastreitan er skrýtin og hefur svo margar hliðar, kvíði og frestunarárátta er til dæmis hluti af áfallastreitunni og líka að vantreysta fólki og aðstæðum.

Það er svo gott að koma niður í Stígamót og fá að ræða þetta allt saman. Við erum ekkert endilega að fara í smáatriðum yfir það sem gerðist í vændinu enda held ég að það sé ekkert endilega nauðsynlegt. Stígamót gáfu mér svo margt. Ég fæ tækifæri til að tala um hvernig mér líður og læra að skilja á milli afleiðinganna og sjálfrar mín. Að ég sé ekki bara svona gölluð heldur eru þetta afleiðingar af því sem fyrir mig hefur komið. Þar er líka hópur fyrir stelpur sem hafa verið í vændi og það er mjög dýrmætt og hjálplegt að tala um hluti sem enginn skilur nema sú sem hefur upplifað svipað.

Ég er smám saman að þroskast og þróa mig út í að geta hjálpað öðrum. Það er annað sem Stígamót hafa gefið mér tækifæri á að gera. Að gefa af mér og gefa áfram það sem ég er að læra. Það er mér dýrmætast af öllu, að skilgreina mig. Ég lít bara á sjálfa mig sem Evu. En mikilvægast er samt að ég losnaði við skömmina. Skömm þrífst ekki nema í leyni. Og með því að tala um reynslu mína og spegla hana með einhverjum sem er tilbúinn að taka við henni get ég losnað úr viðjum hennar."



Eva Dís Þórðardóttir vinnur úr reynslu sinni með hjálp Stígamóta. Henni finnst mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir þeim hryllingi sem vændi er. MYND/ANTON BRINK

## Samanburður á afleiðingum kynferðisofbeldis og vændis

Annars vegar er um að ræða 41 einstakling sem leitaði til Stígamóta á árunum 2013 til 2016 vegna kynferðisofbeldis og nefndi að hafa verið í vændi og hins vegar þau sem komu til Stígamóta í fyrsta skipti á árinu 2016 en höfðu ekki verið í vændi (331 einstaklingur).

| AFLEIÐINGAR | Vændi | Annað kynferðisofbeldi |
|---|---|---|
| Tilraun til sjálfsvígs | 66% | 24% |
| Neysla vímuefna skerðir lífsgæði | 66% | 19% |
| Líkamlegir verkir | 37% | 19% |
| Skömm | 90% | 82% |
| Tilfinningalegur doði | 68% | 50% |

Mikilvægt að hafa í huga að fjöldi þeirra sem voru í vændi er aðeins 41 en þeirra sem ekki hafa verið í vændi er 331.

### Svanahóparnir

Svanahóparnir eru hópar fyrir konur sem hafa verið í vændi eða eru í vændi og vilja komast út úr því. Anna Þóra Kristinsdóttir, sálfræðingur á Stígamótum, leiðir hópana ásamt fleiri starfskonum og leiðbeinendum. Svanahóparnir eru byggðir á fyrirmynd frá Danmörku en sama módel er einnig notað í Noregi. Hóparnir samanstanda af 4 til 7 konum á öllum aldri sem hittast í 15 skipti yfir ákveðið tímabil.

Í hóptímunum er farið yfir þær afleiðingar sem vændi hefur í för með sér en þær eru oftast sambærilegar og af öðru kynferðisofbeldi, nema alvarlegri og þyngri. Sem dæmi um þessar afleiðingar eru skömm, depurð, kvíði, léleg sjálfsmynd, sjálfsvígshugleiðingar, einangrun, tilfinningalegur doði og líkamlegir verkir. Í Svanahópunum er lögð áhersla á að efla sjálfstraust, bæta líðan þeirra sem eru í hópunum og rjúfa félagslega einangrun. Þá lítum við svo á að afleiðingar vændis og kynferðisofbeldis séu eðlilegar afleiðingar af óeðlilegum aðstæðum.

# Stígamót utan höfuðborgarsvæðisins

Stígamót senda ráðgjafa hálfsmánaðarlega út á land. Meðal annars á Sauðárkrók, Patreksfjörð og til Vestmannaeyja. Nú býðst þjónusta Stígamóta á Ísafirði, Akranesi, Borgarnesi og á Egilsstöðum.

Stígamót hófu þjónustu við Austfirðinga árið 2007. Þjónustan var lögð niður eftir efnahagshrunið, en síðan tekin upp aftur um leið og mögulegt var. Anna Bentína Hermansen hefur sinnt ráðgjöf Stígamóta á Austfjörðum sleitulaust síðan í mars 2012.

„Ég er hér tvo daga hálfsmánaðarlega og það er alltaf pakkbókað í öll viðtöl. Upphaflega kom ég í einn dag hálfsmánaðarlega en þurfti fljótlega að bæta við degi vegna mikillar aðsóknar," segir Anna Bentína en hún reynir að létta á viðtölum með því að setja saman hópa. „Ég hef verið með þrjá sjálfshjálparhópa á Egilsstöðum og einn sjálfsstyrkingarhóp." Tæplega hundrað einstaklingar hafa leitað til Önnu Bentínu á Austfjörðum á þessum tíma og flestir verið reglulega í viðtölum, sumir í nokkur ár.

Brotaþoli kynferðisofbeldis sem leitað hefur til Stígamóta á Austurlandi og verið í reglulegum viðtölum segir að það hafi breytt öllu að fá þjónustu Stígamóta austur. „Ef ekki væri viðtalsþjónusta á Egilsstöðum þá hefði ég ekki fengið neina aðstoð. Viðtalsþjónusta Stígamóta hefur gefið mér meira en orð fá lýst. Ég veit ekki hvar ég væri án hennar. Ég hef öðlast nýtt líf." Jafnframt segir brotaþolinn að það hafi fælingarmátt að innanbæjarmanneskja taki viðtöl, að nauðsynlegt sé að utanaðkomandi ráðgjafi sinni þessari þjónustu.

Anna Bentína segir að þar sem kynferðisofbeldi sé afar viðkvæmt málefni sé það enn þá flóknara í litlum samfélögum. „Fólkinu sem kemur til mín finnst afskaplega gott að ég sé algjörlega ótengd inn í samfélagið og þekki hvorki það né gerandann. Ég fer síðan heim til Reykjavíkur eftir vinnutörn og flýg í burtu með leyndarmálin."



Anna Bentína Hermansen ráðgjafi.

Hildur Ýr Gísladóttir, námsráðgjafi Verkmenntaskólans á Austurlandi, segir að kynferðisofbeldi hafi gríðarlega mikil áhrif á einstaklinga sem fyrir því verða og áfallið sem það hefur í för með sér er djúpstætt og hefur langvarandi áhrif á brotaþolann: „Sem starfandi náms- og starfsráðgjafi í framhaldsskóla og sem fyrrverandi starfsmaður félagsþjónustu Fjarðabyggðar get ég staðfest að sú þjónusta sem Stígamót veita á Austurlandi er gríðarlega mikilvæg og hefur hjálpað brotaþolum að takast á við afleiðingar ofbeldisins, byggja sig upp og takast á við lífið með reisn."

> **Fólki finnst gott að ég sé algjörlega ótengd inn í samfélagið og þekki hvorki það né gerandann.**

Þorgeir Arason, sóknarprestur Egilsstaðaprestakalls, tekur í svipaðan streng og Hildur.

„Ráðgjafi Stígamóta hefur komið reglulega hingað austur á land undanfarin ár og boðið upp á viðtöl á tilteknum stað á Héraði. Í sálgæslu og samskiptum við fólk skynjar maður vel að það er afskaplega dýrmætt fyrir íbúa að geta nýtt sér þjónustu Stígamóta hér á þessu svæði, án þess að þurfa að ferðast til Reykjavíkur. Því miður er þörfin sannarlega til staðar."

# Sjálfsmyndin varð að engu

**Þórhildur Gyða Arnarsdóttir var sextán ára í sambandi með strák sem beitti hana andlegu ofbeldi og líkamlegu. Hún segir unglingsstúlkur gera sér rósrauðar hugmyndir um fyrsta sambandið. Tala þurfi um ofbeldi við börn og unglinga.**

Ég áttaði ég mig engan veginn á hvað var í gangi, krakkar vita ekkert hvað andlegt ofbeldi er. Sextán ára stelpa vill bara sjá það besta í þeim sem hún er ástfangin af," segir Þórhildur Gyða Arnarsdóttir en hún upplifði andlegt ofbeldi í sínu fyrsta sambandi. Líkamlegt ofbeldi fylgdi í kjölfarið.

„Hann notaði klám gegn mér ef ég vildi ekki hitta hann. Hann reykti einnig mikið gras og lofaði að hætta en það voru eintómar lygar. Hann kenndi mér um reykingarnar, ég væri svo erfið. Líkamlega ofbeldið hófst eftir að við hættum saman," segir Þórhildur. „Ég var alltaf manneskja sem stóð með sjálfri sér en þessum einstaklingi tókst að brjóta mig niður á mjög skömmum tíma. Ég var alveg heilaþvegin og fannst allt vera mér að kenna. Sjálfsmyndin bara hvarf. Eftir að hann réðst á mig líkamlega í fyrsta skipti hringdi ég í hann og bað hann afsökunar á hvað allt hefði farið illa hjá okkur! Hann leit á mig sem eign, vissi alltaf hvar ég var, hvað ég var að gera. Hann sendi mér skilaboð nánast daglega með illum orðum um mig."

> **Eftir að hann réðst á mig líkamlega í fyrsta skipti hringdi ég í hann og bað hann afsökunar á hvað allt hefði farið illa hjá okkur!**

Eftir að sambandinu lauk var Þórhildi nauðgað af öðrum manni. Hún segir það til marks um það hversu mikið tangarhald fyrrverandi kærastinn hafði á henni að hann var sá sem hún trúði fyrst fyrir því. „Hann sendi mér þá skilaboð um að ég ætti bara ekki að klæða mig alltaf eins og ég vildi láta sofa hjá mér. Ég sökk ofan í þunglyndi og allt fór í rúst," segir Þórhildur. Hún leitaði til Stígamóta og í viðtölunum rann upp fyrir henni hversu mikið andlega ofbeldið hafði brotið hana niður. Krakkar þurfi miklu meiri fræðslu.



Þórhildur Gyða Arnarsdóttir segir meðvirkni vera vísbendingu um óheilbrigt samband. Hún var beitt andlegu ofbeldi í sínu fyrsta sambandi og líkamlegt ofbeldi fylgdi í kjölfarið. MYND/EYÞÓR

„Ég var í afneitun, maður vill ekki að fyrsta manneskjan sem maður elskar hagi sér svona. Við kunnum ekkert á andlegt ofbeldi. Í grunnskóla fór ég í eitthvað sem kallaðist lífsleikni, sem ég man ekkert eftir, var svo ómerkilegt. Svo er einhver klukkutíma kynfræðsla um hvernig á að setja smokk á banana! Það þarf að tala um ofbeldi við krakka og unglinga og í hvaða myndum það getur verið. Það á ekki að segja við stelpu að strákur sé skotinn í henni ef hann er að stríða henni eða ýtir henni á leikvellinum og öfugt ef stelpur eru að stríða strákum. Það þarf að fræða þau um ofbeldishegðun. Meðvirknin myndi ég segja að væri fyrsta viðvörunarbjallan um að það sé andlegt ofbeldi til staðar. Ef þú ert farinn að hugsa allt út frá einhverjum öðrum en sjálfum þér, þá er ekki allt í lagi."

# Reynsluleysi gerir unglinga berskjaldaða

**Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir skoðaði reynslu kvenna sem urðu fyrir kynferðisofbeldi sem unglingar í mastersritgerð sinni í kynjafræði við Háskóla Íslands 2016.**

Helstu niðurstöður rannsóknar minnar um reynslu kvenna sem upplifðu kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingar benda til þess að berskjöldun, sem felst í ungum aldri, lítilli reynslu af samböndum og skorti á kynfræðslu, geti gert brotaþolum á unglingsaldri sérstaklega erfitt fyrir að koma auga á að um ofbeldi sé að ræða. En berskjöldun kvennanna sem ég ræddi við átti þátt í því að þeim þótti upplifun sín jafnvel eðlilegur hluti þess að vera í nánu sambandi og héldu margar að svona ætti þetta bara að vera." Þetta segir Rannveig Ásta Guðjónsdóttir en mastersverkefni hennar í kynjafræði við HÍ fjallaði um reynslu kvenna af kynferðisofbeldi í sambandi á unglingsárum.

### Djúpstæð áhrif

„Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að afleiðingar þess að verða fyrir kynferðisofbeldi í nánu sambandi sem unglingur höfðu djúpstæð áhrif á konurnar. Afleiðingarnar voru samfléttaðar og höfðu þannig áhrif á ýmsa þætti í lífi kvennanna, þar á meðal skólagöngu þeirra. Afleiðingar af kynferðisofbeldi í nánu sambandi voru kvíði, þunglyndi, félagsleg einangrun og sjálfskaðandi hegðun



Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir.

og áttu þátt í að gera konunum erfitt með að stunda nám. Unglingar hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að áhrifum ofbeldis í nánum samböndum á skólagöngu. Sú sérstaða er fólgin í því að unglingar eru ýmist á skólaskyldualdri eða á þeim aldri þar sem gert er ráð fyrir að þeir séu í skóla. Ofbeldið hafði áhrif á skólagöngu allra kvennanna sem rætt var við og helmingur þeirra hætti alveg námi í kjölfarið."



Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, ráðgjafi hjá Stígamótum. MYND/EYÞÓR

## Átak gegn ofbeldi meðal ungs fólks

Margt ungt fólk verður fyrir ofbeldi í samböndum sem byrjar langoftast með andlegu ofbeldi. Við hjá Stígamótum stöndum fyrir átaki gegn ofbeldi meðal ungs fólks í kringum Valentínusardaginn en sá dagur snýst um ástina og kærustupör," segir Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, ráðgjafi hjá Stígamótum. Hún segir veruleika ungs fólks flókinn. Erfitt geti reynst að fóta sig í stafrænum samskiptum og átta sig á hvar mörk liggja.

„Dægurmenning ýtir undir alls konar hugmyndir, að afbrýðisemi sé merki um ást, að strákar eigi að ganga á eftir stelpum og helst ekki láta þær í friði fyrr en þær gefa eftir. Stafrænn veruleiki ungs fólks er einnig flókinn og ungir krakkar í kærustuparasamböndum geta fylgst afar náið hvort með öðru. Læra þarf hvernig á að haga samskiptum gegnum síma og tölvur," segir Steinunn.

„Við viljum einnig tala um það að læra að þekkja sín eigin mörk og virða mörk annarra. Margt ungt fólk, sérstaklega strákar, fær ýmsar hugmyndir um kynlíf úr klámi. Ein afleiðing þess er að stelpur koma til okkar á Stígamót þar sem ítrekað hefur verið farið yfir þeirra mörk og þrýst á þær að taka þátt í kynlífsathöfnum sem þær vildu ekki. Ungmenni þurfa að fá tækifæri til að velta þessum hlutum fyrir sér og læra að þekkja einkenni heilbrigðra sambanda, óheilbrigðra samband og ofbeldissambanda," segir Steinunn.

„Við munum opna fræðsluvef og birta myndbandaherferð á samfélagsmiðlum. Okkur langar einnig til að virkja ungt fólk í framhaldsskólum og grunnskólum til að standa fyrir uppákomum í kringum Valentínusardaginn, t.d. í félagsmiðstöðvum og í skólunum sínum, og tala um hvað þarf til að vera í heilbrigðu sambandi."

Frjáls framlög SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur lagt beint inná reikning okkar:

Banki: 327 – Hb: 26 – Reikningsnúmer: 114 – Kennitala: 6511162870

Eða hringt í eftirtalin númer:

9071081 - 1.000 kr. 9071083 - 3.000 kr. 9071085 - 5.000 kr. 9071090 - 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

# Þekkir þú þinn höfund?



Allir rithöfundar hafa sinn stíl og í frásögn þeirra eru ýmis einkennandi sérkenni. Hér eru textabrot úr verkum 10 höfunda sem sendu frá sér bók fyrir jólin. Nú geta dyggir lesendur látið á það reyna hvort þeir þekkja sína höfunda, stíl þeirra og sérkenni.

## 1.

Vindurinn brýtur bárutoppana svo að rýkur af þeim löðrið og þótt skipið sé borðhátt ýrist af og til yfir þá sem þurfa að liggja í húðfötum á þiljunum: það er ekki rými fyrir nema konurnar og börnin undir segltjaldinu framan við búlkann fyrir miðju skipi. Sjórinn er úfnari en í gær en hún hefur ekki áhyggjur af haffærni knarrarins; eikin er traust, kjaltréð og siglan sótt vestur í Mylluskóg og borðin í Þraðsmörk, ekkert til sparað. Nógu mikið kostaði Verðandin hana og ekki aðeins í silfri. Minnst í silfri.

## 2.



Hann er lágvaxinn og grannur, fölur á vanga og höfuðið stendur örlítið fram eins og hann sé á varðbergi. Augun eru annaðhvort blá eða græn, ég hef aldrei getað skorið úr um það, augnaráðið ýmist blíðlegt eða hvasst, stundum hvort tveggja í senn. Hann hefur aldrei verið sterkbyggður en mér virtist hann jafnvel hafa minnkað enn frekar og gengið saman. Ég tók eftir silfurbúnum göngustaf við stólinn en hann stóð á fætur án þess að grípa til hans, gekk að vísu ekki fram á gólfið heldur beið þess að ég kæmi til hans og rétti honum höndina. Handabandið var eins og ég mundi eftir því, svo laust að eftir á fannst mér ég hafa gripið í tómt.

## 5.

Ég hef stundum hugsað með mér hvernig hefði farið ef ég hefði ekki frétt af þessu framhjáhaldi hans. Ég get eiginlega ekki ímyndað mér hvernig ég hefði orðið smám saman. Ég er vinkonu minni þakklát fyrir að hafa látið mig vita um hina konuna. Því þetta varð mín útgönguleið. Sannleikurinn mun gera yður frjálsa, sagði meistarinn. Hann gerði það svo sannarlega í mínu tilfelli. Það er samt ekki fyrr en núna sem ég geng alveg inn í frelsið. Burt frá honum. Verð að viðurkenna að ég er hrædd um að hann verði áfram í hefndarhug.

## 3.

Smáir boðsgestirnir voru í sykurvímu, æptu, skræktu og grenjuðu meðan þeir hlupu um eins og rófulausir hundar. Þótt krakkarnir væru flestir bara þriggja ára höfðu þau verið fljót að móta grunnmynd af íbúðinni í huganum og finna út hring. Nú hlupu þau úr eldhúsinu, yfir í borðstofuna, þaðan í gegnum stofuna, yfir í holið og þaðan aftur inn í eldhús þar sem nýr hringur hófst. Tilgangsleysið með þessu hringsóli var einkennandi fyrir allt sem tengdist því að vera þriggja ára. Á þeim aldri taldist stórsigur að geta labbað upp stiga án þess að setja báða fætur í hverja tröppu. Svo það var ekki við miklu að búast.

## 4.

Hún rumskar við eitthvað en reynir að sofna strax aftur. En það er eitthvað að trufla hana. Einhver hvíslar – eitthvað fyrir utan tjaldið strýkst við stögin eða tjaldhimininn. Hún dregur svefnpokann upp fyrir höfuðið, staðráðin í að láta ekkert trufla hinn dýrmæta svefn. Þetta er bara trjágrein sem strýkst við nælonið, það er allt og sumt. Klórið heldur áfram, trjágreinin krafsar laust í tjaldið. Hún er alveg við það að festa svefn þegar hjartað tekur kipp.



## 6.

Veðrið var eins og best verður á kosið og hún hafði setið nokkra stund ásamt hinum og notið þess, hvílt sig á göngunni, rótað eftir nestinu í bakpokanum og dáðst að útsýninu af jöklinum, þegar hún leit út á hjarnið og gat ekki betur séð en að upp úr því stæði mannsandlit. Stundarkorn leið áður en hún áttaði sig á hvað það var nákvæmlega sem hún sá. Um leið og henni varð það ljóst stökk hún á fætur og æpti upp yfir sig í jökulkyrrðinni.

## 7.

Skyndilega fór fram svo greinilegur hugsanaflutningur á milli vinkvennanna að það lá við að loftið gneistaði og það sem meira var, það opnaðist fyrir aðganginn að rásinni. Ég gat skilið það sem þeim fór á milli: Ég hafði gengið of langt. Ég hafði farið ein í bæinn. Ég hafði tapað. Síðan lokaðist aftur fyrir rásina. Í stelpuheimum gerði engin neitt ein síns liðs. Stelpur áttu helst að eiga fullt af vinkonum og fara um í torfum.



## 8.

Hún hafði ekki hugmynd um hvað klukkan var orðin, það var ansi langt síðan standklukkan í stofunni bilaði, eflaust nokkur ár, og þau höfðu ekki verið nægilega handlagin til að laga hana sjálf. Klukkan var þung og illa meðfærileg svo það hafði aldrei hvarflað að þeim fyrir alvöru að burðast með hana út í gamla jeppann og keyra með hana alla leið út í þorp. Það var ekki einu sinni víst að hún kæmist inn í bílinn né að einhver í þorpinu hefði lag á því að gera við úrverk af þessu tagi. Nei, nei, þarna fengi hún bara að standa sem hver önnur stofuprýði. Afi hans Einars hafði átt hana, flutt hana með sér frá Danmörku, eða svo sagði sagan.

## 9.

Manstu þegar þú vildir endilega að við færum vestur og tjölduðum í túninu þar sem ég var í sveit þetta eina sumar? Bærinn náttúrulega fyrir löngu kominn í eyði, túnið sjálfsagt spillst. En tveimur dögum áður en við ætluðum af stað, stakk ég af til útlanda. Keypti mér miða með sólarhrings fyrirvara, vissi satt að segja tæplega hvert. Í það minnsta var ég kirfilega búin að gleyma hvert ég var að fara þegar ég kom út á flugvöll í morgunsárið. Sá sem er á flótta hugsar meira um það sem hann er að flýja, en hvert hann stefnir.



## 10.

Nei, hann skildi þetta ekki. Skildi ekki hvernig hann hafði endað hér í þessum klefa. Ekkert í lífi hans hingað til hafði gefið nokkrar vísbendingar um að slíkt ætti fyrir honum að liggja. Virðulegum dýralækni með vínræktardrauma. Hann hafði farið yfir atburðarásina aftur og aftur í huganum en hann sá ekki samhengið hvernig sem hann reyndi. Það var nógu erfitt að ná utan um þá staðreynd að maður sem hann var ágætlega kunnugur skyldi hafa verið myrtur





**Lausn: 1.** **Vilborg Davíðsdóttir** - Blóðug jörð. **2. Ólafur Jóhann Ólafsson** - Sakramentið. **3. Yrsa Sigurðardóttir** - Gatið. **4. Stefán Máni** – Skuggarnir. **5. Oddný Eir Ævarsdóttir** - Undirferli. **6. Arnaldur Indriðason** - Myrkrið veit. **7. Gerður Kristný** - Smartís. **8. Ragnar Jónasson** - Mistur. **9. Jón Kalman Stefánsson** – Saga Ástu. **10. Fríðrika Benónýsdóttir** Vályndi.

markhönnun ehf

netto




**KORTLAGNING ÍSLANDS**
REYNIR F. GRÉTARSSON
**6.999 KR STK**




**ANNA - EINS OG ÉG ER**
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR
**4.744 KR STK**




**VARGÖLD Á VÍGASLÓÐ**
MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
**4.927 KR STK**




**REFURINN**
SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR
**4.549 KR STK**




**TVÍFLAUTAN**
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
**4.549 KR STK**




**ÉG ER MALALA**
MALALA YOUSAFZAI
**2.589 KR STK**




**NORRÆNAR GOÐSAGNIR**
NEIL GAIMAN
**4.199 KR STK**




**SAGA ÁSTU**
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
**4.899 KR STK**




**LEYNDARMÁL LINDU 4**
RACHEL RENÉE RUSSELL
**3.289 KR STK**




**ÆSKUBREK Á ATÓMÖLD**
RANGAR ARNALDS
**4.899 KR STK**




**HEIMA**
SÓLRÚN DIEGO
**4.549 KR STK**

**Tilboðin gilda 9. - 10. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# Skrifar þegar börnin eru sofnuð

Ragnar Jónasson, yfirlögfræðingur GAMMA og rithöfundur, féll fyrir glæpasögum þegar hann var lítill drengur og las bækur Agöthu Christie upp til agna. Það var eftir hrun sem hann tók meðvitaða ákvörðun um að fylgja hjartanu og halda áfram að skrifa. Dagarnir eru hins vegar langir og hann skrifar því oft þegar börnin eru sofnuð.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Ragnar Jónasson, rithöfundur og yfirlögfræðingur GAMMA, nýtir dagana vel. Hann gaf út sína níundu bók fyrir jólin. Fyrsta bók hans kom út árið 2009 og síðan þá hefur honum auðnast að gefa út eina bók fyrir hver jól. Hann kennir einnig við lagadeild Háskólans í Reykjavík og er faðir tveggja barna.

Fjölskyldu og ástvinum Ragnars finnst ekki skrýtið að hann hafi lagt fyrir sig ritstörf. Áhuginn hefur kraumað frá því í æsku.

Ragnar er fæddur og uppalinn í Kópavogi og Grafarvogi. Foreldrar hans eru Katrín Guðjónsdóttir, fyrrverandi læknaritari hjá Embætti landlæknis, og Jónas Ragnarsson, ritstjóri hjá Krabbameinsfélaginu. „Ég hef margt frá foreldrum mínum. Pabbi er til dæmis mikill grúskari, skrifar og gefur út bækur. Föðurafi minn skrifaði alla sína ævi en gaf ekki út bók fyrr en hann var orðinn um áttatíu ára gamall,“ segir Ragnar frá.

„Pabbi er frá Siglufirði og mamma ættuð úr Landeyjum. Ég var mikið á Siglufirði í uppvextinum, við eigum hús þar í bænum og það eru sterkar tengingar,“ segir Ragnar en í nokkrum fyrri bóka hans er Siglufjörður sögusviðið. Fyrirmyndin að heimili aðalpersónu bókanna er hús ömmu og afa Ragnars í bænum. Breskur framleiðandi tryggði sér réttinn á þeim bókum og stefnir að framleiðslu sjónvarpsþátta sem að hluta til yrðu teknir upp hér á landi. Erlendir blaðamenn hafa flykkst á Siglufjörð á söguslóðirnar, glæpasögur Ragnars þóttu glæða íslensku glæpasöguna lífi á ný en oftar en einu sinni hefur því verið spáð að æðið sé að lognast út af.

„Afi og amma, Þ. Ragnar Jónasson og Guðrún Reykdal, voru mér mikil hvatning, líkt og foreldrar mínir. Amma og afi lásu lengi vel yfir öll mín handrit þegar ég þýddi sögur Agöthu Christie, og foreldrar mínir hafa lesið yfir allar bækur sem ég hef skrifað. Ég bý að ýmsu frá þeim,“ segir Ragnar.

Eins og margir í stétt rithöfunda las Ragnar mikið, bæði sem barn og unglingur. „Ég las og skrifaði sögur og ljóð. Bjó til blöð og seldi ættingjum mínum. Bókmenntir og ritstörf hafa alltaf verið áhugamál mitt. Ég las mikið Enid Blyton sem barn og síðar Agöthu Christie, fyrstu bókina ellefu ára. Ég fór á Landsbókasafnið með pabba sem ungur strákur og las þar allt eftir Agöthu sem var til á íslensku þegar ég hafði lesið allar bækur hennar sem ég fann á venjulegum bókasöfnum. Þegar ég lauk við að lesa allt sem til var á íslensku eftir Agöthu las ég bækurnar á ensku. Bækur hennar eldast vel með manni. Seinna meir, áður en ég fór sjálfur að skrifa bækur, þýddi ég fjórtán bækur hennar yfir á íslensku til þess að fá útrás fyrir sköpunarþörfina.“

Ragnar stundaði nám á stærðfræðibraut í Verzlunarskólanum og ákvað að stúdentsprófi loknu að leggja fyrir sig lögfræði. „Ég var enn að skrifa og skrifaði smásögur í Verzlunarskólanum. Dramatískar sögur sem enduðu illa og ég birti í skólablöðum og síðar í öðrum tímaritum. Ég hugsaði á þessum tíma um að læra íslensku, afi hvatti mig mikið til þess. Hann var mikill íslenskumaður. Pabbi hafði farið í lögfræði en ekki klárað hana á sínum tíma.



„Ég held að ef það væri ekki fyrir hrunið þá hefði ég ekki gefið mér jafn mikinn tíma til að skrifa bækur,“ segir Ragnar sem staldraði við og endurmat hlutina

**ÉG VAR AÐ VINNA Í KAUPÞINGI OG FYLGDIST MEÐ ÞVÍ ÞEGAR GEIR BAÐ GUÐ AÐ BLESSA ÍSLAND OG VAR Í BANKANUM DAGINN SEM ALLT HRUNDI. ALLT Í EINU VORU LJÓSIN SLÖKKT, ÞETTA VAR MIKIÐ ÁFALL OG ÓVENJULEGUR TÍMI.**

Mér fannst lögfræðin að lokum mest heillandi, námið reyndist bæði krefjandi og áhugavert. Ég ætlaði mér ekki endilega að vinna sem lögmaður og flytja mál. Ég hugsaði með mér að námið gæti nýst í hvað sem er,“ segir Ragnar sem segist aðeins einu sinni hafa flutt mál fyrir dómi, ágreiningsmál um óðalsrétt í störfum sínum fyrir Kaupþing. Málið vannst og því var Ragnar sáttur við að láta þar við sitja í málflutningi í bili.

Ragnar réð sig til starfa í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings eftir nám, þaðan fór hann á lögfræðisvið bankans og varð forstöðumaður. Hann þýddi bækur og hafði það áfram sem áhugamál að stússast í einhverju sem tengdist bókum og sköpun. Ritstörfin toguðu sífellt meira í hann. Hann sá auglýsingu frá bókaforlaginu Bjarti og Veröld, í henni kom fram að leitað væri að hinum íslenska Dan Brown. Þeim hinum sama væri lofað útgáfusamningi. Ragnar ákvað að láta slag standa. „Auglýsingin varð mér hvatning til að klára glæpasögu sem ég var með hugmynd að. Hún var nú alls ekki í stíl við Dan Brown en ég notaði keppnina sem tylliástæðu til þess að fá viðbrögð við handritinu.“

Handritið fékk góðar viðtökur. Enginn þótti vera Dan Brown Íslands en Ragnar og Lilja Sigurðardóttir fengu bæði útgáfusamninga hjá Bjarti og Veröld, í framhaldi af keppninni.

*En hvað varð til þess að hann ákvað að einbeita sér svo mjög að því að skrifa?*

„Það breyttist margt í hruninu. Ég var að vinna í Kaupþingi og fylgdist með því þegar Geir bað Guð að blessa Ísland og var í bankanum daginn sem allt hrundi. Allt í einu voru ljósin slökkt, þetta var mikið áfall og óvenjulegur tími. Ég lærði mikið af þessum tíma. Það má segja að fyrir alla sem unnu við fjármál hafi hrunið reynst dýrmæt og dýrkeypt lexía. Ég vann um tíma sem forstöðumaður lögfræðiráðgjafar hjá Arion banka eftir hrun en ákvað svo að færa mig um set og vinna fyrir þrotabú gamla bankans. Það var áhugavert. Að skoða bankakerfið frá því sjónarhorni og vinna úr eignum sem höfðu næstum tapast. Ég sjálfur ákvað að gefa mér meiri tíma. Staldra aðeins við, endurmeta lífið. Ég held að ef það væri ekki fyrir hrunið þá hefði ég ekki gefið mér jafn mikinn tíma til að skrifa bækur. Mér finnst ég hafa fengið tækifæri til að hugsa lífið upp á nýtt. Hvar ég vildi hafa fókusinn í lífinu. Ég hafði aldrei séð það fyrir mér sem raunverulegan möguleika að vera bæði rithöfundur og í fullu starfi. Hugsaði alltaf með mér, ég geri þetta bara seinna.“




Ragnar tók við stöðu yfirlögfræðings hjá GAMMA árið 2015 og er jafnframt stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík þar sem hann kennir höfundarétt. Hann á tvö börn með eiginkonu sinni, Maríu Margréti Jóhannsdóttur, Kiru og Natalíu, en þær eru sjö og þriggja ára gamlar.

*Þetta virðist krefjandi?* „Já, ég geri þetta bara með því að anda rólega. Það er allt hægt. Ég skrifa bækurnar jafnt og þétt allt árið. Tek mér frí yfir hásumarið og í desember. Þetta bjargast alltaf. Ég skrifa þegar börnin eru sofnuð. Þá kúpla ég mig út og finnst það þægilegt. Reyndar hef ég þörf fyrir að skrifa og myndi gera þótt enginn læsi bækur mínar.“

## Ómannglöggur rithöfundur

**Uppáhaldsstaðurinn á landinu:** Siglufjörður.

**Hvað ætlarðu að hafa í jólamatinn:** Hamborgarhrygg.

**Bestu stundirnar eru?** Með fjölskyldunni.

**Hvaða bók tækir þú með þér á eyðieyju?** Afleggjarann eftir Auði Övu, nágranna minn, og Síðustu setningu Fermats eftir Simon Singh.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Neikvæðni.

**Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?** Ég er svo ómannglöggur, að ég lendi í því á hverjum degi, eða nokkurn veginn, að þekkja ekki fólk sem ég ætti að þekkja.

**Eftirminnilegasti upplesturinn fyrir jól?** Ferð með nokkrum úrvalshöfundum, Sjón og fleirum, í Bókakaffi Bjarna Harðar á Selfossi fyrir nokkrum árum, því við lentum í stórhríð og ófærð á leiðinni heim svo það var mjög ánægjulegt að komast lifandi út úr þeim upplestri.



HRINGJUM
INN JÓLIN
DUNKIN' DONUTS
DunkinDonutsISL
Kringlunni 1. hæð o Hagasmára 9 o Flugstöð Leifs Eiríkssonar o Fitjum Reykjanesbæ

# Skírlífa uppfinningakonan

Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um gleymda konu.



Árið 1973 var frægðarhöll bandarískra uppfinningamanna stofnsett. Sjálfstætt félag áhugafólks um tæknisögu, sem heldur úti lista yfir fólk sem talið er hafa fleytt mannkyninu fram á við með uppfinningum sínum. Á listanum eru nærri 550 einstaklingar, sá elsti fæddist árið 1743 en sá yngsti árið 1975. Auk þess að halda utan um listann rekur félagsskapurinn safn sem helgað er bandarískum uppfinningum.

Sögufróða lesendur listans rekur oft í rogastans þegar það rennur upp fyrir þeim að á honum er ekki að finna nafn Benjamíns Franklin. Eina af dáðustu hetjum bandarískrar sögu, fyrir þátt sinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og vísinda- og uppfinningastörf. Honum er til að mynda eignaður heiðurinn af eldingavaranum, uppfinningu sem markaði þáttaskil í sögu byggingarlistarinnar.

En hvernig getur staðið á því að Benjamín Franklin fær ekki inngöngu í frægðarhöllina á meðan höfundar sjónvarpsfjarstýringarinnar og smjörlíkis eiga þar sæti? Jú, til að komast í gegnum nálarauga valnefndarinnar koma þeir einir til greina sem fengið hafa einkaleyfi á hugverkum sínum. Benjamín Franklin var hins vegar þeirrar skoðunar að uppfinningar, líkt og vísindaleg þekking, ættu að vera sameign mannkyns og siðferðislega rangt að reyna að sitja einn að þeim í hagnaðarskyni.

Af sömu ástæðu er nafn Tabithu Babbitt ekki að finna í frægðarhöllinni, þótt auðvelt sé að rökstyðja að framlag hennar hafi verið merkara en margra annarra á listanum. Meðal annars af þessum sökum er Tabitha Babbitt fjarri því að hafa öðlast þá viðurkenningu sem réttmætt væri, sem er þeim mun dapurlegra í ljósi þess að hún var framúrskarandi uppfinningakona á fyrri hluta nítjándu aldar, tímabili sem hefur ekki að geyma nema fáeinar nafnkunnar konur í tækni og vísindum.

**Fjölbreytt viðfangsefni**

Babbitt fæddist í Massachusetts á þessum degi, 9. desember árið 1779 og dó árið 1853 eða þar um bil. Upplýsingar um lífshlaup hennar eru mjög af skornum skammti, en þeim ber saman um að hún hafi verið slyngur verkfærasmiður og meðal annars lagfært og smíðað rokka til að spinna ull. Eru henni eignaðar ýmsar betrumbætur á spunarokknum, sem náðu útbreiðslu. Þá eru heimildir um að hún hafi síðustu æviárin unnið mikið að því að ná að smíða nothæfar gervitennur og hafi tilraunir hennar lofað góðu.

En það var ekki á sviði fíngerðrar tannsmíði eða spunavélasmíða sem fröken Babbitt olli mestum straumhvörfum, heldur í iðngreinum sem margir tengdu frekar við karlmenn: málmsmíði og trésmíði. Tabitha Babbitt er sögð hafa þróað nýja og betri leið til að framleiða nagla en áður hafði tíðkast og deilir heiðrinum af þeirri uppfinningu með Eli Whitney, sem frægastur er fyrir að búa til fyrstu hagnýtu baðmullarskiljuna. Langfrægasta uppfinning Tabithu Babbitt er þó hjólsögin – eða öllu heldur hjólsagarblaðið.

Sagan segir að uppfinningakonan hafi átt leið í trésmiðju og séð þar tvo menn bisa við að saga með stórviðarsög. Það hafi þegar slegið hana hvað þessi aðferð hefði í för með sér slæma nýtingu á orkunni, þar sem sögin ynni aðeins á timbrinu þegar hún væri dregin í aðra áttina, en átakið þegar hún væri dregin til baka nýttist ekki til neins.

Babbitt, sem var alvön því að vinna með fótstigna rokka, lét sér til hugar koma hvort ekki mætti nýta sömu tækni og skipta einfaldlega spunahjólinu í rokkinum út fyrir kringlótt sagarblað. Hjólinu mætti svo snúa með utanaðkomandi orkugjafa, en renna timbrinu eða því sem saga ætti eftir sagarblaðinu. Tilraunin gaf góða raun og hjólsagir urðu fljótlega ómissandi vinnutæki.

Rétt er að taka fram að líkt og með svo margar aðrar af uppfinningum nítjándu aldar, á hjólsögin meira en eina upprunasögn og ljóst er að Babbitt var ekki sú eina sem lét sér til hugar koma að útbúa hringlaga sög sem snerist á föstum ás. Bretar eigna þessa uppfinningu landa sínum frá ofanverðri átjándu öld og heimildir eru um frumstæðar bandarískar hjólsagir áður en Tabitha Babbitt kom til skjalanna. Óumdeilt virðist þó að gerð hennar var fullkomnari en fyrri útgáfur.

> HJÓLINU MÆTTI SVO SNÚA MEÐ UTANAÐKOMANDI ORKUGJAFA.

**Brennandi guðstrú**

Það var trúarsannfæring fröken Babbitt sem olli því að hún íhugaði ekki einu sinni að sækja um einkaleyfi á uppfinningum sínum. Uppfinningakonan tilheyrði sértrúarsöfnuði sem varð til sem klofningsbrot úr reglu kvekara í Englandi um miðbik átjándu aldar. Söfnuðurinn sem nefndi sig „Samfélag trúaðra á endurkomu Krists", var í daglegu tali kallaður „Skjálfarar" (e. Shakers), sem vísaði til sérkennilegra tilbeiðslusiða þar sem meðlimir áttu til að hristast og skekja sig á trúarsamkomum.

Eitt sérkenni hreyfingar þeirra var hin sterka staða kvenna innan safnaðarins, en helstu leiðtogar hans og stofnendur voru einmitt konur. Sem fyrr segir áttu skjálfararnir uppruna sinn í kvekarahreyfingunni, sem jafnframt var kunn fyrir kynjajafnrétti á þeirra tíma mælikvarða. Rætur klofningsins má einmitt rekja til tilbeiðsluaðferðanna. Kvekarar höfðu löngum verið kunnir fyrir lifandi framkomu á samkomum sínum, en forystumenn þeirra tóku að hvetja til hófstilltari hegðunar safnaðarmeðlima – væntanlega til að skera sig síður úr fjöldanum og forðast ofsóknir.

Þessu vildu ekki allir una og kusu félagar hinnar nýju trúarreglu að verða enn líflegri og ofsafengnari í bænahaldi. Líkt og svo margir kristnir vakningarsöfnuðir sinnar tíðar, álitu skjálfararnir að heimsendir væri í nánd og því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að hafna allri synd. Til að draga enn frekar úr möguleikum fólks til að syndga, hvöttu skjálfararnir mjög til hreinlífis og að körlum og konum væri haldið sem mest aðskildum í samfélaginu.

Árið 1774 fékk forystukona skjálfarasafnaðarins vitrun og ákvað í kjölfarið að halda vestur um haf ásamt hópi trúsystkina sinna. Þau mynduðu grunninn að nokkrum skjálfarasamfélögum í Bandaríkjunum, því stærsta í New York en einnig víðar – þar á meðal í Massachusetts, þar sem Tabitha Babbitt gekk til liðs við söfnuðinn.

Þótt heimsendir léti bíða eftir sér, hvikuðu leiðtogar skjálfara ekki frá kröfunni um einlífi safnaðarmeðlima. Fólk sem gekk til liðs við hreyfinguna afsalaði sér öllum eigum sínum og sór þess eið að ganga hvorki í hjónaband né hafa holdlegt samneyti við fólk af gagnstæðu kyni. Raunar giltu þessar ströngu reglur einungis um fullgilda meðlimi. Söfnuðurinn umbar hjónabönd og barneignir fólks sem lifði og hrærðist innan samfélags hans.

**Blómaskeið og hnignun**

Gullöld skjálfaranna í Norður-Ameríku var á tímabilinu 1820-60. Á þeim árum gátu þeir sér líka gott orð sem snjallir iðnaðarmenn, smiðir og teiknarar. Ástæðan var rík áhersla á gott og vandað handverk, sem talið var góð leið til að sýna himnafeðrunum lotningu sína. Það var einmitt á þessum árum sem Tabitha Babbitt lét mest til sín taka á uppfinningasviðinu.

Bandaríska borgarastyrjöldin, sem braust út árið 1861, reyndist samfélagi skjálfaranna örlagarík. Trú uppruna sínum í kvekarahreyfingunni neituðu meðlimir safnaðarins að bera vopn og féllust bandarísk stjórnvöld á að undanskilja hópinn herskyldu og átti flóttafólk og hermenn úr báðum fylkingum víst athvarf hjá skjálfurum meðan á stríðinu stóð.

Í kjölfar styrjaldarinnar reið iðnbylting yfir Bandaríkin. Verksmiðjuiðnaður kom til sögunnar og á skömmum tíma minnkaði mikilvægi hefðbundins handverks. Skjálfarasamfélögin, sem áður höfðu tryggt meðlimum sínum fremur þægilegt líf í sameignarkommúnum sínum, reyndust ófær um að mæta þessari nýju samkeppni.

Á tuttugustu öld tóku bandarísk yfirvöld að svipta litla sértrúarsöfnuði ýmsum sérréttindum og gerðu þeim þannig enn erfiðara um vik. Þegar á fyrstu áratugum aldarinnar virtust safnaðarmeðlimir hálfgerð tímaskekkja, fólk sem gleymt hefði að tileinka sér nútímatækni en héldi dauðahaldi í löngu úrelt vinnubrögð og lífshætti. Minnti söfnuðurinn um margt á amish-fólkið, sem ýmsir kannast við úr sjónvarpsþáttum og kvikmyndum.

Enginn nýr meðlimur hefur gengið til liðs við skjálfarahreyfinguna í sextíu ár og eftir því sem næst verður komist, telur söfnuðurinn í dag ekki nema tvær manneskjur. Eftirmæli skjálfaranna verða því væntanlega á þá leið, að þau hafi verið lifandi steingervingar – fólk sem hafnaði nútímanum og öllum hans tækninýjungum. Það eru kaldhæðnisleg örlög fyrir hreyfingu sem fóstraði einhverja merkustu uppfinningakonu Bandaríkjanna.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

# ATVINNUKOKKARNIR Í ELDHÚSINU HEIMA

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SOUS VIDE GRÆJUM OG LOFTTÆMINGARVÉLUM UM HELGINA



MELISSA

witt

WiFi

OBH NORDICA





OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT VIRKA DAGA 10 - 18, LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 13 - 18.




Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## Merkisatburðir

**1749** Skúli Magnússon er skipaður landfógeti, fyrstur Íslendinga.

**1926** Mikill eldsvoði verður á Stokkseyri. Sjö hús brenna en enginn maður ferst.

**1956** Stærsta skip sem Íslendingar hafa eignast, Hamrafell, kemur til landsins. Skipið er 167 metrar að lengd og getur hvergi lagst að bryggju á Íslandi nema í Hafnarfirði, stærðar sinnar vegna.

**1990** Lech Walesa verður fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Póllands.

**2010** Við atkvæðagreiðslu á Alþingi um fjárlagafrumvarp situr Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna, hjá en það er sjaldgæft í sögu Íslands að stjórnarþingmaður greiði ekki atkvæði með fjárlagafrumvarpi.



Það var gleði í leikskólanum Tanga þegar gjöfin var afhent þar. MYND/ARON INGI

# Gjafmildar Gullrillur

**Konur á Ísafirði sem kalla sig Gullrillurnar færðu leikskólanum Tanga á Ísafirði gönguskíði að gjöf. Með því vilja þær stuðla að frekari gönguskíðamenningu á staðnum.**

Okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt. Hér á Ísafirði er mikil skíðamenning og þess vegna kom þessi hugmynd upp. Við ákváðum að hafa fjáröflun, búa til sushi og selja, þar sem enginn sushistaður er á Ísafirði og alla langar í sushi. Þannig að við seldum vel og fyrir ágóðann keyptum við sem sagt gönguskíði sem við gáfum Tanga,“ segir Ásgerður Þorleifsdóttir, ein úr hópi kvenna á Ísafirði sem kalla sig Gullrillurnar.

Tangi er annar tveggja leikskóla á Ísafirði, hann er fyrir fimm ára börn, eða þau elstu á leikskólaaldri. „Skíðin verða notuð við útikennslu og í vali barnanna,“ segir Ásgerður. Hún segir Gullrillurnar koma úr ólíkum áttum. „Við kynntumst í kjölfarið á jafnréttisráðstefnu um árið og vorum allar svo uppveðraðar eftir þá ráðstefnu að við ákváðum að gera eitthvað skemmtilegt saman í kjölfarið. Við höfum sett okkur ýmis markmið í gegnum tíðina og brallað margt.“ Ásgerður segir það kost að búa í litlu samfélagi. „Bobbi í Kraftsport sem er með umboðið fyrir þessa skíðategund fékk gott tilboð frá skíðaframleiðandanum úti, svo þegar við fórum að sækja skíðin þá var forstöðumaður skíðasambandsins á Ísafirði í versluninni og hann stökk af stað og gerði skíðabraut í hvelli. Svo kom Gústi ljósmyndari og tók myndir og vídeó þannig að þetta small allt skemmtilega saman.“

Krakkarnir á Tanga voru mjög ánægð og spennt yfir gjöfinni að sögn Ásgerðar, en gjöfin er liður í að stuðla að gönguskíðamenningu á staðnum. „Ísafjörður er algjör gönguskíðaparadís, það er alltaf hægt að komast á gönguskíðasvæðið hér eftir að það fer að snjóa, þar er alltaf opið.“

Verkefninu er ekki hér með lokið enda segir Ásgerður frábært ef hægt væri að gefa leikskólum í nærliggjandi bæjum líka gönguskíði. „Fleiri fyrirtæki vilja taka þátt með okkur og hafa lýst yfir vilja til að kaupa fleiri skíði. Við erum búnar að fá styrk til að gefa leikskólanum á Flateyri næst, svo eru Þingeyri og Suðureyri eftir.“

Ásgerður bendir að lokum á að ef einhver vilji vera með í að styrkja verkefnið sé hægt að hafa samband við Gullrillurnar á síðu þeirra á Facebook. **– ai**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Lára Þorsteinsdóttir**
Kópavogsbraut 1a,

lést mánudaginn 4. desember. Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju 20. desember kl. 13.00.

**Katrín Ingadóttir** — **Friðrik Hansen**
**Loftur Þór Ingason** — **Inga Vala Jónsdóttir**
**Þorsteinn Ingi, Anna Lára, Ragnar, Ásta María, Hildur Kristín og langömmubörn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Brynhild Larsen**
Lönguhlíð 11, Akureyri,

verður jarðsungin frá Glerárkirkju þriðjudaginn 12. desember 2017, klukkan 13.30.

**Guðrún, Jóhannes og Júlíus Larsen, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* — *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

---




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug, vináttu og aðstoð við andlát og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar og tengdasonar,

**Úlfars Þórs Indriðasonar**
framkvæmdastjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítala á líknardeild, heimahlynningu, krabbameinsdeild 11E, göngudeild 10B og læknum fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Þórdís Wium**
**Yrsa Úlfarsdóttir** — **Pétur Pétursson**
**Hringur Úlfarsson**
**Baldvin Narfi Úlfarsson**
**Hrafnkell Úlfur Úlfarsson**
**Indriði Úlfsson** — **Helga Þórólfsdóttir**
**Svanhvít Aðalsteinsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Marta Kristín Stefánsdóttir**
frá Heiði í Mývatnssveit,

lést á heimili sínu, Krummahólum 8, þann 1. desember 2017. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. desember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Hjartavernd njóta.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Björg Wessing**
**Lars Wessing**
**Sigrún Sigurðardóttir** — **Vignir Ólafsson**
**Rebekka Sigurðardóttir** — **Jósef Smári Ásmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ottó Örn Pétursson**
fv. fjármálastjóri, Grandavegi 47,

lést á Landakotsspítala fimmtudaginn 30. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 15. desember kl. 13.

**Sigríður Hannesdóttir**
**Birgir Ottósson** — **Elsa Dóra Grétarsdóttir**
**Eva Ottósdóttir** — **Einir Ingólfsson**
**Örn Ottósson** — **Kristbjörg L. Cooper**
**Hannes Ottósson** — **Kristjana Hrafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og sonur,

**Andrés Kristinn Hjaltason**
byggingaverktaki,
Reykjanesbæ,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 12. desember kl. 13.

**Jóhanna María Einarsdóttir**
**Erla María Andrésdóttir** — **Haraldur Arnarson**
**Laufey Ósk Andrésdóttir** — **Þorvarður Ólafsson**
**Einar Örn Andrésson** — **Ástríður Jóhannsdóttir**
**Andrés K. Haraldsson** — **Emelía Rún Þorvarðardóttir**
**Erla María Andrésdóttir** — **Hjalti Guðmundsson**



**„Ég verð náttúrlega að vinna eins og alltaf en ég mun hitta vini mína og borða með þeim einhvers konar þakkargjörðarmáltíð. Það verður fínt,“ segir Björgvin Franz.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þetta var náttúrulega áttræðisafmæli

**Æringinn Björgvin Franz Gíslason leikari er fertugur í dag og hefur þegar fagnað því ásamt eiginkonu sinni, Berglindi Ólafsdóttur, sem varð fertug þann 28. nóvember síðastliðinn. Björgvin fannst við hæfi að halda upp á tímamótin í félagsheimili aldraðra í Hraunbænum.**

Já, það er rétt, ég var nú bara búinn að gleyma því, stundum er það svona þegar mikið er að gera,“ sagði Björgvin Franz Gíslason þegar hann var minntur á fertugsafmælið sem er í dag. Samtalið átti sér reyndar stað fyrripart vikunnar og þá var hann á fullu að æfa fyrir tónleikana Hnallþórujól ásamt Esther Jökulsdóttur en nú eru þeir tónleikar yfirstaðnir þetta árið. Óður til hinna amerísku jóla, að sögn Björgvins.

„En ég er búinn að halda upp á fertugsafmælið,“ tekur hann fram. „Við héldum sameiginlega upp á fertugsafmælin, ég og konan mín Berglind Ólafsdóttir, því hennar var 28. nóvember og mitt núna 9. desember. Það var svaka veisla. Þetta var náttúrlega áttræðisafmæli og okkur fannst alveg tilvalið að halda það í félagsheimili aldraðra uppi í Hraunbæ 105. Það var æðislega gaman,“ segir hann og lýsir partíinu nánar. „Það kom hópur úr Ellyjarsýningunni og tók lagið. Svo gáfu pabbi og mamma okkur uppistand með Ara Eldjárn í afmælisgjöf. Honum fannst það sniðugt að gefa afmælisgjöf sem ekki væri hægt að skila. Ari sló alveg í gegn. Var alveg hápunkturinn. Svo er ein kona í bænum sem gerir snittur og brauðtertur upp á danska móðinn, hún Guðrún Karólína hjá Smurbrauðsstofu Silju. Hvort tveggja var sko algert listaverk og okkur fannst það líka vel við hæfi að vera með svona mikið af brauðtertum í áttræðisafmælinu!“

Þó svo stórafmælið beri nú upp á laugardag segir Björgvin Franz það bara verða aukagleðning. „Ég verð náttúrulega að vinna eins og alltaf en ég mun hitta vini mína og borða með þeim einhvers konar þakkargjörðarmáltíð. Það verður fínt.“

Björgvin Franz hefur nóg að gera í leikhúsinu. Hann slær í gegn í ýmsum hlutverkum í sýningunni Elly, meðal annars sem Raggi Bjarna. Það er ekkert lát á vinsældum þeirrar sýningar og eflaust fá einhverjir miða á hana í jólagjöf. „Svo er alltaf eitthvað af litlum verkefnum inn á milli hjá mér, fyrir utan að vera fjölskyldufaðir,“ segir hann og er í framhaldinu spurður um barnafjölda á heimilinu. „Við eigum eina dóttur sem er að verða níu ára og svo er önnur sextán. Byrjuðum svolítið snemma í barneignunum og erum glöð með það núna.“

**gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,

**Jóna Fjalldal**

hjúkrunarfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans 7. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju 29. desember klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

**Halldór Arnarson — Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Birgir Örn Arnarson — Kristjana Baldursdóttir**
**Þorvaldur Örn Arnarson — Hólmfríður Björk Pétursdóttir**
**Oddur Fjalldal — Katrín M. Bragadóttir**
**Guðrún Fjalldal — Héðinn Eyjólfsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Baldur Ragnarsson**

rafvirkjameistari,
Vættagili 17, Akureyri,

lést mánudaginn 5. desember. Útförin fer fram í Glerárkirkju 18. desember kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorgerður Fossdal**
**Thelma Baldursdóttir — Friðbjörn Benediktsson**
**Berglind Baldursdóttir — Eiður Magnússon**
**og barnabörn.**



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Sólveig Ástvaldsdóttir**

**Lolley,**
Hjallabraut 33,

lést á hjartadeild Landspítalans 2. desember.

**Drífa Heiðarsdóttir — Jón Helgi Jónsson**
**Ásthildur Heiðarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Okkar ástkæri bróðir og frændi,

**Árni Guðbrandsson**

frá Jörfa í Haukadal í Dalasýslu,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, að morgni 5. desember sl. Útförin fer fram frá kirkjunni á Stóra-Vatnshorni í Haukadal þann 16. desember kl. 14. Aðstandendur þakka starfsfólki á Höfða fyrir einstaka umhyggju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Eyþór H. Ólafsson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hjördís Hjörleifsdóttir**

Stafnaseli 4, Reykjavík,

sem lést 29. nóvember sl. verður jarðsungin frá Seljakirkju þriðjudaginn 12. desember kl. 13.

**Ástþóra Kristinsdóttir — Magnús Eiríksson**
**Anton Á. Kristinsson — Helga Sveinsdóttir**
**Hjörleifur Kristinsson — Bára Hafsteinsdóttir**
**Kristinn Á. Kristinsson — Hrund Grétarsdóttir**
**Hulda S. Kristinsdóttir — Jón Ólafur Jóhannesson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Matthildur Sigurbergsdóttir**

Skólavegi 22, Keflavík,

sem lést fimmtudaginn 23. nóvember, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 11. desember klukkan 13.

**Jón Björgvin Stefánsson**
**Sigurberg Jónsson — Dagbjört Nanna Jónsdóttir**
**Stefán Jónsson — María Sigurðardóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir**
**Ásbjörn Jónsson — Auður Vilhelmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



698
kr. 375 g

**Rjúpa**
Bretland, 375 g, frosin

# BÓNUS ALLRA LANDSMANNA




398
kr. 1 kg

**Taveners Lakkrískonfekt**
1 kg




Aðeins
100kr.
flaskan

598
kr. kippa

**Coka-Cola Kippa**
Gler, 6x250 ml




159
kr. 330 ml

**Egils Malt og Appelsín**
Gler, 330 ml




119
kr. 275 ml

**Egils Appelsín**
Gler, 275 ml




159
kr. 330 ml

**Egils Malt**
Gler, 330 ml




1kg

1.598
kr. 1 kg

**Ungversk Gúllassúpa**
1 kg

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita




1.598
kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg




1l

1.498
kr. 1 l

**Gríms humarsúpa**
Grunnur, 1 lítri

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Metsölubækurnar á betra verði í BÓNUS*

*Samkvæmt verðathugun Fréttablaðsins, 4. des sl.




# Gjafakort Bónus

## VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS






## Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**SKJALDKIRTILL**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L | I | S | T | A | V | E | R | K | A | N | N | A | | S | | Á | | T | |
| A | | É | | Ð | | | | R | | | | F | I | N | N | S | K | A | R |
| N | O | R | Ð | A | U | S | T | A | N | Á | T | T | | E | | T | | U | |
| D | | I | | L | | T | | F | | V | | A | U | R | A | V | A | T | N |
| M | A | N | N | S | K | R | A | T | T | I | N | N | | T | | I | | U | |
| A | | N | | T | | A | | A | | N | | B | L | I | K | N | A | Ð | I |
| N | Í | G | E | R | Í | U | S | V | I | N | D | L | | S | | Á | | U | |
| N | | A | | Æ | | M | | E | | I | | Æ | S | K | U | T | Í | M | A |
| A | | N | Á | T | T | F | Ö | R | I | N | | S | | J | | T | | | R |
| L | | G | | I | | R | | K | | G | | | N | Á | M | U | N | U | M |
| A | R | I | N | S | K | E | R | S | L | I | | | Æ | | J | | Ý | | H |
| U | | N | | | | K | | | E | N | D | A | S | T | Ö | Ð | V | A | R |
| G | A | N | G | B | R | A | U | T | I | N | A | | T | | L | | I | | I |
| A | | | U | | Í | | M | | Ð | | L | Í | F | S | S | Ó | L | I | N |
| R | U | S | L | S | K | Ú | F | F | A | | A | | Y | | E | | L | | G |
| | M | | L | | I | | L | | R | Ú | M | F | R | E | K | | I | | A |
| F | L | O | K | K | S | H | O | L | L | | A | | S | | K | Ó | N | A | R |
| | I | | O | | T | | T | | O | F | N | Ý | T | T | U | | G | | N |
| S | T | Ó | R | Y | R | T | I | | K | | N | | U | | R | Ó | A | Ð | I |
| | I | | N | | Ú | | Ð | | A | T | A | Ð | R | A | | | R | | R |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt upp birtist kvikmynd. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. desember“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Búrið** eftir **Lilju Sigurðardóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ingólfur Karlsson, 110 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Ekki súrir þótt þeir komist ekki á jólamarkað, þvert á móti! (9)
**11** Sá bíræfni snupraði engan fyrirfram (12)
**12** Leikfang stórfljóts markar upphaf Niflungahringsins (9)
**13** Umbúðir ögra þeim sem hörfar (11)
**14** Allra þjóða kvikindi eru fullkomlega íslensk (9)
**15** Kveikjum kuldastraum með þar til gerðum sögum (11)
**16** Hún á þann smæsta sem talað er um (9)
**17** Letrum fliss fyrir það sem grópað er silfri í uppnámi (11)
**23** Frumrölt er sem svaðabrim (10)
**28** Rýna í þvagræsikerfi kroppsins (4)
**29** Þessi velur alltaf rétta bareflið fyrir mig (11)
**30** Þessi málari er á skrá (10)
**31** Fjársjóður dembu og dýrlegs trés en eitraðs (9)
**33** Fullt hús matar fyrir ólofaða sem ekki bítur (8)
**34** Nota mál eðalmálmsins um grafíkverkið (13)
**38** Hæ Sunna, vek ég þessa ringluðu dömu eða þú? (8)
**39** Meindýrið í startaranum er fyrirlitið en vekur þó ótta (11)
**40** Hinn erfiði texti þvældist ekki fyrir óstundvísri (9)
**41** Höfðum það gott, enda sýndi lífið miskunn (6)
**42** Stöðva perúskt afbrigði af búddisma? (7)
**43** Ek vörubíl með verulegu afli (6)

### LÓÐRÉTT

**1** Grefur einkalóð (10)
**2** Töluverður spotti sem allir hafa beðið eftir (10)
**3** Hélt á brúsanum þrátt fyrir allt vælið (9)
**4** Eimaði spíra milli engja fjárbænda (9)
**5** El róg um værukær en fer stafavillt (5)
**6** Stormþráður ber vott um óstöðugleika (8)
**7** Þarf tilvist kærleika að innihalda sex? (8)
**8** Svona skrudda kemst í litla lummu (8)
**9** Draga þau dár að oss með spesíum? (8)
**10** Leiðslur fyrir spjátrung og önd (8)
**15** Skrokkurinn í slagnum var æsandi (15)
**18** Viskí og ákavíti eru frískandi vökvar (8)
**19** Kraftaverk og dauði heilla sumstaðar nýjungagjörn (8)
**20** Greinir að ákveðinn varningur er spes (8)
**21** Þetta stykki er aðskilið öðrum, um það er algjör samstaða (6)
**22** Það er bara rugl að steinn sé íþrótt (6)
**24** Ítölsk skellinaðra með hníf er skaðræðiskvikindi (12)
**25** Erfum ekki skapið við tuddann sem átti besta bitann (12)
**26** Reiður rúmar ekki meiri reiði (12)
**27** Ein neyð hrakti hina í faðm snoðskalla (11)
**32** Ritverk um bróður hans Manna (8)
**35** Röðum drekum og segjum þeim til (6)
**36** Víst var talað um það sem talað var um (6)
**37** Klikkuðu á því sem stungið var á (6)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |

## Skák Gunnar Björnsson



Páll Agnar Þórinsson (2.273) átti leik Erik Ronka (2.287) á EM taflfélaga fyrr í haust.

**Hvítur á leik**

**28. Rxb7! Dxb7 29. Re5! Dc8 30. Rxd7 Rxd7 31. Bd5+ Kh8 32. De6 Ke7 33. De7+ Kh8 34. b5! axb5 35. cxb5 g5 36. b6! Bh5 37. b7 De8 38. Dxe8+ Bxe8 39. Bc6! Rb8 40. Bxe8 1-0.**

Jólaskákæfing TR fer fram í dag. **www.skak.is.** London Chess Classic.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## ÓVERÐSKULDAÐ TAP

Sveit PwC vann yfirburðasigur í parasveitakeppninni sem fram fór um síðustu helgi. Sveit PwC endaði með 197,90 stig en sveitin sem endaði í öðru sæti (Stubbar og slemmur) var með 172,50 stig. Spilarar í sveit PwC voru Ljósbrá Baldursdóttir, Matthías G. Þorvaldsson, Hjördís Sigurjónsdóttir og Kristján Blöndal. Sveitin vann alla leiki í mótinu, utan þess síðasta (sem skipti ekki máli um lokaúrslitin um efsta sætið). Ein af meginástæðum tapsins var þessi ágæta hálfslemma sem Hjördís og Kristján náðu í sögnum í lokaleiknum. Vestur var gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ ÁKD95
♥ Á
♦ 2
♣ ÁD7532

**Vestur**
♠ 2
♥ K83
♦ ÁD1075
♣ G1096

**Austur**
♠ 10643
♥ D10542
♦ G984
♣ -

**Suður**
♠ G87
♥ G976
♦ K63
♣ K84

Hjördís og Kristján sátu í NS í þessu spili. Eftir pass frá vestri opnaði Hjördís á sterku einu laufi (16+) á norðurhöndina með miklu skiptinguna. Hjördís var með á hreinu hvernig hún myndi meðhöndla hana. Kristján svaraði á einu grandi (8+ og jafnskipt hönd) á suðurhöndina, Hjördís sagði 2 ♠, Kristján 4 ♠ og Hjördís stökk einfaldlega í 6 ♣ sem Kristján breytti í 6 ♠. Einfaldar og stílhreinar sagnir fyrir slemmu sem var góð. Hins vegar var 4-0 legan í laufinu sem hnekkti henni. Ekki var sögð slemma á hinu borðinu í leiknum og andstæðingar PwC græddu því óverðskuldað 17 impa á þessu spili.

# GLEÐILEG SPILAJÓL!




## ÉG VEIT!

Hversu margar knattspyrnuhetjur getur þú nefnt?
Hvað þekkir þú margar frægar kvikmyndastjörnur?
Hljómar einfalt en tíminn er naumur...
ÉG VEIT! er stútfullt af skemmtilegum og óvæntum efnisatriðum sem reyna á ímyndunaraflið og hraða spilara.
Til að vinna þarf að hitta á orðin sem talin eru upp á spjöldunum og veðja á getu annarra spilara.




# FRÁBÆR BORÐSPIL
# FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA




## MITT FYRSTA ALIAS

**Mitt fyrsta Alias býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan!**

Getur þú útskýrt orð án þess að nota neinn hluta orðsins? Hugsaðu hvar þú hefur séð hlutinn áður, hversu stór hann er eða hvernig hann lítur út. Það er hægt að skemmta sér og auka orðaforðann í leiðinni.

**Komdu með litríkum persónum í skemmtilegan orðaleik!**



netto

**KOMIN Í VERSLANIR!**

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 279

„Þessi gáta er snúin,“ sagði Kata hugsi.

„Hér stendur, allir fimmhyrningarnir eru þör nema einn. Finndu þann sem er ekki eins og neinn annar.“

„Við reynum samt,“ sagði Lísaloppa. „Auðvitað,“ sagði Kata. „Alltaf að reyna.“




Getur þú fundið hvaða fimmhyrningur er ekki eins og neinn annar?





Finnur Atli Kolbeinsson.

# Cristiano Ronaldo bókin er best

Hann Finnur Atli Kolbeinsson er sex ára gamall og er forfallinn fótboltaáhugamaður, eins og fleiri strákar. En fyrst þetta:

**Í hvaða skóla ertu og hvað finnst þér skemmtilegast að læra þar?** Ég er í Melaskóla og mér finnst skemmtilegast að fara í smiðju, reikna og fara í leiki.

**Ertu í tónlist eða íþróttum eftir skóla – og þá hverjum?** Ég spila fótbolta með KR og svo er ég að læra á píanó.

**Áttu þér uppáhaldslið erlendis?** Manchester United.

**Hvaða fótboltamaður er bestur að þínu mati?** Cristiano Ronaldo, hann var einu sinni í United og það væri betra ef hann væri enn þá þar.

**Ertu byrjaður að æfa jólalög í skólanum eða heima?** Í skólanum og heima. Snæfinnur snjókarl er uppáhaldsjólalagið mitt.

**Hvernig leikföng leikur þú þér mest með?** Fótbolta, ég er alltaf að spila fótbolta.

**Hvaða bók er best?** Cristiano Ronaldo bókin. Þar sést hvað hann borðar hollan mat.

**Hvað gerir þú helst um helgar?** Fer að spila fótbolta með pabba eða leika mér með mömmu.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Fótboltamaður hjá íslenska landsliðinu og Manchester United.

Jólaföndur

## Pappa-piparkökukarlar

Það getur verið skemmtilegt að prófa að skreyta piparkökukarla og -kerlingar á annan máta en með sykurbráð. Á vefsíðunni www.mominspiredlife.com er að finna skemmtilega hugmynd. Nefnilega þá að skreyta piparkökukarla og -kerlingar úr pappa með litríku skrauti.

**Þetta þarf til:**
- Bylgjupappi
- Skæri
- Piparkökukarlamót
- Blýantur
- Lím
- Skrautsteinar
- Tölur
- Skraut sem má nota fyrir augu

**Aðferð:**
**Notið piparkökumót til að strika eftir á brúnan pappa. Best er að hafa hann ekki of þykkan svo það sé léttara verk að klippa eða skera út. Fáið mömmu eða pabba til að hjálpa til. Límið augu, tölur og annað skraut á karlinn.**




**Hér má sjá hvers konar skraut gæti verið sniðugt í föndrið.**

## Lausn á gátunni

SVAR: O

## Jólakvæðið

*Segja vil ég sögu*
*af sveinunum þeim,*
*sem brugðu sér hér forðum*
*á bæina heim.*
*Þeir uppi á fjöllum sáust,*
*– eins og margur veit, –*
*í langri halarófu*
*á leið niður í sveit.*
*Jóhannes úr Kötlum*

*Grýla var þeirra móðir*
*og gaf þeim tröllamjólk,*
*en pabbinn Leppalúði,*
*– það var leiðindafólk.*

*Þeir jólasveinar nefndust,*
*– um jólin birtust þeir.*
*Og einn og einn þeir komu,*
*en aldrei tveir og tveir.*
*Þeir voru þrettán*
*þessir heiðursmenn,*
*sem ekki vildu ónáða*
*allir í senn.*
*Að dyrunum þeir læddust*
*og drógu lokuna úr.*
*Og einna helzt þeir leituðu*
*í eldhús og búr.*
*Lævísir á svipinn*
*þeir leyndust hér og þar,*
*til óknyttanna vísir,*
*ef enginn nærri var.*
*Og eins, þó einhver sæi,*
*var ekki hikað við*
*að hrekkja fólk – og trufla*
*þess heimilisfrið.*



**Þeir fara að tínast af fjöllum í næstu viku, sveinarnir.**

# MIKAEL TORFASON SLÆR Í GEGN

★★★★★

*Mikael er einlægur, opinn og kemur hreint fram í þessari fantagóðu bók! Hann fékk mig til að gráta, hlægja, reiðast og stundum allt í sama kaflanum.*

**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**
**bóksali**

*Virkilega vel skrifuð saga og grípandi. Einlæglega miskunnarlaus en samt svo full af hlýju. Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið sem þarf til að segja svona sögu.*

**Jón Gnarr**

*Efni syndafallsins er mergjað og mannlýsingarnar með. Bók sem heldur lesandanum við efnið frá upphafi til enda.*

**Steinunn Sigurðardóttir**

*Það sem er svo heillandi við frásögnina er hvað hún er hreinskilin og heiðarleg.*

**Marta María Jónasdóttir**

*Stórkostlega skrifuð bók.*

**Sigmundur Ernir Rúnarsson**

★★★★★

*Bókin er afar falleg og manni þykir ósjálfrátt vænt um hana. Og efnið svíkur svo sannarlega ekki.*

**Reynir Traustason**
**Stundin**

★★★★

*Syndafallið er í senn kraftmikið uppgjör og einlæg ástarjátning höfundar til breyskra en afar forvitnilegra persóna.*

**Magnús Guðmundsson**
**Fréttablaðið**

1. SÆTI
AÐALBÓKSÖLULISTINN
– ÆVISÖGUR –

*Bókin er svo góð … maður eiginlega bara klappar fyrir höfundinum.*

**Kolbrún Bergþórsdóttir**
**Kiljan Rúv**

★★★★½

*Skelfileg en falleg saga, full af sársauka og átökum, elskusemi og æðruleysi. Sagan sem Mikael er að segja okkur er mikilvæg og hana ættu allir að lesa.*

**Hildigunnur Þráinsdóttir**
**Morgunblaðið**

*Syndafallið er áleitin saga föður höfundar, falleg og nærgöngul þannig að lesandinn sogast inn í skrautlega en elskulega fjölskyldusögu sem lætur engan ósnortinn. Saga um að skilja og elska fjölbreytileikann.*

**Katrín Jakobsdóttir**

*Saga um dauða full af lífskrafti, ást og mögnuðum mannlýsingum. Stundum er lífið mesti skáldskapurinn og þessi saga er vitnisburður um það.*

**Auður Jónsdóttir**

*Frásögnin smýgur gegnum merg og bein. Hún er ógnandi og fögur í senn.*

**Vigdís Grímsdóttir**

*Með því besta og fallegasta sem ég hef lesið lengi.*

**Thelma Ásdísardóttir**

*Þetta er stórkostleg bók.*

**Frosti Logason**
**Harmageddon**






VINSÆLASTA ÆVISAGAN

Sögur ÚTGÁFA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðvestan 8-15 m/s austan til á landinu í dag, en hægari vindur um landið vestanvert. Skýjað og úrkomulítið um landið norðaustanvert, en léttir til í öðrum landshlutum. Kalt í veðri.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 5° | Oslo 3° | Stokkhólmur 3° | Gautaborg 6° | Helsinki 3° | Þórshöfn 1° | Nuuk 2° |
| London 3° | Amsterdam 4° | París 5° | Berlín 4° | Madríd 12° | Brussel 3° | Róm 11° |
| Boston 1° | New York 0° | Orlando 15° | Moskva 0° | Singapúr 26° | Tókýó 3° | Sydney 17° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↙6 | -2° ←4 | 2° ↖17 | 2° ↖1 | 1° ↖2 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -7° ↑2 | -7° ↑2 | -4° ↖7 | -3° ←4 | -6° ↖4 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↘7 | -6° ↘2 | -4° ↖3 | -4° ↑2 | -5° ↓1 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↘13 | -2° ↘9 | -4° ↑2 | -2° ↙2 | -5° ↘4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↓8 | -4° ↓6 | -0° ←7 | 0° ↙8 | -3° ↘6 |

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012-2015

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is




Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á bros.is

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhönnun ehf

# nettó




**VEFURINN**
MAGNÚS ÞÓR HELGASON
**3.849** KR STK




**ÞAÐ SEM DVELUR Í ÞÖGNINNI**
ÁSTA KRISTRÚN RAGNARSDÓTTIR
**4.549** KR STK




**ÚTKALL - REIÐARSLAG Í EYJUM**
ÓTTAR SVEINSSON
**4.549** KR STK




**GATIÐ**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**4.199** KR STK




**BJÓR & VÍN**
**4.499** KR STK




**RÖKKURSÖGUR**
DISNEY SÖGUSAFN
**2.659** KR STK




**GUNNAR BIRGISSON ÆVISAGA**
ORRI PÁLL ORMARSSON
**4.949** KR STK




**SAKRAMENTIÐ**
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
**4.199** KR STK




**MISTUR**
RAGNAR JÓNASSON
**4.199** KR STK




**RÚNA - ÖRLAGASAGA**
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**4.619** KR STK

**Tilboðin gilda 9. - 10. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss



Félagar í Mótettukórnum lögðu hugmyndir í púkk sem Hörður valdi úr.

# Óskalög Mótettukórsins

Stemningin verður hátíðleg í jólaskreyttri Hallgrímskirkju um helgina," segir Katrín Sverrisdóttir, nýr formaður Mótettukórs Hallgrímskirkju, en hinir árlegu jólatónleikar kórsins verða haldnir í dag klukkan 17 og aftur á morgun á sama tíma. Einsöngvari er Elmar Gilbertsson tenór, Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel og Hörður Áskelsson stjórnar.

Yfirskriftin að þessu sinni er O magnum mysterium eða Hið mikla undur. Efnisskráin endurspeglar það. Þar eru ýmsar jólalagaperlur sem Katrín segir langt síðan kórinn hafi sungið.

„Við gerðum þetta þannig núna að kórfélagar máttu koma með sín óskalög, hugmyndir og tillögur. Svo var valið úr þeim, Hörður hafði umsjón með því. Við ákváðum líka að biðja hann Elmar að vera með okkur, hann hefur gert það áður. Bæði syngur hann með okkur nokkur lög, eða öllu heldur við með honum því hann er þar í aðalhlutverki en við tökum undir í viðlögunum, og svo syngur hann líka einn." **– gun**

# Samfélagsrýni sem saknar snerpu og stíls

**BÆKUR**

**Perlan: Meint skinkuvæðing íslensku kvenþjóðarinnar í kjölfar efnahagshrunsins**

★★★☆☆

**Birna Anna Björnsdóttir**
**Útgefandi:** Bjartur
**Kápa:** Ragnar Helgi Ólafsson
**Prentun:** Bookwell Digital, Finnlandi
215 blaðsíður

Það voru undarlegir tímar sem tóku við á Íslandi í kjölfar efnahagshrunsins. Það var spenna í andrúmsloftinu enda voru það ekki aðeins bankarnir sem hrundu heldur ekki síður hin karllæga hugmyndafræði um að græða á daginn og grilla kvöldin. Gildismat sem setur peninga öllu ofar í samfélagi þar sem allt er réttlætanlegt í krafti þess að græða meiri pening án tillits til mögulegra afleiðinga þess fyrir aðra.

Þetta er andrúmsloftið sem ríkir á Íslandi þegar Perla, aðalpersóna skáldsögunnar Perlan: Meint skinkuvæðing íslensku kvenþjóðarinnar í kjölfar efnahagshrunsins, ákveður að taka sig upp í kjölfar sambandsslita og flytja til New York. Perla flytur að einhverju leyti þennan þankagang með sér en þegar spariféð þrýtur við NY dvölina grípur hún til þess ráðs að reyna að slá í gegn sem lífsstílsbloggari. Lífsstíllinn gengur aðallega út á næturlífið og Perla slær auðvitað ekki í gegn í stórborginni en verður þó að skemmti- og afþreyingarefni fyrir íslenska fjölmiðla um nokkurt skeið. Þegar nafn Perlu dúkkar upp að nýju einhverjum árum síðar, en þá á vitnalista í tengslum við stríðsglæpi eftir áralanga þögn, kviknar áhugi fjölmiðla að nýju sem leiðir til þess að Perla þarf að skoða fortíðina.




Þessi flétta er skemmtileg hugmynd þar sem hún gefur færi á því að skoða ákveðinn hugmyndaheim, bæði einstaklings og samfélags, á gjörólíkum tímum þó ekki líði nema örfá ár þar á milli. Rannsóknin sem Birna Anna leggst í innan þessarar sögu er forvitnileg femínísk könnun á samfélagi þar sem konur eru léttvægt viðfang fjölmiðla og samfélagsmiðla. Könnun á eðli þessa samfélags, valdastrúktúr og verðmætamati og þessi skoðun er um margt afar forvitnileg lesning. Það er í raun þannig að þessi samfélagslega skoðun er sterkasti þáttur bókarinnar því þar koma fram ýmsar spurningar varðandi stöðu kvenna í nútíma samfélagi, hugmyndir samfélagsins um þær og þannig mætti áfram telja. Allt pælingar sem tala beint inn í samtíma okkar, ekki síst út frá umræðunni um stöðu kvenna sem hefur vonandi ekki farið fram hjá nokkurri hugsandi manneskju síðustu misserin.

En það er vandratað á milli þessara samfélagslegu pælinga og að skapa á sama tíma sterkt og gott bókmenntaverk. Þar hefði höfundi getað tekist betur upp því það eru ákveðnir gallar á verkinu í bókmenntalegu tilliti. Frásögnin er á stundum helst til langdregin og hefði öll mátt vera í senn þéttari og léttari. Rétt eins og stíllinn sem skortir dálítið upp á snerpu og lipurð. Það er alls ekki svo að þetta sé alslæmt – langt frá því en tilfinningin við lesturinn segir manni að þetta sé kannski helst spurning um þjálfun sem kæmi til með að efla stílfærni og snerpu. Vandinn er að hugmyndafræðileg nálgun er nefnilega dálítið öðruvísi, sem er vissulega jákvætt því fjölbreytnin er af hinu góða, en það þarf að gæta að textanum sjálfum. Ef höfundur nær að framleiða betri bókmenntatexta þá mun hugmyndafræðin skila sér enn betur.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Hugmyndafræðilega forvitnilegt verk sem hefði notið góðs af þéttari frásögn og snarpari stíl.




AÐEINS Í HALLARMÚLA
ÝMIS GÓÐ TILBOÐ AF FLOTTUM VÖRUM
25% AFSLÁTTUR
BLEK & DUFT
BLEKIÐ ER Í PENNANUM
ÖLL PÚSLUSPIL
BLEKSPRAUTUPAPPÍR
30% afsláttur
Borðspil - Beint í mark
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-
40% afsláttur
30% afsláttur
ÖLL JÓLAKORT
40% afsláttur
ALLIR STAEDTLER LITIR
40% afsláttur
ALLAR BARNABÆKUR
25% afsláttur
Pelikan PENNAR
ALLT UTAN UM JÓLAPAKKANN
50% afsláttur
ALLAR HANDFARANGURSTÖSKUR
30% afsláttur
30% afsláttur
MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!
OPIÐ UM HELGINA í HALLARMÚLA!
OPIÐ LAU: 10:00 - 17:00
OPIP SUN: 13:00 - 17:00
Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Tilboð og vildartilboð gilda einungis í verslun okkar Hallarmúla 2. Gildistími tilboðsverða er til og með 10. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.






„Í kennslunni hef ég alltaf lagt meiri áherslu á það hagnýta en fræðilega,“ segir Halldór. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Ekkert yfirnáttúrlegt – bara praktískt atriði

**Í bókinni Þá er ástæða til að hlæja er skyggnst inn í líf Halldórs Haraldssonar píanóleikara. Fyrstu tilsögn í spilamennsku fékk hann hjá móður sinni, fór fljótt að spila eftir eyranu og vildi síður læra nótur en móðirin var ströng og gaf sig ekki.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Þegar Halldór Haraldsson píanóleikari er plataður í viðtal um nýju bókina sem Jónas Sen, kollegi hans, ritaði er hann fyrst spurður út í titilinn. Þá er ástæða til að hlæja. Hvernig skyldi hann tilkominn? „Þetta er síðasta setningin í bókinni,“ segir Halldór. „Mín hugmynd var að hafa titilinn Þetta er praktískt atriði. Það kom mér nefnilega á óvart þegar nemendur í Listaháskólanum voru spurðir á skemmtun hvað kennarar þeirra segðu oftast og einn nemandi minn svaraði: Þetta er praktískt atriði. En í kennslunni hef ég alltaf lagt meiri áherslu á það hagnýta en fræðilega. Fólkinu sem stendur að bókinni með mér fannst þessi titilhugmynd of prívat og sagði að enginn mundi skilja samhengið. En bókin byrjar á fyrstu minningu minni frá því þegar ég var þriggja ára, sitjandi hlæjandi í sófa í stofunni og síðasta setningin er tilvísun í hana. Enda er húmor í bókinni.“

Það passar. Margar skemmtilegar sögur eru í bókinni, frásagnir af ferðalögum, fjölskyldunni og öðru samferðafólki og auðvitað tónlistarferlinum. Halldór lýsir líka erfiðum stundum í lífinu, sorglegum systurmissi og sviplegu andláti föður.

**EN BÓKIN BYRJAR Á FYRSTU MINNINGU MINNI FRÁ ÞVÍ ÞEGAR ÉG VAR ÞRIGGJA ÁRA, SITJANDI HLÆJANDI Í SÓFA Í STOFUNNI OG SÍÐASTA SETNINGIN ER TILVÍSUN Í HANA. ENDA ER HÚMOR Í BÓKINNI.**

Andleg leit hans gengur líka eins og rauður þráður gegnum bókina. Hann hefur verið óþreytandi að efla vitundina enda segir hann tónverk oft sprottin úr vangaveltum um huldar víddir tilverunnar. Hann hrífst meðal annars af kenningum heimspekingsins Krishnamurti. Á vorin þegar prófin voru búin kveðst hann hafa lesið rit hans og líkir því við að fara í ískalt sturtubað. „Krishnamurti tekur burt alla köngulóarvefi og er ögrandi, ég er ekki alltaf sammála honum en það er tært vatn sem hann býður upp á. Hann er einn þeirra höfunda sem ég hef lesið en er ekki allsráðandi á neinn hátt.“

Bók eftir Yogi Ramacharaka hafði líka sterk áhrif á hann, í henni er kafli um hvernig tónlistarmaður getur búið sig undir að koma fram. „Á lokatónleikum í skólanum var ég pikknervus að vanda en notaði aðferðir sem bent var á í bókinni og þegar ég settist við hljóðfærið var ég alveg pollrólegur. Ég hef kennt nemendum mínum aðferðina þegar þeir fara í lokapróf og hún virkar alltaf vel. Þetta er ekkert yfirnáttúrlegt, bara praktískt atriði!“ segir Halldór sem um tíma var formaður Guðspekifélags Íslands. Tekur fram að fólk geti verið andlega sinnað án þess að það tengist trúarbrögðum en hann hafi enga fordóma gagnvart þeim.

Víða hefur Halldór komið við á ferli sínum sem píanóleikari og nemendur hans skipta hundruðum. „Það koma enn til mín nemendur sem eru að fást við einstök verkefni. Ég hef gaman af því en ég er hættur að koma fram. Spilaði þó upptökur nýlega. Síðast lék ég opinberlega í Finnlandi 2005.“

Halldór er hamingjumaður í einkalífinu. Stóru ástinni, henni Sue, sem er hjúkrunarkona, gaf hann fyrst gaum á neðanjarðarlestarstöð í London þar sem hún var á leið í djassklúbbinn og fyrsti kossinn átti sér stað í skoðunarferð að Windsorkastala. Það var töfrastund. Halldór er svo heppinn að Sue heillaðist af Íslandi og var fús til að setjast hér að. „Þó raddir heyrðust um að millilandahjónabönd lukkuðust sjaldnast létum við það ekki á okkur fá,“ segir hann. „Síðar komst ég að því að af þeim karlkyns bekkjarfélögum sem útskrifuðust sama ár og ég úr Menntaskólanum í Reykjavík hafi 24 gifst erlendum konum, þannig að við vorum ekkert ein á báti.“

## Kafli úr Þá er ástæða til að hlæja Kenderí í Köben

Tveim árum eftir að við Gunnar Kvaran og Guðný Guðmundsdóttir hófum formlegt tónleikahald undir nafni Tríós Reykjavíkur kom að því að við færum út fyrir landsteinana. Gunnar hafði búið svo lengi í Danmörku og þekkti þar marga leiðandi tónlistarmenn. Hann og Guðný skipulögðu ferðir okkar þangað næstu árin. Fyrsta ferðin okkar var síðla í nóvember 1990. Upphafstónleikar okkar voru í Sorgenfrikirkju í Kaupmannahöfn, en tveim dögum síðar áttum við að halda tónleika á vegum Natmandsforeningen í Konunglega danska tónlistarháskólanum.

Kvöldið áður var mér boðið í kvöldverð hjá Rönku frænku (sem lánaði mér grammófóninn sinn á sínum tíma) og Einari verkfræðingi, eiginmanni hennar. Við höfðum þá ekki sést í nokkur ár og þau höfðu frá mörgu að segja; þau höfðu m.a. verið í Afríku og Sádi-Arabíu. Þar sem kalt var úti buðu þau mér upp á Gammel Dansk. Með ljúffengri máltíð var forláta vín. Svo var áfram veitt vín og sagðar spennandi sögur í löngum runum. Glasið fylltist jafnóðum og það tæmdist. Þannig leið tíminn uns klukkan var orðin þrjú eftir miðnætti. Ég var þá farinn að finna vel á mér svo ekki var um annað að ræða en að gista hjá Rönku.

Planið var að taka lest snemma um morguninn og vera kominn í morgunverð í tæka tíð þar sem við í Tríóinu höfðum samanstað. Það var í stórri villu hjá gömlum vinkonum Gunnars, Ingeborg og Johanne, í Hillerød fyrir norðan



Tríó Reykjavíkur; Guðný Guðmundsdóttir, Halldór Haraldsson og Gunnar Kvaran.

Kaupmannahöfn rétt hjá Friðriksborgarhöll. Ingeborg var nærri níræð og hafði verið í frönsku andspyrnuhreyfingunni í París í síðari heimsstyrjöld og lærður kokkur af franska skólanum. Systir hennar, Johanne, var vel yfir nírætt.

Þar sem Ingeborg var svona fær kokkur vissi ég að morgunverðurinn sem Ingeborg bauð upp á gaf Babettes gæstebud hennar Karen Blixen ekkert eftir. Það var því til mikils að hlakka á meðan ég ferðaðist í lest frá Rönku og Einari.

Ég misreiknaði mig þó í einu: Snemma morguns var fólk á leið í vinnu og því tafðist ég svo mikið að Gunnar, Guðný og systurnar voru farin að óttast um mig. Er ég loksins birtist á tröppunum leit ég skuggalega út, grár og svo þunnur að sjá hefði mátt gegnum mig, sagði Gunnar mér síðar. Ég kvaðst ætla að æfa mig eftir morgunverð, en ekki varð mikið úr því, svo ég lagði mig. Gunnari og Guðnýju leist eðlilega ekkert á blikuna og sögðu bara: „Sjáumst í Konservatoríinu í kvöld.“ Þau signdu sig örugglega þegar ég sá ekki til.

Ég rataði í Konservatoríið um kvöldið fyrir tónleikana, enda hafði ég komið þangað áður og haldið þar tónleika. Á þessum tímapunkti var ég ekki alveg klár á því hvað þessi Natmandsforening sem stóð fyrir tónleikunum var. Líklega var það einhver klúbbur. En þegar ég var kominn upp baksviðs og sá hverjir voru þar nærstaddir, varð mér ljóst að þarna var saman komin elítan í dönsku tónlistarlífi; ég sá ýmsa þekkta prófessora við Tónlistarháskólann. Mér féll allur ketill í eld.

Við Gunnar og Guðný sögðum ekki orð er við hittumst, litum bara hvert á annað og hugsuðum: „Nú er að duga eða drepast.“ Það merkilega gerðist að við höfðum aldrei leikið eins vel. Við urðum að sanna okkur. Á efnisskrá var ekkert smáræði: Tríóið í a-moll eftir Ravel, eitt af erfiðustu píanótríóum í kammertónlist og Tríó í H-dúr op. 8 eftir Brahms, annað stórverk.

Leik okkar var svo vel tekið að allir áheyrendur stóðu upp og klöppuðu okkur lof í lófa. Á ensku er það kallað Standing ovation. Þetta kvöld gáfum við Gunnar Guðnýju nýtt nafn: SO, Standing ovation, en við skírðum okkur sjálfa BB, þ.e. Bakkabræður. Við hlið hennar vorum við óttalegir trúðar!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á VEFSÍÐUNNI OKKAR
www.skornirthinir.is

ÖRUGG SKREF ÚT Í LÍFIÐ

í fyrstu skónum frá Biomecanics



Biomecanics-skórnir auðvelda börnum að taka fyrstu skrefin. Aukinn stuðningur frá hliðunum bætir jafnvægi og eykur stöðugleika. Börnin komast auðveldar áfram og af meira öryggi þökk sé sveigjanlegum sóla og sérstyrktri tá.



biomecanics

Stærðir: 18–24
Verð: **7.995**
Margir litir

skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 HÆÐ




SUGARBEARHAIR
www.regalo.is



Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Sugarbearhair hárvitamin sem styrkir hár, húð og neglur

Ég er björn sem elskar hár
Dökkt, ljóst, brúnt, rautt og alla liti þar á milli

Ég elska allar hárgerðir

Ég ákvað að búa til vítamín fyrir þig upp úr alvöru berjum svo þú munir eftir því að taka það á hverjum degi

Ég gerði vítamínið líka krúttlegt og sætt, eins og ég er sjálfur

Þú finnur allt um mig og útsölustaði á www.regalo.is

Vegetarian * Cruelty free * Soy free * Gluten free * Dairy free * Gelatin free




Regalofagmenn







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. (1 (SUN)) - 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20 | 6 |
| DADDY'S HOME 2 VIP | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 | VIP |
| COCO ÍSL TAL | KL. 12 - 1 - (2:20 (LAU)) - 2:40 (SUN)) - 3:40 - 5:20 - 6:20 | L |
| COCO ENSKT TAL | KL. (12 (LAU)) - 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| JUSTICE LEAGUE 2D VIP | KL. 10:20 | VIP |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. (12 (LAU)) (12:20 (SUN)) | L |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. (1 (LAU)) (11 (SUN)) | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE DISASTER ARTIST | KL. 10:20 (LAU) | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 1 - 2:30 - 3:40 - 6:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 2:30 - 5:20 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:20 - 8 - (10:30 (SUN)) | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 2 - 2:40 - 4:40 - 5:20 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 12 - 1:30 - 2 - 2:40 - 5:15 | L |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:10 - 7:45 - 10:20 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 7:45 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 12 (LAU)) | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 2 - 4:40 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR.950


# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 9. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Það verður hátíðleg jólastemming í fallega skreyttri Hallgrímskirkju um helgina en hinir árlegu jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju eru haldnir laugardaginn 9. desember kl. 17 og aftur sunnudaginn 10. desember á sama tíma. Yfirskrift tónleikanna að þessu sinni er „O magnum mysterium“ eða „Hið mikla undur“. Efnisskráin endurspeglar þetta hjartnæma viðfangsefni og má þar finna hugljúfa blöndu af klassískum jólalögum eftir Adam, Eccard, o.fl., gleðileg endurreisnarverk eftir Victoria og Sweelinck og yndisfögur kórverk frá 20. öld eftir Lauridsen, Poulenc, Whitacre o.fl.



**Mótettukórinn heldur árlega jólatónleika um helgina.**

**Hvað?** amiina heldur kvikmyndatónleika
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla Nýlistasafnið, Skúlagötu 28
KEX Hostel og amiina kynna kvikmyndatónleika þar sem saman fara kvikmyndin Juve contre Fantômas (1913) og lifandi tónlist hljómsveitarinnar amiinu. Tónleikarnir eru á jarðhæðinni á Skúlagötu 28 (Gamla nýlistasafnið undir Kexi Hosteli).



**amiina heldur kvikmyndatónleika þar sem saman fara kvikmyndin Juve contre Fantômas (1913) og tónlist hljómsveitarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Viðburðir

**Hvað?** Jólamarkaður HAF Store
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** HAF store, Geirsgötu
Jólamarkaður með fallegri hönnunarvöru frá HAF Studio og










fallegum erlendum merkjum. Gestir geta fengið forsmekk af því hvernig verslunin HAF Store, sem verður opnuð á næsta ári, mun líta út. Boðið verður upp á ljúfa tóna og jólaglögg.

**Hvað?** Jólaskógurinn í Mosó opnaður
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hamrahlíð, Mosfellsbæ
Laugardaginn 9. desember kl. 13 hefst árleg jólatrjáasala Skógræktarfélags Mosfellsbæjar í Hamrahlíð við Vesturlandsveg. Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, mun höggva fyrsta tréð sem að þessu sinni verður gefið til Arnarskóla sem nýverið hóf starfsemi í bæjarfélaginu. Arnarskóli er skólaþjónusta fyrir börn með fjölþættar fatlanir.

**Hvað?** Jólasveinar stelast í bæinn
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Jólaþorpið Hafnarfirði
Jólasveinar verða á vappi í jólaþorpinu, barnakór Víðistaðakirkju syngur jólalög, Bettína verður á ferli með hestvagninn sinn og Gilitrutt og Rauðhetta skemmta kl. 15.

**Hvað?** Gong-slökun í Listasafni Íslands
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Gong-slökun er mjög eflandi og nærandi upplifun sem opnar fyrir flæðið innra með okkur. Í annríkinu sem einkennir nútímalíf er lífsnauðsynlegt að kunna listina að slaka á.

## Sunnudagur

### Tónlist

**Hvað?** Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja

**Hvað?** Aðventutónleikar Söngfjelagsins
**Hvenær?** 16.00 og 20.00
**Hvar?** Langholtskirkja
Aðventutónleikar Söngfjelagsins undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar verða haldnir í sjöunda sinn sunnudaginn 10. desember í Langholtskirkju. Þema tónleikanna í ár, líkt og sl. tvö ár, er írsk og keltnesk jólatónlist í bland við íslenska jólatónlist, sem sérstaklega hefur verið samin fyrir Söngfjelagið. Frumflutt verður Jólalag Söngfjelagsins 2017, Himinn yfir, eftir Daníel Þorsteinsson við ljóð Stefáns frá Hvítadal. Tónleikarnir eru tvennir; hinir fyrri eru kl. 16 og þeir seinni kl. 20.

### Viðburðir

**Hvað?** Jólaball með Gilitrutt og Hróa hetti
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Jólaþorpið Hafnarfirði
Gilitrutt og Hrói höttur stýra jólaballi af sinni alkunnu snilld.

